

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
GAMLI HEIMURINN	3
NÝI HEIMURINN	12
REVÍAN	21
TANGÓ	23
ÍSLAND – LÍFIÐ VIÐ STRÖNDINA	29
GLÆSTAR VONIR ÞRIÐJA ÁRATUGARINS	32
AFTUR TIL EVRÓPU – SÖNGFLOKKAR	37
HEIMSKREPPA FJÓRÐA ÁRATUGARINS	41
SÍÐARI HEIMSSTYRJÖLDIN 1939-1945	44
EFTIRSTRÍÐSÁRIN Á ÍSLANDI	47
TÓNLIST Á KÚBU	55
NIÐURLAG	59
LISTI YFIR HLUSTUNAREFNI	73

INNGANGUR

Tónlist er margslungið fyrirbæri og teygir anga sína víða. Nefna má skapandi hugsun, tjáningu tilfinninga, list, listmeðferð, samhæfingu hugar og handa, stærðfræði, vísindi, samskipti fólks og síðast en ekki síst samruna ólíkra hugmynda. Því ósjaldan sækja skapandi listir styrk sinn í samspil ólíkra menningarheima. Þess vegna eru nýjungar í listum oft afsprengi fjölmennningar. Þannig hefur það verið frá fornu fari, allt frá dögum Mósebóka og Íslendingasagna. Þar sem helstu straumar Evrópumennningarinnar mættust varð Vínartónlistin til. Þá mótuðu landnemasamfélög Ameríku í deiglu sinni þá tónlist sem mestan svip setti á 20. öldina. Þar af leiðandi á hið fjölmenningarlega samhengi tónlistarsögunnar fullt erindi til samtímans. Ekki síst á tímum sem einkennast af meiri fólksflutningum en áður hafa þekkt og enginn sér fyrir endann á.

Tónlist getur einnig verið tískufyrirbæri. Hugtakið dægurlag er t.a.m. notað yfir lag sem um tíma nýtur almannahylli, er yfirleitt vel danshæft og auðgripið, en gleymist fljótlega eftir að það skaut upp kollinum (Íslensk orðabók). Dægurmenningin tekur stöðugum breytingum og hver kynslóð ungmenna hefur sinn sérstaka tón, tungutak og stíl. Einnig þá flytjendur sem tekst öðrum betur að fanga tíðarandann og tjá þennan tón. Sigurður Einarsson, skáld og prestur, oft kenndur við Holt undir Eyjafjöllum komst svo að orði í *Vísunni um dægurlagið* (þjóðhátíðarlag Vestmannaeyja árið 1954):

Þú hittir djúpan, dreyminn tón
sem dulinn býr í fólksins sál,
og okkar hversdags gleði og grát
þú gefur söngsins væng og mál.

Námsefnið *Dægurspor* samanstendur af nemendabók, hlustunarefni, kennaraleiðbeiningum og verkefnum á vef. Eins og nafnið gefur til kynna, er viðfangsefnið einkum dægurtónlist, fyrirbæri sem oftast en ekki lýtur sömu lögmálum og önnur hefðbundin tónlist. Þar eru laglínur, hljómagangur, hrynur, form, tónblær, styrkleikabreytingar og hraði. Yfirleitt gefst kennurum vel að nýta sér snertifleti ólíkra tónlistarstíla. Almennt mælir höfundur með blönduðum kennsluháttum, söng, hljóðfæraleik, hlustun, greiningu og notkun myndefnis. Jafnframt þarf að huga að lestri. Gott er að lesa saman kaflana í bókinni. Þannig auka nemendur þekkingu sína, læra að koma fyrir sig orði og rökstyðja skoðun sína. Lestur er hluti af því að vera virkur þjóðfélagsþegn og geta tekið sjálfstæða ákvörðun.

Námsgreinin tónmennt reynir á marga þætti mannlegrar hæfni. Nefna má andlegar þarfir svo sem hugsanir, tilfinningar og sjálfsvitund. Einnig félagslega þætti, t.d. aga, samskipti og samvinnu. Þá faglega þætti, s.s. verklagni, vinnubrögð, meðferð hljóðfæra og raddbeitingu. Þá er í tónlist fólgin sú menning sem gengur í arf frá einni kynslóð til annarrar. Kennarar þurfa því svigrúm til fjölbreytilegra kennsluhátta. Hvorki má skammta þeim of lítinn tíma né hafa nemendahópa of fjölmenna. Vel má hugsa sér að nota *Dægurspor* samhliða öðru efni og í ýmsum aldurshópum. Einnig í tengslum við aðrar námsgreinar, t.d. mannkynssögu, Íslandssögu, listasögu og sögu kvenna.

Til þess að námsefnið komi að fullu gagni þurfa kennarar gefa sér tíma til að kynna sér það. Munið að Róm var ekki byggð á einum degi.

G. F. Handel
(1685-1759)


Andante



Dansinn *sarabande* eða *zarabanda* var fyrst nefndur til sögunnar í nýlendum Spánverja í Mið-Ameríku á 16. öld og þótti djarfur. Hann naut mikilla vinsælda og barst til Spánar á 17. öld. Þaðan til Ítalíu og Frakklands þar sem hann tók stakkarskiptum og varð að hægum og virðulegum hirðdansi. Sarabande er algeng í svítum barokktímans, t.d. hjá Johann Sebastian Bach.

Ítarefni: Sýnið atriði úr kvikmyndinni *Barry Lyndon* eftir Stanley Kubrick sé þess kostur. Gerið nemendum grein fyrir því, að ekki standi til að sýna heila kvikmynd, heldur einungis nokkur atriði sem varpað geta ljósi á ákveðið tímabil. Kvikmynd þessi geymir margan gullmolann. Sögusviðið er Evrópa 18. aldar. Aðalpersónan tekur þátt í sjö ára stríðinu (1756-1763). Það hófst sama ár og Mozart fæddist og María Theresa komst til valda í Austurríki. Tökustaðir, senur og búningar taka mið af málverkum þessara ára. Kubrick lét í því skyni smíða sérstakar linsur og notaðist eingöngu við náttúrulega birtu. Þetta býður upp á samstarf við myndmenntarkennara.

Tónlistin er vel valin. Aðalstef myndarinnar er *Sarabande* eftir Händel (dæmi 2 og umfjöllun hér að framan). Einnig má sjá og heyra trommuslátt, hergöngulög, sveitadans, þverflaututónlist eftir Friðrik mikla (Friðrik II. Prússakeisara) og fleira. **Athugið, að fáein atriði eru ekki við barna hæfi.** En myndin dregur upp mjög skýra mynd af tísku og tíðaranda 18. aldar.



4. atriði: *Troops in review* (British Grenadiers), gamall hermannamars.

5. atriði: *Country dance* (Piper Maggot's Jig). Hvernig bera dansararnir sig að? Para þeir sig saman? Taka þeir upp hald eins og það er kallað? Er dansað á nakinni jörðinni, danspalli eða hallargólfi?

37. atriði: Hirðhljómsveit leikur. Takið eftir sembalnum, gömlu þverflautunni og öllum hárkollunum! Atriðið er augljós tilvitnun í þekkt málverk af Friðriki mikla Prússakonungi þar sem hann leikur á þverflautu. (Leitarorð á netinu: Friedrich der grosse Flute concerto). Þess má geta, að Friðrik mikli og María Theresa voru svarnir fjandmenn. Johann Sebastian Bach hitti Friðrik mikla og undrabarnið Mozart lék listir sínar fyrir Maríu Theresu. Jósef II, sonur hennar er meðal persóna kvikmyndarinnar *Amadeus*.

EVROPSK BORGARASTÉTT OG MENNINGARLÍF BORGARANNA - Nemendabók bls. 5-6.

Hver var staða konunnar á þessum tíma? Til hvers var ætlast af börnunum? Hvert var hlutverk tónlistar á heimilum fólks? Hvað hefur breyst? Hver voru helstu hljóðfærin á heimilum?

- Sjá verkefni á vef síða 4.

LIFANDI TÓNLIST - Nemendabók bls. 6-7.

- Sjá verkefni síða 7.

Hlustun og hljóðfæraleikur eftir nótum: Hér er minnst á tvö tónskáld, Johann Strauss eldri og Jacques Offenbach. Sá franski kemur síðar við sögu (sjá Fallega tímabilið nemendabók bls. 14). Leikið stafið úr Radetzky-marsinum fyrir bekkinn eftir nótonum aftur í þessum kafla. Farið vandlega yfir hrynnæfingu á bls. 7 í nemendabók. Æfið saman laglínu og hrynn, fyrst rólega, síðan hraðar (athugið að nemendur hefja fyrst leik í takti 5), þegar stafið hefst. Einnig má láta nægja að leika púls með tóndæminu.

Hlustun: Hlýðið í framhaldi af þessu á Radetzky-marsinn í hlustunarefninu (lag 4).

Sjá einnig: <https://www.youtube.com/watch?v=poJYW6tKRkI>

Fleiri hrynnæfingar og þrástef koma fyrir í kaflanum *Skært lúðrar hljóma* aftur í þessu efni.

Radetzky march

Johan Strauss (eldri)

5

RÓMANTÍSKA STEFNAN - Nemendabók bls. 8.

Hlustun: *Nocturne* opus 9, númer 2, (Næturljóð) eftir Frederich Chopin (lag 5).


Kaflinn skýrir merkingu orðins rómantík í listasögunni. Hún er allt önnur en dagleg merking orðsins. Hljóðið á Næturljóð Chopins og leyfið nemendum að beita ímyndunaraflinu til að „komast burt úr gráum hversdagsleikanum inn í ímyndaða eða tilbúna veröld þar sem allt er fallegt“, eins og segir í nemendabók. Notið setningar úr textanum til að örva sköpunargleði nemenda. Festið á blað, t.d. í formi myndar. Sjá bók Námsgagnastofnunar, *Listasaga frá hellalist til 1900*. 18. kafli, bls. 60 fjallar um rómantík. Hér mætti fá myndmenntarkennara í lið með sér.

Lýsingarorðin apolonskt og díónýsískt vísa til heimspeki- og bókmenntahugtaka byggðra á grískri goðafræði. Apollon (Apolló) er guð sólar, skáldskapar, tónlistar, spádóma og lækninga og ímynd karllegrar fegurðar. Einnig guð skynsamlegrar hugsunar og reglu, varfærni og hreinleika. Vínguðinn Díónýsus er á hinn bóginn guð örökvísi og óreiðu, óbeislaðra tilfinninga og eðlishvatar.

VALS – Nemendabók bls. 9.

Ræðið um dans. Hafa nemendur sótt danstíma í þjóðdönsum, samkvæmisdönsum eða suður-amerískum dönsum? Hvernig er hefðbundin dansstaða? Hvernig dansar fólk nú á tímum? Parar það sig saman? Snertist það? Hvort ætli fólk dansi hraðar inni á gólfi eða úti á grasi gróinni grundu? Getur klæðnaður haft áhrif á hreyfingar fólks þegar dansað er? Út frá umræðunum gefst tilefni til að vinna með mismunandi hraða (tempó).

Vals er dans í þrískiptum takti.



Hlustun og verkefni á vef síða 5: Vals varð til úr austurríska þjóðdansinum Ländler. Hlustið á *Bayrischer Ländler* (lag 6). Vekið athygli á túbuleiknum í upphafi. Kannast ekki allir við laglínuna sem heyrir í seinni hluta lagsins? Hvað heitir lagið á íslensku? Svar: *Þórsmerkurljóð* „María, María“.

VÍNARVALS, DÓNÁRVALSIN - Nemendabók bls. 10.

Hrynæfing og hljóðfæraleikur: Kynnið *Dónárvalsinn* og farið yfir uppbyggingu hans, sbr. yfirlitsmynd neðst á síðu í nemendabók. Æfið hljóðfæraleik með nemendum eftir nótum á bls. 11 í nemendabók til að kynna tvo fyrstu valsana.

Hlustun: *An der schönen blauen Donau* eftir Johann Strauss yngri (lag 7).

Styðjist við yfirlitsmyndina á bls. 10 í nemendabók. Tónverkið er sennilega of langt til að leika það allt í kennslustund. En auðvelt er að finna það á mynddiskum eða á netinu til frekari kynningar og umfjöllunar. Þá heyrir það iðulega leikið á nýárstónleikum í sjónvarpi. E.t.v. má leika hluta hlustunardæmisins hér og sýna framhaldið á skjá.

Sjá einnig: <https://www.youtube.com/watch?v=oRA01Fg0WFO>

YFIRSTÉTTIN STÍGUR VALS - Nemendabók bls. 12

Hlustun og verkefni á vef síða 6: *Songe d'automne* (lag 8).

Lagið samdi Archibald Joyce árið 1908 þegar Játvarður sjöundi (Edward VII) var konungur á Englandi. Íslendingar þekkja lagið undir heitinu *Dalakofinn* við alkunnan texta Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Vals, sem engan veginn þótti „fínn“ í upphafi, var nú kominn inn í salarkynni ensku yfirstéttarinnar. Ekki nóg með það, heldur var lagið á efnisskrá skipshljómsveitar Titanic í hinni örlagaríku jómfrúarferð þess árið 1912. Hægt er að finna efni á netinu þar sem tvinnað er saman þessu lagi og myndskelðum úr einhverri þeirra kvikmynda sem gerðar hafa verið um það sögufræga skip.

ÖRLÍTIÐ UM VALSTÓNLIST - Nemendabók bls. 12

Tónlist og stærðfræði: Syngið nokkur lög í valstakti að eigin vali. Gamaldags vals skiptist í átta takta lotur. Leikið kafla úr valsi úr *Kátu ekkjunn* eftir Franz Lehár (sjá nótur á bls. 13 í nem.). Fáðið nemendur til að leika með sé þess kostur. Útskýrið hvað einn taktur er. Einn taktur er ekki sama og eitt taktslag. Hvað eru mörg slög í takti? Þrjú, þar sem þetta er vals! Hvað eru margir taktar í einni lotu? Átta! Hvað eru margar lotur í einum kafla? Hér er um fjórar átta takta lotur að ræða og $4 \times 8 = 32$. Mikilvægt er að átta sig á þessu þegar fram í sækir. Til dæmis þegar kemur að standard-formi eins og í lögum Oddgeirs Kristjánssonar. Nefna má einn *chorus* í hefðbundnu djasslagi. Þau lög byggjast á fjórum átta takta lotum og eru því nokkurn veginn í forminu AABA. Syngið *Sjómannavalsinn* (sjá bók Þórdísar Guðmundsdóttur, *Nýir skólasöngvar* bls. 38). Áréttið upphaf hvernar lotu á einhvern hátt, t.d. með því að slá einu sinni á þríhorn.

Hlustun: *Sjösala vals* eftir Evert Taube (lag 32).

Leyfið nemendum að finna út hvað lagið heitir á íslensku. Syngið svo *Vorkvöld í Reykjavík* eftir Sigurð Þórarinsson. Athugið einnig valsana *Landleguvalsinn*, *Mæja litla* og *Vertu sæl mey* (lög 53-55).

Valsar Evert Taube höfðu mikil áhrif, t.d. á Ása í Bæ (sjá síðar). Styttu er til af Evert Taube í Gamla Stan í Stokkhólmi. Leitarorð: Evert Taubes Terrass.

VERÖLD SEM VAR - Nemendabók bls. 14

Gaman er að bera saman lýsingar Stefáns Zweig á viðhorfum manna til aldurs og útlits á 19. öld og æskudýrkun nútímans. Farið á netið og finnið myndir sem varpa ljósi á andrúmsloft 19. aldar. Athugið t.d. myndir eftir Gustav Klimt (1862-1918). Hugleiðið orð Stefáns Zweig:

„... hér höfðu allir straumar Evrópumennningarinnar mæst ... Það var höfuðafrek þessarar tónlistarborgar að samræma allar andstæðurnar og móta í deiglu sinni hina nýju ... menningu ...“.

FALLEGA TÍMABILIÐ, LA BELLE ÉPOQUE - Nemendabók bls. 14

Hér er tilvalið að nota netið. Sláið inn orð eins og Art Nouveau, Jugend eða La belle Epoque. Fá má myndmenntarkennara til samstarfs um kynningu á impressionisma. Athugið bók Námsgagnastofnunar *Listasaga frá hellalist til 1900*. Þeim, sem vilja fara beint á netið er bent á nöfnin Bazille, Cézanne, Degas, Manet, Monet, Morisot, Pissarro, Renoir og Sisley. Á bls. 15 í nemendabók er mynd eftir Seurat.

Hlustun: *La fille aux cheveux de lin* eftir Claude Debussy (lag 9).

„Stúlkan með hörgula hárið“. Óslitinn listrænn þráður liggur milli Chopin (1810-1849) og Debussy (1862-1918). Píanókennari Debussy, Madame Marie Maute de Fleurville, var nemandi Chopins. Ítalska tónskáldið Alfredo Casella lýsir píanóleik Debussy með eftirfarandi orðum:

Ásláttur hans var svo næmur, að manni fannst sem hann spilaði á sjálfa strengi píanósins án þess að nota snertlana og hamrana. Enginn notaði pedalana eins og hann. Útkoman var afar ljóðræn og tær.

Nicholas York: The Complete 24 Preludes for Solo Piano – Book 1 and Book 2.

Til umhugsunar: Titillinn „Stúlkan með hörgula hárið“ er fenginn úr ljóði franska skáldsins Leconte de Lisle (1818-1894) um skoska stúlku sem hafði afarmjúkt „hörhár og kirsuberjavarir“. Tónarnir og áslátturinn endurspeglar mjúkar bylgjur hársins. Pensilstrokur impressionistans Monet þóttu afar léttar. Ræðið þetta við nemendur næst þegar þeir fá hljóðfæri í hendur. Hvernig er ásláttur þeirra? Harður eða mjúkur? Getur hann batnað? Getur hann verið ólíkur frá einu lagi til annars?

Ítarefni: Horfið á atriði úr kvikmyndinni *Midnight in Paris* eftir Woody Allen. Í upphafi myndarinnar leikur kreólinn Sidney Bechet (sjá kaflann um New Orleans) á sópransaxófón lagið *Si Tu Vois Ma Mère*. Undir ljúfum tónum hans birtast fallegar myndir frá París nútímans. Lagið getur í leiðinni verið kynning á sópransaxófóni.

Reynið: <https://www.youtube.com/watch?v=bmVTnLR02Nc>

Söguþráður myndarinnar er mörgum kunnur. Ungur bandarískur rithöfundur kemst upp á lag með að ferðast aftur í tímann. Á vegi hans verða starfsbræður hans og landar sem dvöldu í París á þriðja áratug tuttugustu aldar, t.d. Hemmingway og F. Scott Fitzgerald. Þaðan ferðast söguhetjan enn lengra aftur í tímann, þ.e. til fallega tímabilsins, La belle époque, ca. 1890-1900. Í því atriði hljómar tónlist Offenbachs (sjá óperettur). Fyrst *Barcarolle* eða bátsöngur úr *Ævintýrum Hoffmanns* og síðar hin frægi *Can Can*-dans. Þar kemur einnig við sögu teiknarinn frægi, Henri de Toulouse-Lautrec (1864-1901). Finna má listaverkabók eftir hann á bókasafninu eða fara á netið. Eins má „ferðast“ með nemendum í hina áttina og kynna þeim franska dægurtónlist, t.d. Edith Piaf (1915-1963).

KÓNGAR OG DROTTNINGAR - Nemendabók bls. 15

Fyrir á tímum sá konungbórið fólk um að móta tiskuna. Hverjir gera það nú á tímum? Þekkjast nemendur styttna af Kristjáni 9. fyrir framan Stjórnarráðið í Reykjavík? Kristján 9. kom til Íslands 1874 ásamt fríðu föruneyti, m.a. skipshljómsveit. Lúðrarnir heilluðu svo framsækinn Reykvíking, Helga Helgason að ekki varð aftur snúið. Sjá kaflann Skært lúðrar hljóma á bls. 25 í nemendabók og frekari umfjöllun um Helga Helgason aftar í þessu riti.

ÓPERETTA - Nemendabók bls. 16

Flestir hafa heyrt Óðin Valdimarsson syngja *Ég er kominn heim* (sjá mynd á bls. 87 í nem.). Margir vita að lagið er úr óperettunni *Das Veilschen von Montmartre* („Fjólan frá Montmartre“) eftir Ungverjann Emmerich Kálmán. Á þýsku heitir lagið *Heut' Nacht hab' ich geträumt vom dir*. Auðvelt er að nálgast það undir því heiti á netinu í ýmsum útgáfum. Hér er dæmi:

<https://www.youtube.com/watch?v=mmyxOMzuHxE>

Annað dæmi með Comedian Harmonists (sjá nemendabók bls. 66).

https://www.youtube.com/watch?v=JRI_5U-ozJ0

Hlustunardæmi 8 og 10 og verkefni á vef síða 6–7: *Songe D’Automne*, *Can Can* og óperetta; *Heut’ Nacht hab’ ich geträumt vom dir* (*Ég er kominn heim*).

Hlustun og verkefni á vef, síða 8: *Götuvísan um Makka hníf* eftir Kurt Weil (lög 11–12).

Berið saman flutning höfundar og útgáfu Louis Armstrong á laginu.

Makki hnífur er sögupersóna úr *Túskildingsóperunni*, morðingi og afar varhugaverður náungi.

Götuvísur (danska: skillingsviser, gadeviser; enska: broadside ballads) eru alþýðleg kvæði eða vísur. Oft voru þau sérprentuð á ein- eða tvíblöðunga og seld almenningi á mörkuðum, strætum og torgum. Yfirleitt var höfunda ekki getið. Viðfangsefnið voru margvísleg: Fréttæmír eða voveiflegir atburðir, glæpir, slysfarir og því um líkt. (Sjá einnig: Ballöður – Sögulegt yfirlit, *Hljóðspor* kennarabók bls. 38 og *Hafmeyjan* (diskur I, dæmi 30–31 í hlustunarefni Hljóðspora). Sjá einnig *Hljóðspor* nemendabók bls. 29–31. Götuvísur voru e.k. samfélagsmiðlar síns tíma.

FYRRI HEIMSSTYRJÖLDIN - Nemendabók bls 16–17

Takið upp snjallsíma, algengt tákni þráðlausra fjaraskipta á vorum dögum. Ekki er úr vegi að biðja nemendur um hið sama, hafi þeir slík tæki meðferðis í kennslustund. Segið þeim, að notkun þráðlausrar fjaraskiptatækni megi rekja til fyrri heimstyrjaldar. Þar var brautin rudd fyrir útvarp (sjá kaflann Glæstar vonir þriðja áratugarins bls. 54 í nemendabók), talstöðvar og löngu síðar farsíma og þráðlaust netsamband. Til gamans má geta þess, að því hefur verið haldið fram, að nokkrir snjallsímar í eigu annars hvors stríðsaðilans hefðu breytt gangi stríðsins svo um munaði.

En afleiðingar fyrri heimsstyrjaldar voru ekki bara tæknilegs eðlis. Heilu keisaradæmin lögðust af (sjá Weimar-lýðveldið aftar í þessu efni). Mannfall varð ógurlegt. Stór skörð voru höggvin í heilar kynslóðir karlmanna. Í fjarveru karla fóru konur út á vinnumarkaðinn. Það kom á óvart hversu létt þeim reyndist að ganga í störf karlanna. Skoðið myndirnar í nemendabók. Farið einnig á netið og skoðið gamlar ljósmyndir. Leitarorð gæti verið: Women in World War I eða Women workers of WWI.

Hlustun og verkefni á vef síða 10: *It’s a Long Way to Tipperary* (lag 21).

Lagið varð þekkt í fyrri heimstyrjöld og heyrir oft flutt í tengslum við umfjöllun um hana. Takið eftir söngstílum. Hljóðnemar voru ekki komnir til sögunnar á þessum tíma, eins og heyra má.

ÞÓRARINN GUÐMUNDSSON - Nemendabók bls 18–19

Syngið lag Þórarins *Þú ert*. Nóturnar eru á næstu síðu, ljóðið er í nemendabók á bls. 18.

Sjá einnig: *Söngvasafn* (Snorri Sigfús Birgisson og fleiri) bls. 97.

Hlustun og verkefni á vef síða 12: *Á persnesku markaðstorgi* (lag 13)

Útvarpshljómsveit í anda Þórarins Guðmundssonar flytur lagið. Hvernig lýsa persnesku áhrifin sér?

Þú ert

♩ = 138

Þórarinn Guðmundsson

Forspil B♭ C^ø F⁷ B♭ B♭

þú ert ynd-ið mitt yngsta' og

5 E♭ F B♭ D⁷

best - a, þú ert ást - ar-hnoss-ið mitt nýtt. Þú ert sól-rún 's suð - ur -

9 G- F/C C⁷ F F⁷ B♭

hæð - um þú ert sum - ar-blóm-ið mitt frítt. Þú ert ljós - ið sem

13 E♭ F⁷ B♭ B♭ D⁷

líf - að - ir síð - ast, þú ert löng - un - ar minn - ar hlín, þú ert allt sem ég

17 E♭ E^o 1. B♭/F C^ø/G♭ F⁷ B♭

áð - ur þráð - i, þú ert ósk, þú ert ósk - in mín. Þú ert

22 2. B♭/F C^ø/G♭ F⁷ B♭

þú ert ósk, þú ert ósk - in mín

TÓNLIST Á DÖGUM ÞÖGLU MYNDANNA - Nemendabók bls. 19

Segið frá tímabili þöglu myndanna. Þá störfuðu hljóðfæraleikarar í kvikmyndahúsum, sbr. frásögn Þórarins Guðmundssonar á bls. 19 í nemendabók. Skáldsagan *Mánasteinn, drengurinn sem aldrei var til*, gerist í Reykjavík árið 1918, þegar spánsla veikin geisadi og varð mörgum að aldurtíla. Þar er einnig fjallað um tónlistarflutning í kvikmyndahúsum:

ÞAÐ HEFUR ORÐIÐ æ hljóðara í kvikmyndahúsunum á þeim fimm dögum sem liðin eru frá fyrsta dauðsfallinu af völdum inflúensunnar. Bæjarbúar hafa þó þrjóskað við og haldið áfram að fara í bíó. Sérstaklega unglingarnir sem bregðast við pestarkvíðanum með því að þjappa sér saman meðan hin fullorðnu halda sig heima. Í bíónum er líka hlýrra en á heimilum flestra, kolaskortur og hátt verð á steinolíu segir til sín, og einkum verður notalegt í sölunum þegar þröngt er setið í sætunum fjærst dyrunum.

En eftir því sem flensan leggur fleiri tónlistarmenn í rúmið – jafnt þá sem atvinnu hafa af því að leika undir bíómyndum og hina sem jafnharðan eru fengin til þess að fylla í skörðin með undirleik á ólíklegustu hljóðfæri – vex þögnin.

Þegar ungfrú Inga María Waagfjörð, gítarspilari og söngmæri hnígur í öngvit af píanóbekknunum í öðrum þætti *Gullþráðarins* í Nýja Bíói hefur farsóttin hremmt til sín síðasta sláttfæra hljóðfæraleikara Reykjavíkur.

Kvöldið eftir er reynt í Gamla Bíói að sýna ítölsku smyglarasöguna *Reiði* án nokkurs tónlistarflutnings. Það misheppnaðist algjörlega.

Strax á fyrsta hálf tímanum missir fólk áhugann á því sem fyrir augu ber á tjaldinu. Þegar einu fylgihljóð hreyfimyndanna eru hóstakjöltur og ræskingar bíógestanna sjálfrá ásamt þeim sem berast úr sýningarklefanum – urrið í mótornum sem knýr sýningarvélina og hvískrið í filmunni sem flettist af efri spólunni, dregst undir ljósið og þræðist upp á þá neðri með aðeins hársara hvísl – þá afhjúpast hversu þöglar þær eru í raun.

Hreyfingar leikaranna virðast fálmkenndar, myndskreiðin hæg miðað við spennandi atburðarásina og klippingar milli sögusviða verða ruglingslegar.

SJÓN: *Mánasteinn, drengurinn sem aldrei var til* bls. 45–46.

JPV útgáfa 2013

Hlustun: Tónlist fyrir þöglar kvikmyndir (lög 14–17): Eftirför (*chase*). Ágreiningur (*conflict*). Ástarævintýri (*romance*). Ærslaleikur (*slapstick*). Geta nemendur giskað á heiti kaflanna? Hvað með látbragðsleik við lögin? Chaplin var jafnan með hatt og staf. Má nota trommukjuða og slegla tónmenntarstofunnar sem stafi? Eru til hattar í skólanum?

Hlustun: *Titine* úr *Nútímanum* (*Modern Times*) frá 1936 eftir Charlie Chaplin (lag 18). Hlustið á revíusöngvarann Alfreð Andrésen syngja sama lag, *Ó, vertu ei svona sorró*. (lag 19). Farið svo á netið og sjáið meistarann sjálfan (Chaplin) flytja lagið:

https://www.youtube.com/watch?v=l9I5Nw_N2VQ

Vert er að benda á ljóð Steins Steinarr, *Chaplinvísa*, sem hægt er að syngja við þetta lag.

Bíosaga Bandaríkjanna eftir Jónas Knútsson kom út árið 2009. Hún geymir mikinn fróðleik um kvikmyndir. Þar á meðal þær sem hér eru til umfjöllunar.

NÝI HEIMURINN

VESTURFARARNIR - Verkefni á vef, síða 13. Nemendabók bls. 21

Samkvæmt kenningum félagsfræðinnar lúta fólksflutningar ákveðnum lögmálum. Á einum stað ýtir eitthvað óþægilega við fólki (*push factor*). Frá öðrum stað berast aðlaðandi lýsingar (*pull factor*). Samgöngur gera fólki kleift að ferðast þarna á milli (sjá t.d. lýsingu William Moberg úr *Vesturförumum* á bls. 21). Öðru máli gegnir um þrælasölu. Enginn óskar sér þess að verða hnepptur í þrældóm.

Umræður: Fyrir daga tækni- og upplýsingaaldar vöktu framandi slóðir meiri furðu ferðalanga heldur en börn gera sér grein fyrir í fljótu bragði. Frásagnir Marco Polo (1254-1324) og Jóns Indíafara (1593-1679) eru góð dæmi um þetta. Fáir trúðu lýsingum Marco Polo á mannlífinu í Kína. Enn síður trúðu menn Jóni Indífara þegar hann lýsti furðuskepnu þeirri sem á nútímamáli nefnist indverskur fíll. Þessir víðförlu menn tóku ekki upp snjallsíma og smelltu mynd af sérhverju sem þeim þótti athyglisvert! Reynsla þeirra af framandi slóðum hlýtur að hafa verið yfirþyrmandi. Sama má segja um evrópska landnema í Vesturheimi. Komið af stað umræðum um þetta.

AMERÍKUBRÉF

Syngið lagið *Ameríkubréf* við íslenskan texta Magnúsar Ásgeirssonar. Ruben Nilson (1893-1971) orti frumtextann. Textinn er skemmtilegur vitnisburður um það hvernig enskan tróð sér inn í móðurmál innflytjendanna. Jafnframt eru vísurnar gott dæmi um samruna ólíkra menningarheima, í þessu tilfelli tungumála. Sendibréf voru tíð á 19. öldinni. Eru þau það enn?

Ruben Nilsson

Já, nú vil ég rita heim to you eitt lítið letters bréf,
því mig langar til að segja eitt við þig,
það er langt síðan you see að jeg á penna haldið hef,
en jeg held þú undirstandir skiljir mig.

Það er allright hjá mér heilsan og þótt sjálfur seigi eg frá
er jeg sæmilega monníaður, því
að jeg þéna margi dali á hvurjum degi í jobbi hjá
þeim við Davíðsbræðra Félagscompany.

Það var sorgarlegt að heyra kvurnin Kærastinn þinn fór,
að þeir killuðu hann og sendu hann beint to hell,
þó hann gjeingi í land og færi eitt kvöld með gangsterum á þjór,
en það gerist margt í Liverpúl, jú well.

Og af því var jeg að huxa um þegar nú það gamla er gleymt
að ég gerði rjett að biðja þig frá mjer,
að þú kjæmir hingað westur, því þann draum mig hefur dreimt,
well, og dreingbeibið hans má fylgja þér.

En nú hætti jeg með ósk um að þú skulir vera skjót
til að skrifa mjer og adressan hún sje
Mister Charles P. Anderson 604 B Mainroad
Person City Indiana U. S. A.

Magnús Ásgeirsson þýddi

Magnús Ásgeirsson *Ljóðsafn* I bls. 342

Ný útgáfa aukin HELGAFELL MCMLXXV

UPPHAF NEW ORLEANS: NOUVELLE ORLÉANS - Nemendabók bls. 22

Djassinn í New Orleans hefði aldrei orðið til án hins fjölmennigarlega samfélags sem þar þróaðist. Fyrsti djassinn og dixieland-tónlistin eru hrein og klár afsprengi fjölmenningar og gott dæmi um skapandi list sem sækir styrk sinn í samspil ólíkra menningarheima. Svipaðir hlutir áttu sér stað í Havana, Buenos Aries, Río De Janero og víðar.

Hlustun: *As the River Runs* (hlustunardæmi 23). Árniður Mississippi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi fljótsins í bandarískri sögu, bókmenntum og tónlist. Leyfið hljóðdæminu að undirstrika það. Vekið athygli á mynd á bls. 22 í nemendabók og tilvitnun í sögu Mark Twain um Stikilsberja-Finn. Önnur mynd er á bls. 32 og sýnir m.a. hjólaskip á þessari miklu elfu.

FJÖLMENNING - SÝNIKENNSLA MEÐ TILRAUNUM

Fáið e.t.v. myndmenntar- eða heimilisfræðikennara í lið með ykkur. Útbúið þrjár til fimm glerflöskur með vökva í ólíkum litum. Nota má matarlit. Hafið tiltæk nokkur tóm glös. Leyfið nemendum að blanda saman tveimur eða fleiri litum. Takið eitt skref í einu. Hver verður útkoman? Við fáum liti sem við sáum ekki áður í flöskunum! Reynið að útskýra hvernig svipað átti sér stað á tónlistarsviðinu. Þegar ólíkum hljóðfærum og tónlist var blandað saman á nýjan hátt, varð ýmislegt til sem ekki hafði heyrst áður. En það gerðist ekki á einni nóttu og átti sér reyndar ekki stað fyrr en fólk hafði flutt búferlum. Í gamla daga var ekki til tækni sem miðlaði tónlist milli fjarlæggra staða.

Landnemasamfélög Ameríku urðu frjór vettvangur slíkra nýjunga. Þangað streymdi fólk úr öllum áttum með ólíkan menningararf í farteskinu. Molar úr sarpi Evrópumanna blönduðust við eitthvað allt annað sem afrískir þrælar áttu í sínum mal. Til varð eitthvað alveg nýtt. Þar má nefna blúsinn í suðurríkjum BNA (USA), djassinn í New Orleans og tangóinn í Argentínu. Ekki má gleyma rúmbunni í Havana, sömbunni í Rio de Janeiro og mörgu öðru sem oft er nefnt *latin* eða *salsa*.

INNFLYTJENDUR/NÝBÚAR

Margir þeirra tónlistarmanna og skemmtikrafta, sem gerðu garðinn frægan í BNA á fyrri hluta 20. aldar voru innflytjendur eða börn innflytjenda. Þar má nefna Charlie Chaplin sem flutti til Ameríku frá London. George Gerswin hét upphaflega Jacob Gershowitz og fæddist í Brooklyn í New York. En foreldrar hans voru frá Rússlandi og Litháen. John Philip Sousa átti portúgalskan föður en móður frá Bæheimi (nú Tékkland). Finnið fleiri dæmi. Ef til vill eru innflytjendur í bekknum ykkar sem þykir athyglisvert og uppörvandi að heyra um svona lagað.

CONGO SQUARE, PLACE DE NEGRES - Nemendabók bls. 23

Hlustun: Afrískar trommur (hlustunardæmi 22).

Congo Square lá þar sem nú er Louis Armstrong Park í New Orleáns. Sjá einnig námsefnið *Hljóðspor* og umfjöllun um afríska tónlist þar (fyrsti kafli: Seiður Afríku) og tóndæmi 1-4 í hlustunarefninu. Leitið á netinu að myndum af Congo Square, t.d. málverki eftir T. Ellis.

KREÓLAR, CREOLES OG CREOLES OF COLOR - Nemendabók bls. 24

Til fróðleiks má geta þess, að ekki var einungis talað um *creols of color*, þ.e. „brúna kreóla“. Heldur varð til nákvæm flokkun misjafnlega dökkra eða ljósra einstaklinga. Eftir því sem hlutfall hins afrískra blóðs minnkaði, óx manneskjan að virðingu í heimi hvíta mannsins. *Octoroon* var afrískur að einum áttunda. Hann var hærra settur en *quadroon* (eða quarteron) sem var afrískur að einum fjórða (þessi orð eru skyld orðunum okkett og kvartett). *Múlattar* voru afkvæmi hvítra og svartra foreldra. *Griffe* var afkvæmi svartrar manneskju og múlatta eða barn indíána og brúns kreóla. Seinna voru öll þessi litbrigði skilgreind sem „lituð“. Þá harðnaði á dalnum hjá öllum sem rann eitthvert afrískt blóð í æðum. En í kjölfarið fæddist fyrsti djassinn í New Orleans (sjá síðar). Sama má segja um blúsinn (sjá *Hljóðspor*).

Hlustun: *House Rent Blues* (lag 38)

Flytjendur eru af ólíkum uppruna og bera fjölmennningarlegu samfélagi BNA gott vitni. Clarence Williams, blanda af kreóla og Choctaw-indíána leikur á píanó. Thomas Morris, blökkumaður leikur á kornett. Annar blökkumaður, Buddy Christian leikur á banjó. Síðast en ekki síst skal telja kreólann Sidney Bechet (sjá mynd). Hann leikur á sópransaxófón.

SKÆRT LÚÐRAR HLJÓMA – JOHN PHILIP SOUSA – HRYNÆFING OG HLJÓÐFÆRALEIKUR – HORNAFLOKKUR HELGA HELGASONAR - Nemendabók bls. 25-26

Árið 1856 kom franskur prins, Jérôme Napoleon, bróðursonur Napóleóns keisara til Íslands á skipi sínu Reine Hortense. Skipshljómsveitin, skipuð 12-13 hljóðfæraleikurum lék kvöld eftir kvöld, klukkutíma í senn á Austurvelli Reykvíkingum til mikillar ánægju. Líklega var þetta í fyrsta skipti sem lúðraflokkur lét til sín heyra á íslenskri grund. Þá var Helgi Helgason (1848-1922) átta ára.

Eftir Íslandsheimsókn Kristjáns 9. Danakonungs árið 1874 hélt Helgi ásamt Jónasi bróður sínum til Kaupmannahafnar til að afla sér frekari tilsagnar í tónlist. Eftir heimkomu þeirra voru keyptir lúðrar og er hornaflokkur Helga Helgasonar fyrsta hljómsveitin sem stofnuð var á Íslandi. Helgi er jafnframt höfundur laganna *Öxar við ána* og *Nú er glatt í hverjum hól*. Hann var þekktur húsasmiður og reisti m.a. vegleg timburhús í Þingholtunum í Reykjavík, sem sum standa enn. Enn fremur Kvennaskólann við Austurvöll, sem síðar gekk undir ýmsum nöfnum, Sjálfstæðishúsið, Sigtún og Nasa. Smíðaði einnig orgel, harmóníum og fiðlur. Hann var einnig slökkviliðsstjóri og notaði lúður til merkjagjafa og fyrirskipana.

Gaf hann síðan mismunandi hljóðmerki, sem hvert um sig táknaði ákveðna athöfn: „Tú-tú“ táknaði t.d. að bunumeistararnir skyldu byrja að sprauta, „tú, tú, tú“ að þeir skyldu hætta og „tú, tú, tú, tú“ að flytja átti sig úr stað, o.s.frv.

Atli Magnússon: Skært lúðrar hljóma. Saga íslenskra lúðrasveita bls. 54.

Finna má á netinu: *Tónlistarsaga Reykjavíkur* með inngangi um sögu sönglífs í landinu frá því land byggðist eftir Baldur Andrússon. Þar er kafli um Helga Helgason. Sjá einnig *Skært lúðrar hljóma*, sögu íslenskra lúðrasveita eftir Atla Magnússon. Þar er ýmsan fróðleik að finna, t.d. um stofnun lúðrasveita á hverjum stað á landinu fyrir sig. Nefna má stofnun fyrstu lúðrasveitar Hjálpræðishersins í Reykjavík. En þá léku konur í fyrsta sinn með. Einnig Drengjalúðraflokk sunnudagsskóla Hersins árið 1916-1917, sem var fyrsta barnalúðrasveitin í landinu. Haft er eftir Karli O. Runólfssyni, tónskáldi, að „þau frækorn sem frumkvöðlar lúðrasveitanna sáðu í grýtta mold hafa borið blóm og þau blóm eiga enn eftir að sá út frá sér.“

Hlustun: *The Washington Post* (lag 20).


Hér og á bls. 26 í nemendabók eru nokkur þrástef sem leika má ein og sér, með göngulögum, t.d. *The Washington Post* eða öðrum Sousa-mörsum. Ef til vill einnig með ragtime-lögum (sjá síðar). Hægt er að leika þrástefin mörg saman eða sitt í hverju lagi. T.d. má skipta um þrástef við kaflaskipti í lögum. Hér skal ítrekað sem áður hefur komið fram, að gott er að æfa hryn eða nótnalestur frá töflu eða tjaldi.

NOKKUR BLÁSTURSHLJÓÐFÆRI - Nemendabók bls. 27-29

Áður en þráðlaus fjarskipti komu til sögunnar þótti lúðrablástur og trommusláttur nauðsynlegur í hernaði. Það má í raun halda því fram, að þráðlaus fjarskipti hafi byrjað með lúðrum og trommum á vígvöllum fyrri alda. Hljóðfæraleikarar tóku ekki beinan þátt í átökum. En gengu oft í fylkingarbrjósti á vígvellinum og særðust stundum. Myndastytta stendur við Ráðhústorgið í Kaupmannahöfn og nefnist *Den lille hornblæser*. Mynd af henni má auðveldlega finna á netinu. Stytta þessi er af hermanni sem heldur á særðum lúðurblásara.

Trommuleikarar og blásarar þóttu heldur finni en óbreyttir hermenn. Starfsheiti þeirra voru misjöfn „trommuleikarar, óbóistar, hornblásarar, píparadrengir, pákuleikarar, músikantar“ og svo framvegis. Lagið þekktu *Þrír litlir hermenn* fjallar upphaflega um þrjá litla trommuleikara, sbr. orðin „ramm ta ta-ta-tamm“. Til er sænskt málverk af litlum dreng sem gengur í fararbroddi ungra sveina. Roskinn maður stendur á lengdar og bregður hönd að enni í heiðursskyni. Farið á netið og sláið inn leitarorðin „August Malmström Det gamla och det unga Sverige“. Það er mikil 19. aldar stemning yfir þessari mynd.

Hlutverk umræddra hljóðfæraleikara fólst í því að leiða taktfasta göngu hermanna, efla baráttuandann og heiðra þá sem gengið höfðu vasklega fram í orrustu. Síðast en ekki síst var hlutverk þeirra að koma skilaboðum áleiðis. Þyrtur í lúðri gat borist langa leið gegnum vopnagný og hróp. Fyrst var leikið lítið stef sem gaf til kynna hverjir ættu að hlusta. Hver hersveit hafði nefnilega sitt eigið stef. Það minnir á gamla íslenska sveitasímann þar sem hver bær hafði sína eigin hringingu. Síðan kom sjálf skipunin: „Áhlaup“ eða „hörfið“ o.s.frv. Þessi herkvaðningarstef voru búnar til úr fáum tónum (náttúrutónum) og gátu hljómað einhvern veginn svona:



Hlustun: *Lúðrakall I* (lag 24).

Nú á dögum virðast lúðraköll helst heyrast í upphafi kvikmynda eða við einhverjar uppákomur, t.d. verðlaunaafhendingar á íþróttamótum. Hlýðið á tónðæmið og ræðið málin. Ef til má hér enn og aftur leika sér með þráðlaus fjarskipti, taka upp snjallsíma og finna lúðrakall á netinu. Reyndu t.d. leitarorðin „fanfare youtube“.

Hlustun og verkefni á vef síða 14: NOKKUR BLÁSTURSHLJÓÐFÆRI.

Dæmi 25-31 í hlustunarefninu má nota sem greiningarverkefni þar sem nemendur þurfa að þekkja í sundur blásturshljóðfærin sem fjallað er um í kaflanum. Í 1. spurningu verkefnisins þarf að tengja saman túbu, klarínnett, trompet og básúnu og loks kornett við tiltekin lög, sem nefnd eru í verkefninu. Best er að kennarinn (eða einhver nemandi) lesi upp nafn hvers lags, það sé síðan látið hljóma í tækjunum, eins lengi og þurfa þykir. Síðan er næsta lag leikið og svo koll af kolli. Þessi lög eru númer 25-28 í hlustunarefninu. Í 2. spurningu þarf að tengja saman þrjú lagaheiti og þrjár tegundir saxófóna, þ.e. alt-, tenór- og barytonsaxófón. Það eru lög 29-31 í hlustunarefninu. Hér eru löginn:

Kornett: *New Orleans Stomp* (lag 25). Louis Armstrong leikur.

Trompet: *Pleasin' Paul* (lag 26). Henry Allen leikur.

Túba: *Tuba Smarties* (lag 27). Hljómsveitin Sky flytur. Fljótlega bætist trompet við túbuna.

Klarínett: *A Nightingale sang in Berkeley Square* (lag 28).

Björn Thoroddsen rafmagnsgítar, Jón Rafnsson kontrabassi, Jørgen Svare klarínett.

Alt-saxófóinn: *Frá Vermalandi* (lag 29). Gunnar Ormslev leikur. Þetta var eina lagið sem gefið var út á hljómplötu undir nafni Gunnars Ormslev meðan hann lifði. Hljóðritað 1952.

Barytonsaxófóinn: *Björkjallarinn* (lag 30). Finnur Eydal leikur. Lag þetta naut lengi vinsælda í óskalaþáttum Ríkisútvarpsins.

Tenórsaxófóinn: *Danny Boy* (lag 31).

Ben Webster og kvintett hans leika (Oscar Peterson píanó, Barney Kessel gítar, Ray Brown kontrabassi og J. C. Heard trommur).

Fleiri saxófóndæmi í efninu: Sópransaxófóinn: *House Rent Blues* (lag 38).

Tóndæmi með Sidney Bechet: <https://www.youtube.com/watch?v=Tpb0e-XwbZ8>

Altsaxófóinn: *Braggablús* (lag 74).

RAGTIME - Nemendabók bls. 30

Nokkrar staðreyndir: Píanó voru útbreidd á 19. öld, sbr. Menningarlíf borgaranna bls. 6 í nemendabók. Ragtime var mikið tískufyrirbæri í upphafi 20. aldar og fram að fyrri heimsstyrjöld. Ólympíuleikarnir í St. Louis árið 1904 áttu mikinn þátt í útbreiðslu þessarar tónlistar. Ragtime er oft í fjórum köflum.

SCOTT JOPLIN - Nemendabók bls. 30

Hlustun: *Maple Leaf Rag* (lag 33).

Scott Joplin lék inn á sex svonefndar píanórúllur. Um er að ræða óslitnar pappírlengjur sem rúllað er áfram innan í píanói um leið og leikið er á það. Þá stingast göt í pappírinn, nánar tiltekið eitt fyrir hverja leikna nótu. Með sérstökum búnaði er hægt að „lesa“ og endurflytja þessar nótur. Á þann hátt má nánast heyra Scott Joplin sjálfan leika þetta fræga lag sitt.

Tími	Formhluti	Nánari lýsing
0:00	A	Aðalstefið (fyrsta stef) sett fram.
0:22	A	Aðalstefið endurtekið.
0:43	B	Nýtt stef. Synkópur allsráðandi.
1:05	B	Endurtekning á öðru stefi.
1:26	A	Ítrekun á aðalstefi.
1:46	C	Þriðja stef leikið á hærra tónsviði en áður. Lagið verður glaðværra fyrir vikið.
2:08	C	Endurtekning á þriðja stefi.
2:29	D	Fjórða stef. Dirfskufullar synkópur áberandi.
2:50	D	Fjórða stef endurtekið. Líkist því sem leikið sé af fingrum. Sú er ekki raunin.
3:10	Endir	

Hlustun og verkefni á vef síða 15: *The Entertainer* (lag 34).

Lagið er titillag kvikmyndarinnar *The Sting* og heyrir hér leikið af lítilli hljómsveit. Til samanburðar má virða fyrir sér píanóútgáfuna, vilji menn einnig nálgast hana.

	Píanóútgáfa:		Hljómsveitarútgáfa:	
Tími/formhluti:	0:00	forspil	0:00	forspil
	0:10	A	0:11	A
	0:40	A	0:46	A
	1:08	B	1:11	B
	1:31	B	1:36	A
	1:56	A	2:01	C
			2:26	A

Nemendur geta undirstrikað form lagsins með því að leika með á lítil ásláttarhljóðfæri. Leikið púls eða þrástef (sjá t.d. kaflann Skært lúðrar hljóma). Lagið hentar einnig vel með hreyfingu, t.d. cakewalk (sjá næsta kafla).

FARANDSÝNINGAR – MINSTREL SHOW – CAKEWALK – LÁTBRAGÐSLEIKUR – Nemendabók bls. 31

Hlustun: *Hún hét Hanna (Oh Susanna)* (lag 36).

Þekkt lag sem flestar kannast við á ensku. Hér með íslenskum texta í flutningi Kling Klang kvintettsins sem naut vinsælda á sínum tíma. Auðvelt er að finna fleiri útgáfur á netinu undir upprunalegu heiti lagsins. En frumtexti lagsins þykir ekki lengur boðlegur, þar sem hann dregur upp staðalmynd þess tíma af blökkumanni. Sjá einnig: *Blærinn í laufi* eftir Foster. *Söngvasafn* (Snorri Sigfús Birgisson og fleiri) bls. 30.

Lagið *Aðfangadagskvöld*, þ.e. „Nú er Gunna á nýju skónum“ er einnig sagt vera eftir Stephen Foster. Nótur og bókstafshljóma að laginu *Ó, Súsanna!* má finna í bók Gylfa Garðarssonar, *Sígild sönglög 2* bls. 84. Laginu fylgir svohljóðandi texti Jóns frá Ljárskógum (sjá M.A.-kvartettinn).

Þegar vorsins blær í björkum hlær
og blessuð sólin skín,
þegar blána sund og grænkar grund,
þá geng ég heim til þín.
Meðan söngvar óma' og brosa blóm
ég býð þér mína hönd
og svo leiðumst við í kvöldsins klið
um kærleiks draumalönd.
Ó, Súsanna! ég bind þér brúðarkrans
og svo leiðumst við um lífsins svið
í léttum, glöðum dans.

Látbragsleikur: *Cakewalk* undir fjörlegum ragtime-tónum getur verið skemmtilegt. Cakewalk var vinsæl skemmtun þræla á plantekrum Suðurríkjanna. Leik þennan má tengja öskudegi þegar nemendur klæðast skrautlegum búningum. Einnig getur skólinn komið sér upp handhægu úrvali sólgleraugna, hatta og skrautlegra höfuðfata. Þá er hægt að fara í leikinn með stuttum fyrirvara.

Ekki spillir fyrir, ef einhver bakar köku til að hafa í verðlaun, eins og gert var á sínum tíma. Hvað gæti cakewalk heitið á íslensku? Tertutölt, kökukapp? Athugið einnig í þessu samhengi tónlist við þöglar kvikmyndir (lög 14–17), *Titine* úr Nútímanum eftir Chaplin (lag 18) og fleiri hlustunardæmi. Ef til vill má notast við þá tónlist við cakewalk. Sjá einnig *A Cakewalk Contest* í hlustunarefni *Hljóðsþora* (diskur I, lag 12).

JIM CROW - Nemendabók bls. 32

Farið á netið og sláið inn leitarorð eins og Jim Crow; segregation eða racial segregation usa. Þá birtast myndir sem vekja ýmsar alvarlegar spurningar. Lesið kaflann í framhaldi af því. Geymið nokkrar myndir þangað til næsti kafli verður lesinn.

NEW ORLEANS OG SKAPANDI FERLI - Nemendabók bls. 32

Myndirnar, sem nefndar eru í kaflanum á undan varpa skýru ljósi á inntak þessa kafla.

ÓSTÖÐVANDI HRINGIDA LIFANDI TÓNLISTAR - Nemendabók bls. 34

Lýst er blómlegu umhverfi lifandi götutónlistar áður en hljómflutningstæki komu til sögunnar. Þessi tími er liðinn í aldanna skaut en minningunni er haldið á lofti, t.d. á djasshátíðum erlendis (Copenhagen jazz festival) og að sjálfsögðu í New Orleans. Hægt er að nálgast myndbönd á netinu, t.d. undir leitarorðunum: new orleans dixieland on street, þar sem hvítir hljóðfæraleikarar leika listir sínar. Reyndu einnig: new orleans street jazz. Athugið einnig danska djasstónlistarmenn:

<https://www.youtube.com/watch?v=QqtwN2UJ5Y>

Byggið upp stemningu og leggið síðan til atlögu við lagið *Oh When the Saints* (nem. bls. 35). Athugið að dæmi, sem þið finnið á netinu eru sjaldan í „hreintræktuðum“ New Orleans-stíl. Mjög líklega hafa saxófónar bæst við, jafnvel rafmagnsbassar, síðari tíma fyrirbæri. Gott er aftur á móti að benda á sousafóna, aðskildar trommur (þ.e.a.s. ekki trommusett) og fleira sem einkenndi fyrsta New Orleans-djassinn.

Hlustun og verkefni á vef síða 16: *Oh When the Saints*. (lag 39). Louis Armstrong og hljómsveit.

Á netinu má finna tóndæmi lagsins *Oh When the Saints* í flutningi *The Original Dukes of Dixieland*. Þar hljóma hljóðfæri New Orleans-djassins hvert á fætur öðru. Lagið hentar því vel til kynningar á þeirri tónlist. Sjá nemendabók bls. 36: New Orleans hljómsveitin. <https://www.youtube.com/watch?v=6Q0zZ0VdlUM>

Hlustun: *Nearer my God to Thee/Hærra minn Guð til þín*, (lag 40).

Hér leika Danirnir í *The Spirit of New Orleans* þekktan útfararsálm. Hljóðfæraskipanin er nokkuð frábrugðin því sem þekktist í New Orleans eða svohljóðandi: Básúna, banjó, saxófónn, rafmagnsbassi og trommur. Við allar almennilegar jarðarfarið í New Orleans var blásið í lúðra svo um munaði. Í borginni úði og grúði af alls konar leynifélögum, reglum, bræðralögum og stúkum. Flest höfðu þessi samtök lúðrasveit innan sinna vébanda. Þegar félagsmaður einhverrar reglunnar var borinn til grafar var viðkomandi lúðrasveit kölluð til. Bræðralagið eða reglan sá um allan útfararkostnað. Trompetleikarinn Bunk Johnson (1879–1949) segir svo frá:

Á leiðinni út í kirkjugarð lékum við mjög hæg lög. Þar má nefna sálmana *Hærra minn Guð til þín*, *Flee as a*

Bird in the Mountains og *Come Thee Disconsolate*. Við lékum hér um bil það sem stóð í 4/4 (fjórskiptum takti). Við spiludum mjög hægt enda gekk fólk afar rólega á eftir kistunni. Þegar hinn látni hafði verið lagður til hinstu hvílu, gekk lúðrasveitin í fararbroddi frá kirkjugarðinum. Reglubræðurnir stilltu sér upp áður en við marsuðum af stað. Meðan á því stóð var ekki um annan hljóðfæraleik að ræða en takt sneriltrommunar. Þegar við vorum komnir örlítið frá kirkjugarðinum kvað við nýjan tón. Þá spiludum við ragtime – það sem nú á dögum kallast swing – ragtime. Við tókum *Didn't He Ramble* eða hvaða sálm sem var og lékum hann eins og ragtime. Fengum alla til að ganga rösklega. Við lékum *Didn't He Ramble, When the Saints go Marching In* eða hið góða gamla *Ain't Gonna Study War No More*. Þetta virkaði ætíð sem skyldi.

Við vorum einnig vanir að hafa „second line“. Hópurinn var næstum eins fjölmennur og í King Rex-skrúðgöngunni – Mardi Gras-karnivalgöngunni. Lögreglan gat einfaldlega ekki ráðið við það – við fengum alla á götunni og gangstéttunum ... Það var mikill fjöldi ... Margir voru vanir að slást í för með líkfylgdinni út í kirkjugarð, bara til að fá að heyra tónlistina í bakleiðinni. Sumar konur höfðu bjór meðferðis. Svo námu þær staðar og fengu sér sopa, svona til að hressa sig. Síðan fylgdu þær lúðrasveitinni fleiri kílómetra í gegnum rykið og skítinn á götum og gangstéttum. Lögreglan reyndi ekki að stöðva þær ... Þá var aldrei slegist eða neitt þess háttar, bara dansað á götunum.

Marshall Stearns: Historien om jazzen bls. 52. Kaupmannahöfn 1962. Þýtt og endursagt: PHJ.

Leitarorð: Louis Armstrong - *Free as a Bird, Oh Didn't he Ramble*.

Þess má og geta, að sálmurinn *Herra minn Guð til þín* var leikinn um borð í Titanic meðan skipið sökk. Leitarorð: *Nearer My God to Thee Titanic scene 1997*.

Ítarefni: Jarðarfarir í New Orleans eru sögufrægar og stundum hafðar til skrauts í kvikmyndum. Hér er mælt með upphafsatriði kvikmyndarinnar *Cincinatti Kid* með Steve McQueen í aðalhlutverki. Ýmislegt finnst einnig á netinu: <https://www.youtube.com/watch?v=EG6KH905cGU>

FYRSTI DJASSINN LÆTUR Á SÉR KRÆLA - Nemendabók bls. 38

Getur kennarinn útskýrt inntak lesmálsins með nokkrum tóndæmum? Leikið t.d. lagið Í *Hlíðarendakoti* rétt og svo með synkópum með jöfnum áttundapartsnótum og svo svingi. Leikið upphaf lagsins *Georgia on My Mind* eins og það stendur skrifað á nótunum (nemendabók bls. 39). Leikið síðan breytta laglínu eftir nótunum. Breytið laginu jafnvel enn meira eftir eigin höfði. Færið t.d. byrjunina aftur um eitt taktslag. Taktur 2 er örlítið blúsaður með lækkuðu a-i. Synkópur eða misgengi koma fyrir í öllum tóktunum. Reyndið að hafa þessar breytingar mjög slakar (afslappaðar). Vekið athygli á mynd af trompet með dempara (á einnig við um kaflann *Dixie land Dixieland* bls. 59).

Joe Oliver was very strong. He was the greatest freak trumpet player I ever knew. He did most of his playing with cups, glasses, buckets, and mutes. He was the best gutbucket man I ever heard. I called him freak because the sounds he made were not made by the valves but through these artificial devices. In contrast, Louis played everything through the horn.

Mutt Carey, trompetleikari. Jazzbogen bls. 17.

Hér sýnir trompetleikarinn og tónskáldið Charlie Porter hvernig nota má dempara á ýmsa vegu:

<https://www.youtube.com/watch?v=S8sF3AqucjE>

REVÍAN

Nemendabók bls. 40

Fyrir daga tækninnar sáu leikhúsin fólki fyrir nýjum lögum sem urðu vinsæl og á allra vörum. Lengi eymdi eftir af því.

Revíurnar nutu almannahylli og margar gamanvísurnar urðu húsangar og rútubílasöngvar, t.d. Gasmjólkin hans Alfreds úr Nú er það svart maður (1942). Þegar amma var ung úr sömu revíu. Sama hafði gerst með söngva eins og Síldarstúlkan („Ég sá hann í dag“) og „Það er gaman að vera með dáta“ úr Hver maður sinn skammt. Úr ástandsrevíunni Halló Ameríka hjá Reykjavíkurannál urðu söngvarnir Hún Gunna var í sinni sveit, Kalli á Hóli og Gústi í Hruna feykivinsælir. Upplyfting sem kom 1946 þótti einnig afar skemmtileg revía; þar komu t.d. fram Kerlingarvísur Nínu Sveinsdóttur („Ég var um aldamótin“).

Sveinn Einarsson: Íslensk leiklist III 1920-1960) bls. 209-210.

Hið íslenska bókmenntafélag 2016.

Lagið *Tóta litla tindilfætt* (*Lille Lise let på tå*) er úr revíunni *Haustrigningar* frá 1925. Lögin *Ég hef elskað þig frá okkar fyrstu kynnum* og *Út við himinbláu sundin* eru úr revíunni *Fornar dyggðir*. Gamla revíuvísur gefa tilefni til að vinna með söng, textaframburð og túlkun. Hlustið með athygli á flutning Nínu Sveinsdóttur á *Kerlingarvísu*. Hvaða tilfinningar lætur hún í ljós? Leyfið nemendum svo að spreyta sig á þessum vísu. Textinn er í nemendabókinni.

Kerlingarvísur

Ég var um ald - a - mót - in svo upp - lögð fyr - ir glens og grín og

5 gaf þeim und - ir fót - inn sem gægð - ust inn til mín. Og

9 þá, og þá var straum - ur - inn af strák - un - um, af

13 Stebb - um, Jón - um Lák - un - um sem vildu' ég vær - i sín. Ég sín.

Hlustun: *Daninn á Íslandi* (lag 41)

Lárus Ingólfsson syngur. Tækifærisvísur (tilfældighedsviser) eða gamanvísur eins og þessar, voru oft sungnar í hléum eða á milli þátta á revíusýningum. Lárus Ingólfsson var Reykvíkingur, f. 1905, sonur skútuskipstóra, þekktur gamanleikari og gamanvísna söngvari og helsti leikmynda- og búningahönnuður sinnar tíðar. Hann var einnig frábær eftirherma, eins og heyra má í *Eftirhermuvísunum* á hljómplötunni Revíuvísur (SG-116).

Hlustun: *Kerlingarvísur* (lag 42).

Nína Sveinsdóttir syngur. Nótur lagsins eru hér á bls. 21. Texti á bls. 43 í nemendabók. Hlustið með athygli á flutning Nínu Sveinsdóttur. Hvaða ólíkar tilfinningar lætur hún í ljós? Leyfið nemendum svo að syngja vísurnar. Hér er gott tækifæri til að vinna með söng, textaframburð og túlkun.

Hlustun og verkefni á vef, síða 17: *Þegar amma var ung* (lag 43).

Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) syngur. Textinn lýsir á gamansaman hátt breytingum á högum kvenna frá aldamótum fram á daga síðari heimsstyrjaldar og hernáms um 1940. Berið hlutverk gömlu konunnar í textanum saman við flappers þriðja áratugarins, sjá bls. 57 í nemendabók.

Sjá einnig kaflann Flappers á bls. 34 hér í kennaraleiðbeiningum.

TANGÓ

Nemendabók bls. 44

Buenos Aires, höfuðborg Argentínu er afbragðs dæmi um innflytjendaborg sem mótaði í margbreytileika sínum nýja menningu. Í þessu tilfelli tangóinn, þrunginn sögu og dramatík frá fyrsta degi. Kaflinn lýsir í fáum orðum margbrotinni tónlistarflóru staðarins. Danssporin má einnig rekja til ólíkra átta. Sumt á uppruna í enskum *countrydance*, sem varð að frönskum *contredance* og spænskum *contradanza* áður en það varð einn af fyrirrennurum *habanera* á Kúbu og síðar í Argentínu. Þá hafði polki frá Bæheimi (Tékklandi) áhrif á milonga argentísku kúrekanna (*gauchos*). Enn eru ótalin áhrif afrískra þræla sem birtast í vissum tangóhreyfingum (*quebradas og cortes*). Allt varð þetta með tímanum að argentískum tangó, sem í fyrstu var dans lágstéttanna en síðar fína fólksins. Margar skýringar eru svo til á nafni dansins. Ekki verður farið út í þá sálma hér.

BANDONEÓN - Nemendabók bls. 45

Dragspilið bandoneón er goðsagnarkennt hljóðfæri innflytjendahverfanna í Buenos Aires (sjá tóndæmið *Malena*, lag 44). Mynd er af hljóðfærinu á bls. 44 í nemendabók. Athugið einnig eftirfarandi dæmi á netinu:

La Cumparsita: <https://www.youtube.com/watch?v=vBsd9yvI3C8>

<https://www.youtube.com/watch?v=woLb87m9tqs>

Konur leika tangó: <https://www.youtube.com/watch?v=T3qzsQUhu0c>

TANGÓINN LEGGUR UNDIR SIG PARÍS - Nemendabók bls. 45

Þó tangó hafi orðið til í fátækrahverfum Argentínu, náði hann fljótt fótfestu í glæstum salarkynnum stórborganna. Sjá t.d. umfjöllun um lagið *Por Una Cabeza* (lag 49) hér að aftan. Svipað átti sér stað með valsinn. Uppruna hans má rekja til óbreytts alþýðufólks.

Hlustun og verkefni á vef, síða 20: *Libertango* (lag 45).

Í dæmigerðri tangósveit, Orquesta típica (upphaflega Orquesta típica criolla) voru tvö bandónéon, tvær fiðlur, píanó og flauta. Þetta var með öðrum orðum sextett. Fljótlega vék flautan fyrir kontrabassa. Þar með hafði *orquesta típica* fengið sinn sérstaka hljóð með háum jafnt sem djúpum tónum. Síðan bættust við ýmis hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar. Höfundur *Libertango* er hið fræga tangótónskáld, Piazzolla. Hér er hljómborði (teclado) og trommum bætt við sextettinn. Gefið gaum að andstæðunum staccato og legato, sem minnst er á. Þær bjóða upp á hreyfingu, spuna og aðra leikræna tjáningu. Sjá einnig önnur hlustunardæmi kaflans með það í huga.

Ólík útgáfa á netinu: <https://www.youtube.com/watch?v=kdhTodxH7Gw>

GLÆSIMEYJAR OG GULLIN ÁR – EPOCA DE ORO – 1920-1950 Nemendabók bls. 46

Sjá tillögur um ítarefni hér að aftan.

ARGENTÍSKIR TANGÓTEXTAR - Nemendabók bls. 46

Hlustun og verkefni á vef, síða 18: *Malena* (lag 44).

Þetta er dæmigerður argentískur tangótexti. Sungið er af mikilli tilfinningu um hugarangur (triztesa), beiskar minningar og tilfinningasemi sem menn samsömuðu þunglyndislegum blæ bandoneónsins. Margir Argentínumenn ólust upp við kröpp kjör í harðneskjulegu umhverfi, t.d. í hverfinu La Boca í Buenos Aires, þar sem fótboldaliðið heitir Boca Juniors og Diego Maradona lék með á sínum tíma. Raunir sínar tjáðu þeir í tangósöngvum og hlustuðu eða léku á bandoneón.

Hlustun og verkefni á vef, síða 21: *Por Una Cabeza* (lag 49).

Lag þetta hefur hljómað í fjölda kvikmynda, m.a. *Scent of a Woman* (Konuilmur) með Al Pacino í aðalhlutverki. Hér er dæmi um tangó í mjög finum salarkynnum, ólíkt laginu *Malena* sem lýsir hörðum heimi fátækrahverfa. Hlustið á lagið. Fáðið nemendur til að lýsa hugsanlegum kringumstæðum, umhverfi, hljómsveit og dönsurum. Farið síðan á netið og finnið þetta lag, þar sem Al Pacino og Gabrielle Anwar leika listir sínar. Lagið var upphaflega flutt af höfundinum þess, Carlos Gardel, frægasta tangósöngvara Argentínu og þjóðardýrlingi þar í landi.

Konuilmur: https://www.youtube.com/watch?v=F2zTd_YwTvo

EVROPSK TANGÓLÖG

Hlustun og verkefni á vef, síða 21: *Tango Jalousie* eftir Jacob Gade (lag 47).

Lagið má rekja til Palads Teatret í Kaupmannahöfn. Höfundurinn, Jacob Gade stýrði þar á dögum þöglu myndanna 24 manna hljómsveit. Lagið samdi hann til undirleiks við bandarísku kvikmyndina *Donalds Crisp's Don Q, Son of Zorro* með Douglas Fairbanks í aðalhlutverki. Þetta var árið 1925. Nóttaforlagið Wilhelm Hansen gaf lagið út á nótum og það barst eins og eldur í sinu um Evrópu og síðar Ameríku. Það hljómaði í fjölda kvikmynda og skilaði drjúgum skildingi í höfundarlaun. Tónskáldið stofnaði í kjölfarið sjóð til styrktar ungum dönskum tónlistarmönnum, Jacob Gade's Legat.

Hlustun og verkefni á vef, síða 20: *Sem ljúfur draumur* (lag 46).

Finnar tóku snemma ástfóstri við tangóinn. Harmóníka leysti bandoneón af hólmi í lögum þeirra. Einnig er leikið á trommur og í viðlögum heyrir oft beguine-taktur eða habanera. Tangóinn tók við af valsinum sem vinsælasti dansinn í Evrópu eða naut a.m.k. jafnmikillar hylli um tíma. Báðir urðu dansarnir mikil uppspretta nýrra dægurlaga langt fram eftir 20. öldinni. Mörg íslensk lög eru samin sem valsar eða tangóar.

Ítarefni: Fjalla má um tangóinn sem lífsstíl. Leitarorð á netinu: t.d. tangomania in paris. Bók eins og *Tango, The Dance, the Song, the Story* frá Thames and Hudson (höfundar: Simon Collier, Artemis Cooper, María Susana Azzi, Richard Martin) sómir sér vel á skólabókasafni, prýdd fjölda mynda. Tangóatriði í kvikmyndum eru fjölmörg og auðvelt að nálgast þau með nútímatækni.

UNDIRSPIL MEÐ TANGÓLÖGUM

Hægri hönd í píanói, snerill eða eitthvað annað (leikið það sem merkt er með rauðu):

1 og 2 og 3 og 4 og 1 og 2 og 3 og 4 og

Endir á lotu eða kafla:

1 og 2 og 3 og 4 og 1 og 2 og 3 og 4 og

eða 1 og 2 og 3 og 4 og 1 og 2 og 3 og 4 og

Vinstri hönd, bassi eða bassatromma: Aðallega hálfnotur.

Tillaga að öðru undirspili, breytið eftir þörfum:

Þríhorn

Skrapa
Guiro

Hrynstafr
Claves

Tambórína

Hristur

Tromma

þrisvar sinnum

Vor við sænn

B $\flat$ G C-

Bjart - ar von - ir vakn - a í vors - ins ljúf - a blæ,
Bjart - ar von - ir vakn - a í vors - ins ljúf - a blæ,

5 F 7 B $\flat$

bjarm - ar yf - ir björg - um við blá - an sæ.
bjarm - ar yf - ir björg - um við blá - an sæ.

9 E $\flat$ B $\flat$

Fag - ur fugl - a - söng - ur nú fyll - ir loft - in blá,
Fag - ur fugl - a - söng - ur nú fyll - ir loft - in blá,

13 G 7 C- B $\flat$ /F F 7 B $\flat$ N.C.

brjóst - in ung - u bif - ast af blíðr - i þrá.
brjóst - in ung - u bif - ast af blíðr - i þrá. Í æð - um

17 E $\flat$ B $\flat$

Í æð - um ólg - ar blóð, við aft - an - sól - ar - glóð, ég heyr - i
ólg - ar blóð við aft - an - sól - ar - glóð, ég heyr - i

21 F 7 B $\flat$ B $\flat$ 7

mild - an hörp - u - slátt.
mild - an hörp - u - slátt. Ég heyr - i

25 $E\flat$ $B\flat$

Ég heyr - i huld - u - mál, sem heill - ar mín - a sál, við haf - ið

huld - u - mál, sem heill - ar mín - a sál, við haf - ið

29 C^7 F^7

svalt og saf - ír - blátt.

svalt og saf - ír - blátt.

33 $B\flat$ G C^-

Komd - u vin - ur kær - í og komd - u út með sjó,

Komd - u vin - ur kær - í og komd - u út með sjó,

37 F^7 $B\flat$

bylgj - ur klett - inn kyss - a í kvölds - ins ró.

bylgj - ur klett - inn kyss - a í kvölds - ins ró.

41 $E\flat$ $B\flat$

Vilt - u með mér vak - a þú veist ég elsk - a þig,

Vilt - u með mér vak - a þú veist ég elsk - a þig,

45 G^7 C^- $B\flat/F$ F^7 $B\flat$

komd - u vin - ur kær - í og kysst - u mig.

komd - u vin - ur kær - í og kysst - u mig.

Við gengum tvö

Valdimar Hólm Hallstað

Friðrik Jónsson

E- B⁷ E-

Við geng-um tvö, við geng-um tvö í rökk-ur ró. Við leidd-umst
tvö, við hlýdd-um tvö í húm - i ein, er blær - inn

E- D G

hljóð, við leidd - umst hljóð um húmg - an skóg. Þú varst
kvað, er blær - inn kvað við blöð á grein. Ég var

A- B⁷ E-

ynd - i, þú varst yndi' og ást - in mín og stund - in
nótt - in, ég var nótt - in þögl - a þín og þú varst

E- B⁷ 1. E-

á - feng, stund - in á - feng eins og vín. Við hlýdd - um
ein - a, þú varst ein - a stjarn - an mín.

2. E- E⁷ A- B⁷

vín. Á með - an norð - ur - ljós - in leiftr - a um

E- B⁷ E-

blá - an him - in - inn, þá sit ég ein og þrá - i kveðj - u-koss-inn þinn.

ÍSLAND – LÍFIÐ VIÐ STRÖNDINA

KÁTIR VORU KARLAR - Nemendabók bls. 48

Syngið slagarann *Kátir voru karlar*. Þetta er vals! Texti í nemendabók. Nótur og bókstafshljómar: *Söngvasafn* (Snorri Sigfús Birgisson og fleiri) bls. 116. *Tónlist og líkaminn*, kennarabók (Ólafur Schram og Skúli Gestsson) bls. 27.

VESTMANNAEYJAR OG HIN ÍSLENSKA IÐNBYLTING - Nemendabók bls. 49

„Árið 1902 var fyrst sett vél í íslenskan fiskibát“ segir í texta nemendabókar. Tilkoma vélbátanna gjörbreytti ýmsu, t.d. hljóðheiminum við ströndina.

Það var gaman að heyra skellina í móturvélinni, og maður var mjög hrifinn af skotskellum Dan- og Gideon-vélanna, en mest þó af skellunum í í Möllerups-vélinni, því það voru skot.

Ásgeir Jakobsson: Tryggva saga Ófeigssonar bls. 34.

Þessi tilvitnun gæti verið innlegg í umfjöllun um umhverfishljóð, ekki síst í skólum við sjávarsíðuna. Hér er tilvalið að rifja upp gömul íslensk lög og stemmur um haf og sjósókn. T.d. *Hafið bláa hafið, Austan kaldinn á oss blés* og *Við skulum róa sjóinn á*. Eins *Suðurnesjamenn* eftir Sigvalda Kaldalóns. Texti þess lags er úr langri þulu eftir Ólínu Andrésdóttur. Þar segir á einum stað:

Lögðu þeir í brimgarðinn lítilli skel
þó ættu þeir ekki í bátnum sínum útlenda vél.

Lesið síðan kaflann í nemendabókinni og endi á einhverju dæmigerðu sjómannalagi, t.d. *Vertu sæl mey* (sjá hlustunarefni, lag 55 og verkefni á vef, síða 24). Umræður: Hvað eru sjómannalög? Sjá myndir af hljómplötum og plötuumslögum á bls. 52 í nemendabók.

ODDGEIR KRISTJÁNSSON OG ÁSI Í BÆ - Nemendabók bls. 50

Hér er sagt frá afbragðs höfundum utan af landi, sem löngum hafa fallið í skuggann af starfsbræðrum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Til að átta sig á orðum Gunnlaugs Ástgeirssonar um rómantíska ættjarðar- og sveitasöngva undir þýsk-dönskum áhrifum, má fletta í gegnum *Söngvasafn* Snorra Sigfúsar Birgissonar eða *Íslenskt söngvasafn* („fjárlögin“) og syngja nokkur lög. T.d. *Frjálst er í fjallasal* (Kuhlau). Sjá einnig hefti Þórunnar Björnsdóttur *Syngjandi skóli*.

Lög Oddgeirs Kristjánssonar eru byggð upp á mjög skýran hátt. Hér á eftir fer dæmi um slíkt.

Ágústnótt

Oddgeir Kristjánsson

32 TAKTA STANDARD-FORM

Oft spila djassleikarar lög í 32 takta AABA-formi. Þá er yfirleitt byrjað á því að leika laglínuna einu sinni. Síðan tekur við spuni einstakra hljóðfæraleikara yfir hljómagang lagsins. Spili einhver einu sinni í gegnum lagið er talað um einn *chorus*. En sólókaflinn getur verið lengri, t.d. tveir *chorusar*. Svo tekur næsti einleikari við. Að lokum er laglínun yfirleitt leikin aftur með þátttöku allrar hljómsveitarinnar.

Lagið *Ágústnótt* (þjóðhátíðarlag Vestmannaeyja árið 1937) eftir Oddgeir Kristjánsson er í 32 takta *standard*-formi. Nánar tiltekið er formið A A1 B A1. Loturnar (*periods*) eru fjórar. Hver þeirra er átta taktar ($4 \times 8 = 32$). Takið eftir ferundastökkunum í B-kafla: B7 – E-moll – A7 – D7 – G og svo til baka í C-dúr, þar sem A-kaflinn hefst aftur. Slík ferundastökk eru algeng í lögum Oddgeirs. Hann var gítarleikari með góða tilfinningu fyrir hljómagangi.

Fáið átta nemendur til að mynda hring. Látið hvern og einn fá lítið ásláttarhljóðfæri í hendur. Einn nemandi í einu slær síðan á fyrsta slagi í hverjum takti á meðan kennarinn leikur laglínuna eftir nótunum. Gefið skýr fyrirmæli um hver eigi að byrja. Spyrjið síðan „hvað lagið hafi farið marga hringi“. Hringirnir voru fjórir, einn fyrir hverja lotu. Slögin voru samtals 32.

Fáið níunda nemandann til að undirstrika byrjun hverrar lotu með enn einu hljóðfærinu, t.d. þríhorni. Látið viðkomandi standa í miðjum hringnum.

Hlustun: *Vor við sæinn* (Bjartar vonir vakna – lag 50). Nemendabók bls. 51.

Hægt er að fylgjast með söng Öskubuskna á nótum í kaflanum um tangó, hér framar í kennsluleiðbeiningum.

Hlustun og verkefni á vef, síða 21: *Blítt og létt* (lag 51).

Oddgeir Kristjánsson lést árið 1966 aðeins fimmtugur að aldri. Tveimur árum síðar kom út stór hljómplata (LP) með lögum hans. Flytjendur eru sextett Ólafs Gauks ásamt söngvurunum Svanhildi Jakobsdóttur og Rúnari Gunnarssyni.

Hlustun og verkefni á vef, síða 23: *Ég veit þú kemur* (lag 52).

Frægur flutningur Ellýjar Vilhjálms á þjóðhátíðarlagi Vestmannaeyja frá 1962.

Nótur og bókstafshljóma að laginu er m.a. að finna í bók Einars Scheving, *Íslensk sönglög með undirleik. Nótubók með íslenskum söngperlum fyrir laglínuhljóðfæri (C, Bb, Eb og f-lykil)*.

Hlustun: *Maja litla* (lag 54) nemendabók bls. 51.

Hér flytur Ási í Bæ hið þekkt lag sitt um fallegu stúlkuna í frystihúsinu. Það er góð tilbreyting frá öllum sjómannaögunum, sem flest fjalla um karlmenn og karlmenni. Hljóðritunin er frá afmælistónleikum Ása í Norræna húsinu í Reykjavík 1984. Texti á bls. 51 í nemendabók og sjálfsagt að taka undir!

Hlustun og verkefni á vef, síða 24: *Vertu sæl mey* (lag 55).

Þekktur vals eftir Ása í Bæ og Loft Guðmundsson. Takið undir í viðlaginu.

Textann og lagið með bókstafshljómum má finna í bók Gylfa Garðarssonar *Sígild sönglög 2* bls. 108. Þar segir m.a. „Að sögn erfingja Ása gerðu þeir Loftur textann í sameiningu. Nótur og hljómar eru eftir handriti af píanóútsetningu eignaðri O.K. (vísar það trúlegast til Oddgeirs Kristjánssonar).“

SIGLUFJÖRDUR - Nemendabók bls. 53

Hlustun: *Landleguvalsinn* (lag 53).

Hér er bæði sungið um Vestmannaeyjar og Siglufjörð. Takið undir með Hauki Morthens og félögum. Skoðið ljósmyndir af gömlum danshljómsveitum í nemendabók *Dægurspora* bls. 53, 56 og 70. Þær eru allar teknar á Siglufirði. Þar höfðu hljóðfæraleikarar nóg að gera, ekki síst í landlegum. Lag og texta má finna í bók Gylfa Garðarssonar: *Sígild sönglög 2* bls. 74. Höfundar eru Jónatan Ólafsson (sjá ljósmynd á bls. 70 í nemendabók) og Númi Þorbergsson.

Þá var nú gleði og geislandi hlátur / sem bergmálar enn.

Þá voru sorgir og saknaðargrátur / sem bergmálar enn.

Ánægðir til hafs úr höfn fórum við, / gleymnir á meyjanna nöfn vorum við.

Hlátur og grátur í huganum bergmálar enn.

Númi Þorbergsson.

GLÆSTAR VONIR ÞRIÐJA ÁRATUGARINS

Til umfjöllunar er tímabil sem nefnt hefur verið „The Roaring Twenties“ eða „The Jazz Age“. Sú nafngift er þó nokkuð villandi, því fleira var kennt við djass á þessum árum en efni stóðu til. En „kveinandi saxófónar“ og „angurvær blástur úr lúðurhorni“ settu vissulega svip á tíðarandann, sbr. tilvitnun í F. Scott Fitzgerald á bls. 55. Á íslensku er stundum talað um millistríðsárin, hugtak sem nær reyndar yfir lengra tímabil. Kreppuárin hefjast svo um 1930. Fjöldaframleiðsla og færibandavinna urðu daglegt brauð á þessum árum. Hér mætti sýna atriðið úr *Nútímanum* eftir Chaplin sem nefndur er í kaflanum um þöglar kvikmyndir.

ÚTVARPIÐ OG DÆGURTÓNLISTIN - Nemendabók bls. 55

Útsendingar frá dansstöðum nutu vinsælda í Bandaríkjunum fljótlega eftir tilkomu útvarps. Danslög voru fyrst leikin í beinni útsendingu Ríkisútvarpsins um áratug síðar. Sjá einnig Útvarp og vinsældatónlist bls. 67 og umfjöllun um þann kafla í kennaraefninu.

Hlustun: *Let it Snow* (lag 57). Alfreð Clausen og hljómsveit Bjarna Böðvarssonar flytja. Bjarni Bö. er nefndur í *Kerlingarvísu* (sjá bls. 43). Hann var faðir Ragnars Bjarnasonar. Sjá nemendabók bls. 86. Alfreð Clausen sést á mynd á bls. 77 í nemendabók. Hann er einnig nefndur í niðurlagskaflanum. Alfreð er greinilega óvanur að syngja á ensku. En íslenskuframburður hans var til hreinnar fyrirmyndar.

Hlustun og verkefni á vef, síða 12: *Á persnesku markaðstorgi* (lag 13).

Útvarpshljómsveit í anda Þórarins Guðmundssonar flytur lagið. Þórarinn var starfsmaður Ríkisútvarpsins. Sjá nemendabók bls. 18.

GRAMMÓFÓNNINN OG HLJÓMPLATAN - Nemendabók bls. 56

Samþætting við stærðfræði: Þvermál 78 snúninga hljómplötu er 25 cm. Hvert er þá ummálið? Platan snýst 78 hringi á mínútu. Hvað fer hún þá í marga hringi á meðan hún spilar lag sem er 3:20?

Hljómplatan var algjör bylting í þróun og útbreiðslu alþýðutónlistar og dægurmennningar, sbr. eftirfarandi frásögn kornettleikarans Jimmy McPartland:

Við vorum að frá klukkan þrjú um eftirmiðdaginn til klukkan átta á kvöldin. Bara til að hlusta á þessar plötur aftur og aftur. Einmitt þá ákváðum við að stofna hljómsveit og reyna að spila eins og þessir gaurar. (...) Við vöndum okkur á að setja plötu á fóninn, spila fáeina takta og reyna sjálfir að ná því sem við heyrðum. Við urðum að stemma hljóðfærin eftir tónhæðinni á plötunni og reyna að ná fáeinum nótum. Stoppa spilarann, halda síðan áfram með lagið svo hver og einn gæti náð sínum nótum og búmm! Við náðum þessu (...) þannig tókum við hverja hendingu fyrir. (...) Ímyndið ykkur hvað þetta var erfitt til að byrja með. Við vorum algjörir byrjendur og gerðum svo mörg mistök að fólki fannst þetta hræðilegt. Við urðum að flytja okkur úr stað þegar nágrannarnir þöldu ekki lengur við. (...) Eftir þrjár til fjórar vikur gátum við loksins spilað heilt lag. Það var Farewell Blues. Maður lifandi, það var sko lagið okkar. Eftir að hafa neglt það niður, var næsta lag tekið fyrir og þannig koll af kalli. Innan nokkurra mánaða gátum við spilað níu eða tíu lög.

Bjarne Mörup: Jazzbogen bls. 32. Forlaget Systime A/S Århus.

Jimmy McPartland var í hópi ungra djassleikara sem á þriðja áratugnum kenndu sig við Austin High School í Chicago. Frásögnin sýnir nemendum fram á að það er ekki heiglum hent að búa til frambærilega hljómsveit. Fólk verður að nenna þessu. Það er ekki bara æfingin sem skapar meistarann, heldur einnig þrautseigjan og aukaæfingarnar.

SKEMMTANAÍÐNADURINN - Nemendabók bls. 56

Hér er minnst á charleston, foxtrott og tilkomu dægurlagastjarna.

Dæmi um foxtrott: *The Sunny Side of the Street* með Louis Armstrong.

<https://www.youtube.com/watch?v=Nn3soYbSpS4>

Skiptið nemendahópnum í tvennt. Klappið eða stappið á rauðu tölunum. Æfið fyrst sérstaklega. Flytjið svo með laginu *The Sunny Side of the Street*. Hikið ekki við að breyta og betrubæta eftir þörfum:

1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 // (Stappið)

1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 3 4 / 1 2 og 3 4 // (Klappið)

Dæmi um charleston: <https://www.youtube.com/watch?v=7neA1I9K71c>

<https://www.youtube.com/watch?v=yNAOHtmy4j0>

Lærið að dansa charleston: <https://www.youtube.com/watch?v=jUqRAUxip4U>

Art deco var ríkjandi stefna í hönnun: <https://www.youtube.com/watch?v=vndL5tTTReE>

Upphaf sjónvarpsþáttanna um Bertie and Wooster (byggt á sögum P.G. Woodhouse með Hugh Laurie og Stephen Fry í aðalhlutverkum) í art deco-stíl:

<https://www.youtube.com/watch?v=byBQxOC-3ow>

SAXÓFÓNAR sjá mynd á bls. 56 í nemendabók

Sjá umfjöllun um hlustunardæmi 25-31 og verkefni á vef, síðu 14, í kaflanum Nokkur blásturshljóðfæri hér að framan.

Hlustun og verkefni á vef, síða 14:

Lag 29: *Frá Vermalandi* (sænskt þjóðlag). Gunnar Ormslev leikur á altsaxófón. Þetta var eina lagið sem gefið var út á hljómplötu undir nafni Gunnars Ormslev meðan hann lifði. Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur gaf plötuna út og númer hennar er HSH 9.

Lag 30: *Björkjallarinn*. Finnur Eydal leikur á barytonsaxófón. Af 45 snúninga hljómplötunni Helena og Óðinn syngja lögin úr *Allra meina bót* með hljómsveit Finns Eydal. Sjá mynd af umslagi plötunnar í nemendabók bls. 79. Íslenskir tónar gáfu út.

Lag 31: Ben Webster blæs í tenórsaxófón. Með honum leika Oscar Peterson á píanó, Barney Kessel á gítar, Ray Brown á kontrabassa og J.C. Heard á trommur.

Lag 74: *Braggablús*. Vilhjálmur Guðjónsson leikur á altsaxófón.

Lag 38: *House Rent Blues*. Sidney Bechet leikur á sópransaxófón. Áður hefur verið nefnt upphafsatriði kvikmyndar Woody Allen, *Midnight in Paris*.

Reynið: <https://www.youtube.com/watch?v=bmVTnLR02Nc>

Athugið altsaxófónleik Halldórs Pálssonar í laginu *Reyndu aftur* eftir Magnús Eiríksson. Pálmi Gunnarsson og Mannakorn flytja. Halldór leikur einnig í lagi ABBA *Voulez Vous*.

FLAPPERS - Nemendabók bls. 57

Segja má að þessar ungu konur (flappers) hafi endurskilgreint hlutverk kvenna í samfélaginu. Berið saman lýsinguna á þeim og því sem áður hefur komið fram um stöðu kvenna: *Miðpunktur heimilisins var húsmóðirin. Hún vann ekki úti en hafði þjónustufólk til að sinna börnum og húsverkum. Hún gat þar af leiðandi gefið sig að öðru, t.d. tónlist ... margt var gefið út sérstaklega með fínar frúr og föngulegar heimasætur í huga.* (Evrópsk borgarastétt, nemendabók bls. 5.) *Þjóðfélagið og dansinn voru byggð upp á sama hátt. Líkt og í lífinu sjálfu var það karlmaðurinn sem gegndi forystuhlutverki. Konan hlýddi.* (Yfirstéttin stígur vals, bls. 12.) Athugið líka revíulagið *Pegar amma var ung* (lag 43) ásamt verkefni á vef, síða 17. *Pegar amma gamla var ung og kekk / um átján hundruð sjötíu og níu / höfðu ungu konurnar annan smekk / það ávallt þótti sæma hverri þú, / sig í hjónabandið að hypja sem fyrst / og helst að gerast átta barna móðir, / að bróðera baldur og spinna' af lyst / og búa svo við heimilisins hlóðir.*

Nægt myndefni um flappers finnst á netinu. Prófið leitarorðin *Roaring twenties*, *Flappers in the 1920's* eða *The Jazz Age Flappers*. Sjá einnig vefslóðir við kaflann *Skemmanaðnaðurinn* hér að framan. Á bak við alvöruleysi þessara ungu kvenna leyndist sú sorglega staðreynd, að stór hluti jafnaldra þeirra af karlkyni hafði látið lífið á vígvöllum fyrri heimsstyrjaldar.

DJASSINN Í CHICAGO - Nemendabók bls. 58

Í upphafi þriðja áratugarins störfuðu a.m.k. fjörutíu hljóðfæraleikarar frá New Orleans í Chicago, flestir dökkir á hörund. Borgin varð um skeið miðpunktur djasstónlistarinnar. Frægastur þessara tónlistarmanna varð Louis Armstrong. Hann lék m.a. með stúdíó-hljómsveitunum *Hot Five* og *Hot Seven*. Hljómplötur, sem teknar voru upp í Chicago áttu mikinn þátt í útbreiðslu djassins bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Þær gerðu fólki t.d. kleift að tileinka sér hina nýju tónlist með því að hlusta aftur og aftur á sama lagið.

Hlustun og verkefni á vef, síða 26: (lag 56) *West End Blues*.

Lagið var hljóðritað í Chicago 1928. Útskýrið fyrir nemendum hvað orðið *chorus* þýðir í djassi.

CHORUS getur þýtt viðlag (*refrain*). Pegar verið er að spila djass, merkir chorus yfirleitt einn umgangur af öllum hljómagangi lags. Oft eru það 32 taktar (sjá kaflann 32 takta standard-form og lagið *Ágústnótt* eftir Oddgeir Kristjánsson). Í blús er þó yfirleitt um 12 takta að ræða en stundum 16. Sólókaflir eða einleikur er spunninn yfir einn eða fleiri chorusa. Hér má rifja upp, að í New Orleans-djassinum léku allir hljóðfæraleikararnir lausum hala í sameiginlegum spuna. En í Chicago-djassinum var fyrst farið að bjóða upp á sóló leikin af fingrum fram. Kontrabassa-, túbu og trompetleikarinn „Pops“ Foster (1892-1969) var nærri því hreinræktaður cherokee-indíáni. Hann lék m.a. með King Oliver, Louis Armstrong og Sidney Bechet. Hann var þjarkur til vinnu og mundi tímana tvenna:

Pegar einhver tók sóló í gamla daga, voru hinir alltaf að spila eitthvað á bak við. Enginn lagði niður lúðurinn til að láta einhvern annan um hituna ... Maður hætti kannski að blása til þess að þerra varirnar en byrjaði svo strax aftur. Hætti einhver að spila, sagði umboðsmaðurinn eða sá sem ráðið hafði hljómsveitina: „Hvað er að honum þessum, er hann orðinn lúinn? Eru varirnar á honum orðnar þurrar?“ Í þá daga sátum við ekki á stólum og urðum ekki jafn þreyttir á að standa, eins og þið verðið í dag. Um 1920 byrjuðu menn að leggja niður lúðurinn eftir að hafa spilað einn chorus. Gaurarnir í rytmasveitinni eru þeir einu sem sem leggja hart að sér nú á dögum. Þeir spila allt lagið og bassaleikarinn stendur í lappirnar allan tímann.

Jazzbogen bls. 8. Systime Århus 1994. (systime.dk.)

Myndefni: West End Blues á myndbandi, m.a. nóturnar sem Louis Armstrong leikur:

https://www.youtube.com/watch?v=f5Hbh_-IRs8

DIXIELAND - Nemendabók bls. 59

Heitið *Dixie Land* (tvö orð) var upphaflega notað yfir Suðurríkin (BNA). Þegar um tónlist er að ræða er orðið *Dixieland* (eitt orð) notað yfir útgáfu hvíttra manna á New Orleans-djassi blökkumanna. Um 1950 var farið að tala um dixieland í Evrópu í kjölfarið á vaxandi áhuga fólks á upprunalegum djassi. Danir tóku miklu ástfóstri við þessa tegund tónlistar og hafa iðkað hana af krafti allar götur síðan.

Hlustun: *Sing On* (lag 59):

Leggið eyrun við hlutverki klarínettsins sbr. kaflann New Orleans hljómsveitin á bls. 36 í nemendabók. Takið eftir bassanum. Hann er leikinn á túbu (sjá myndir af túbu og klarínetti á sömu síðu).

Hlustun: *Tiger Rag* (lag 37):

Original Dixieland Jazz band leikur. Parna heyrir vel í banjói (sjá mynd á bls. 37 í nemendabók). Einnig í klarínetti.

Ítarefni: Dixieland í gamla New Orleans-stílnum nýtur víða vinsælda á götum úti. En iðulega hefur einhverjum upphaflegu hljóðfæranna, t.d. kornetti verið skipt út fyrir saxófóna og fleiri hljóðfæri sem ekki voru til staðar á upphafsárum djassins. Með tilkomu netsins er svona efni orðið vel aðgengilegt.

Leyfið nemendum að horfa á skemmtileg dæmi og finna út úr því hvað hefur breyst frá því í gamla daga. <https://www.youtube.com/watch?v=qsc5glqZl18>

Hér eru bæði banjó og túba: <https://www.youtube.com/watch?v=lzArTsWpOoE>

Dæmi með körlum og konum: <https://www.youtube.com/watch?v=REryOT53ORU>

Í framhaldi af þessu er tilvalið að rifja upp lagið *When the Saints* (nem. bls. 35)

Næst á síðunni eru myndir af plötuumslögum með Louis Armstrong og Ellu Fitzgerald. Louis kemur nokkrum sinnum við sögu í þessu efni. Því má skjóta að til fróðleiks, að Congo Square (sjá nemendabók bls. 23) lá þar sem nú er opið svæði í Louis Armstrong Park í New Orleans. Ella varð m.a. fræg fyrir „scat singing“: <https://www.youtube.com/watch?v=PbL9vr4Q2LU>

KAUPSTAÐUR INNI Í LANDI, KANSAS CITY - Nemendabók bls. 60

Auk New Orleans og Chicago urðu borgirnar New York og Kansas City frægar miðstöðvar djasstónlistar á fyrri hluta 20. aldarinnar. Gott að halda því til haga, þó plássins vegna sé ekki hægt að gera því góð skil í þessu námsefni.

Hljómsveitarstjórinn og píanóleikarinn Count Basie (1904–1984) lék þegar á unglingsaldri af fingrum fram í kvikmyndahúsum sem sýndu þöglar kvikmyndir. Árið 1929 var hann kominn til Kansas. Þekktasta lag stórsveitar hans er ef til vill *One O'Clock Jump* (lag 65 í hlustunarefni). Sjá einnig *Fly Me to the Moon* (lag 58).

Stórsveitir djassins (big bands) komu iðulega fram á risastórum skemmtistöðum. Stærð sveitanna gerði það að verkum að skrifa þurfti tónlistina á blað. Hljóðfæraleikararnir þurftu þar af leiðandi að vera sæmilega læsir á nótur. Þeir komu oft úr miðsstéttarfjölskyldum blökkumanna. Það fólk var hins vegar mjög gagnrýnið á fyrsta djassinn, umhverfið sem hann var spratt úr og lágstéttarfólkið sem spilaði hann.

KONUR Í DJASSI

Nokkrar stórsveitir voru eingöngu skipaðar konum. Þar má nefna Ina Ray and her Melodears; The Lorraine Page Orchestra; Rita Rio and her Mistresses of Rhythm og The International Sweethearts of Rhythm. Auðvelt er að finna myndefni með einhverri þessara stórsveita á netinu. Athugið t.d.

<https://www.youtube.com/watch?v=pQKOre85gis>

Hlustun: *Syl-O-Gym* (lag 60).

Píanóleikarinn, útsetjarinn og tónskáldið Mary Lou Williams (sjá mynd á bls. 60 í nem.) er einna merkust þeirra kvenna sem komið hafa við sögu í þróun djassins.

WEIMAR-LÝÐVELDIÐ - SLAGARAR – SCHLAGER - Nemendabók bls. 60

Athyglisvert er á tímum mikilla fólksflutninga að kynna sér straum hljóðfæraleikara til Þýskalands eftir fyrri stríð (1914-1918). Þá höfðu gömul keisaradæmi, t.d. það rússneska og hið austurrísk-ungverska lagst af með þeim afleiðingum, að margir klassískt menntaðir tónlistarmenn misstu lífsviðurværi sitt. Í kjölfarið leituðu þeir sér vinnu í Þýskalandi, þar sem mikil gróska var í lifandi tónlist, ekki síst skemmtitónlist. Afleiðingin varð m.a. sú, að slík tónlist var afar vel flutt. Oftar en ekki er dægurtónlist hins vegar flutt af sjálfmenntuðum tónlistarmönnum. Þýska hljómsveitin Palast Orkester hefur sérhæft sig í dægurtónlist þriðja áratugarins og hana má víða finna á netinu. Leitarorð: Palast Orchester eða Max Raabe and Palast Orchester.

Í kafla þessum í nemendabók er minnst á skáldsöguna *Goodbye to Berlin* sem síðar varð að söngleiknum *Cabaret*. Sjá á netinu lagið *Life is a Cabaret* í flutningi Lizu Minelli.

<https://www.youtube.com/watch?v=VXRQV5z9GL8>

Einnig er í kaflanum minnst á söng- og leikkonuna Marlene Dietrich (sjá einnig síðari heimsstyrjöldina).

AFTUR TIL EVRÓPU – SÖNGFLOKKAR

M.A. KVARTETTINN Nemendabók bls. 63

Sjaldgæf ljósmynd af þessum sögufræga kvartett er í bókinni: *Stríðsárin 1938-1945* eftir Pál Baldvin Baldvinsson, bls. 184.

LAUGARDAGSKVÖLD Nemendabók bls. 64.

Tilvalið til söngs. Sjá nótur hér að neðan. Þetta virðist í fljótu bragði rammíslenskur kveðskapur en er reyndar afbragðs þýðing Magnúsar Ásgeirssonar á sænsku kvæði (sjá næstu síðu).

Hlustun: *Laugardagskvöld* (lag 61).

M.A. kvartettinn syngur. Undirleikari er Bjarni Þórðarson.

Laugardagskvöld

Helfrid Lambert



Það var kátt hérna' um laug - ar - dags - kvöld - ið á Gil - i, það

3 A- D7 G
kvað við öll sveit - in af dans - i og spil - i, það var

5 G D7 G
hó, það var hopp, það var hæ! Hann

7 G G7 C A-
Hofs - lár - i ær - ing - i aust - an af land - i, þar

9 D- G C A-
út - i í tún - fæt - i drag - spil - ið þand - i, hæ

11 C G7 C
dú - del - í, dú - del - í dæ!

Lagið Laugardagskvöld nefnist á sænsku *Det var dans bort i vägen*. Upphafið er svohljóðandi:

Det var dans bort i vägen på lördagsnatten
över nejden gick låten av spelet och skratten,
det var tjoh! det var hopp! det var hej!
Nils Utterman, token och spelmansfanten,
han satt med sitt bälgspele vid landsvägskanten,
för dudeli! dudeli! dej!

Auðvelt er að nálgast upprunalegu útgáfuna á netinu. Hvað skyldi Magnús Ásgeirsson hafa nefnt þau Kersti, den trotsiga, vandranda, vilda, Finnbacka-Britta och Kajsa och Tilda och den snudiga Marja i Bäck? Hverjir voru Petter í Toppsta og Gusten i Backen? Ef jarðvegur reynist fyrir slíkri umræðu, má til gamans skoða þýðingar Lofts Guðmundssonar (sjá bls. 51) á Tinnabókunum. Tinni er Tintin; Tobbi heitir Milou; Skafti og Skapti nefnast Dupont og Dupond. Kolbeinn kaftinn: Capitaine Haddock.

Lagið er samið af konu. Hún hét Helfrid Signe Cecillia Lambert, fædd Sundqvist (1868-1954). Hún var lærð söngkona og sló í gegn með laginu *Kvásarvalsinn* í revíunni Den stora strejken árið 1899. *Kvásarvalsinn*, eins og lagið nefnist á íslensku, kemur við sögu í næsta kafla.

HARMÓNÍKA Nemendabók bls. 65

Tilvalið er að kynna harmóníkuna í framhaldi af ljóðlínunum „Hann Hofs-Láki, æringi austan af landi, þar úti í túnfæti dragspilið þandi“. (*Laugardagskvöld* bls. 64). Enda vísar myndatextinn neðst á blaðsíðunni til þeirrar ljóðlínu.

Hlustun: *Kvásarvalsinn* („Húrra, nú ætti að vera ball“), (lag 63). Lag sem Helfrid Signe Cecillia Lambert, höfundur lagsins Laugardagskvöld. gerði frægt á sínum tíma. Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli í Þistilfirði leikur á harmóníku og Garðar Jakobsson á fiðlu. En hver er munurinn á einfaldri og tvöfaldri harmoníku?

Garðar Jakobsson, bóndi í Lautum í Reykjadal, leikur hér á fiðlu af hinni sígildu gerð. Garðar eignaðist fiðluna á unga aldri, en fiðlan var þá tiltölulega algengt hljóðfæri í Þingeyjarsýslu, einkum í Reykjadal og Mývatnssveit. Síðan hefur Garðar oft gripið til fiðlunnar í heimahúsum og á góðra vina fundi, en lítt hugsað til lofs og frægðar.

Á harmoníkuna leikur Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli í Þistilfirði, búsettur á Akureyri um langt skeið, og meira kunnur af ritstörfum en hljóðfæraleik. Þegar Einar var á barnsaldri, var föðurbróðir hans, Guðjón Einarsson á Sævarlandi, sá sem mest og best lék fyrir dansi þar um slóðir, og með honum lék stundum á fiðlu, Jóhannes Guðmundsson í Flögu, sem enn er á lífi, háaldraður maður.

Guðjón lék á harmoníku af þeirri gerð sem nefnd er tvöföld harmoníka, til aðgreiningar frá harmoníku, sem hafði aðeins eina nótnaröð og gaf litla möguleika. Þó að tvöfalda harmoníkan hafi aðeins tuttugu og eina nótu, hefur hún helmingi fleiri tóna, því hver nóta skiptir um tón eftir því hvort harmoníkubelgurinn er dreginn sundur eða saman.

Það má því teljast engan veginn vandalaust að hagnýta sér þá fábreyttu möguleika, sem þetta hljóðfæri gefur. Einar lærði á þessum árum bæði lög og tækni af Guðjóni, þar til að gamla hljóðfærið sagði af sér fyrir aldurssakir, og fultkomnari harmoníku komu til sögunnar.

...

Síðan hefur hann verið að rifja upp þessi fornu danslög, svo að þau megi varðveitast sem minjar liðins tíma, þegar afarnir okkar og langafarnir dönsuðu léttan við ömmurnar og langömmurnar okkar. Þessi lög munu láta vel í augum elstu kynslóðarinnar, enda eru mörg þeirra falleg og skemmtileg. Þau er þáttur úr dansmenningu þjóðarinnar, og í þeim lifir æskufjör og lífsgleði liðinna kynslóða. Meirihluti laganna er sennilega upprunninn í Noregi eða í Svíþjóð.

Svavar Gests: Texti aftan á plötuumslagi frá 1979.

Hringdansar (lag 64).

Jan Morávek leikur á harmoníku, Eyþór Þorláksson á gítar og Erwin Köppen á bassa. Jan Morávek (1912-1970) var mjög áberandi í íslensku tónlistarlífi á eftirstríðsárunum. Hann fæddist í Vínarborg en var af tékkneskum ættum. Hann var því nýbúi, þó það orð hafi ekki verið þekkt á þeim tíma. Kennið nemendum að dansa hringdans og syngja:

Kokkurinn við kabyssuna stóð, fallera,
kolamola o'ní hana tróð, fallera.
Kámugur um kjaftinn bæði og trýni' fallera.
Kann hann ekki' að skammast sín það svín fallera.

Nótur með bókstafshljómum: *Sígild sönglög* 2 bls. 64 (Gylfi Garðarsson).

COMEDIAN HARMONISTS Nemendabók bls. 66

Hlustun og verkefni á vef, síða 25: *Kannst Du Pfeifen, Johanna?* (lag 62).

Myndefni (svörthvít kvikmynd): <https://www.youtube.com/watch?v=c9DFdBAwJds>

AÐRIR SÖNGFLOKKAR Nemendabók bls. 66

Vert er að nefna til sögunnar raddir nokkurra kvenna. Öskubuskur (stofnaðar 1945) voru upphaflega skipaðar fimm stúlkum úr Gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Árið 1953 komu þær svo fram aftur undir sama nafni en voru aðeins tvær, þær Sigrún Jónsdóttir og Margrét Björnsdóttir. Þær sungu þá inn á nokkrar Tónika-plötur, sem náðu afarmiklum vinsældum. Tónika var útgáfufyrirtæki þeirra Kristjáns Kristjánssonar (KK) og Svavars Gests sem einnig ráku Músíkbúðina í Hafnarstræti í Reykjavík. 1954-’55 komu út 24 plötur á vegum þess fyrirtækis. Svavar valdi lög og söngvara en Kristján útsetti. Meðal laga sem Öskubuskur hljóðrituðu eru *Sestu hérna hjá mér*, *ástin mín* og *Bimbó*. Hér flytja þær lag Oddgeirs Kristjánssonar *Vor við sæinn* (Bjartar vonir vakna – lag 50). Sjá bls. 51. í nemendabók og nótur hér á bls. 26-27. Sigrún Jónsdóttir varð í kjölfarið þekkt dægurlagasöngkona (sjá mynd á bls. 66).

SIGRÚN JÓNSDÓTTIR er ein af okkar bestu dægurlagasöngkonum, er fædd í Reykjavík 1930. Árið 1945 stofnaði hún ásamt fjórum öðrum ungum stúlkum söngkvintettinn Öskubuskur, er starfaði í nokkur ár og kom víða fram. Árið 1946 kom Sigrún fyrst fram með hljómsveit Gunnars Ormslev. Síðan hefur hún sungið með ýmsum hljómsveitum. Árið 1955 fór Sigrún með K.K.-sextettinum til Þýskalands, en þar störfuðu þau í fjóra mánuði á ýmsum stöðum. Einnig komu þau fram í danska útvarpinu.

Ólafur Jónsson: *Skrá yfir íslenskar hljómplötur*
- FÁLKINN H/F HLJÓMPLÖTUDEILD 1956

Tónasystur voru stofnaðar 1955. Þær hljóðrituðu sama ár lagið *Pabbi vill Mambó* ásamt Jóhanni Möller og Mambóhljómsveit Jan Moraveks. Andrew Sisters voru þekktar á fjórða áratugnum og á árum síðari heimsstyrjaldar. Sjá slóð, sem áður hefur verið kynnt með kynningu á Art Deco: <https://www.youtube.com/watch?v=vndL5tTTReE> Þær syngja þær systur.

Kling klang kvintettinn naut vinsælda á stríðsárunum. Sjá: *Hún hét Hanna* (lag 36). *Blástakkatrío* var skipað þremur karlmönnum. Það tók í arf frá Kling klang kvintettinum lagið Pálína, lag sem hafði orðið þekkt í „breska tímanum“ í útvarpinu, þ.e. klukkustundarlöngum þætti sem ætlaður var breska hernámsliðinu á stríðsárunum. Einnig náði það vinsældum á Hótel Borg í flutningi hljómsveitar Jack Quinet. Lagið er einfalt. Hægt er að leika það með einungis tveimur hljófum. Þess vegna er það

gráupplagt byrjendalag fyrir ukulele-nemendur. Fína ljósmynd af Blástakkatríói má finna á bls. 769 í bókinni *Stríðsárin 1938-1945* eftir Pál Baldvin Baldvinsson.

F

Það var einu sinni kerling og hún hét Pálína,

C7

Pálína, Pálína-na-na, Pála Pála Pálína.

C7

Það eina sem hún átti var saumamaskína,

F

maskína-na-na, sauma saumamaskína.

Tóntegundin er valin út frá auðveldustu ukulele-gripunum. Lag og texti: *Sígild sönglög 2* eftir Gylfa Garðarsson bls. 85. Sjá einnig kaflann Söngflokkar í *Hljóðsporur* bls. 50-53.

PÁLÍNA

Það var einu sinni kerling og hún hét Pálína,

Pálína-na-na, Pála-Pála-Pálína.

Það eina sem hún átti var saumamaskína,

maskína-na-na, sauma-saumamaskína.

Og kerlingin var lofuð og hann hét Jósafat,

Jósafat-fat-fat, Jósa-Jósa-Jósafat.

Og hann var voða heimskur en hún var apparat,

apparat-rat-rat, appa-appa-apparat.

Og karlinn átti kúttur og hann hét Gamli-Lars,

Gamli-Lars-Lars-Lars, Gamli-Gamli-Gamli-Lars.

Hann erfði hann frá múttur en hún var voða skass,

voða skass-skass-skass, voða voða voða skass.

Svo sigldu þau á blússi' út á hið blá haf,

bláa haf-haf-haf, bláa-bláa-bláa haf.

Svo rákust þau á blindsker og allt ætlaði' í kaf,

allt í kaf-kaf-kaf, allt í bóla-bólakaf.

Og Jósafat hann æpti: „Við höfum okkur fest,

höfum fest-fest-fest, höfum höfum okkur fest.

Ég held ég verði' að kasta minni balla-balla-lest,

balla-lest-lest-lest, balla-balla-balla-lest.“

Það fyrsta sem hann kastaði var saumamaskína,

maskína-na-na-na, sauma-saumamaskína.

Á eftir fór í hafið hans kæra Pálína,

Pálína-na-na, Pála-Pála-Pálína.

Nú situr hann og syrgir sína kæru Pálínu,

Pálínu-nu-nu, kæru-kæru Pálínu,

sem situr niðri' hafsbotni' og snýr saumamaskínu,

maskínu-nu-nu, sauma-saumamaskínu.

Tónlist og texti: Sænskt þjóðlag, sænsk þjóðvísa.

Þýðing Gunnar Ásgeirsson og Sveinn Björnsson. Þeir skipuðu ásamt Ólafi Beinteinssyni Blástakkatríóið sem starfaði frá 1939-1941, sungu þar og léku undir á gítara, mandólín og balalæku. Ólafur Beinteinsson söng einnig með Kilng-Klang kvintettinum.

HEIMSKREPPA FJÓRÐA ÁRATUGARINS

Sumum nemendum hættir til að rugla saman heimskreppunni miklu um 1930 og hruninu á Íslandi 2008. Bæta má úr því með því að blanda saman gamni og alvöru. Takið fyrst alvarlega hlutann. Farið á netið og finnið Bing Crosby syngja lagið *Brother Can You Spare a Dime*. Til eru útgáfur skreyttar áhrifamiklum ljósmyndum kreppuárnum um 1930. Farið fyrst lauslega yfir textann:

They used to tell me I was building a dream, and so I followed the mob,
When there was earth to plow, or guns to bear, I was always there right on the job.
They used to tell me I was building a dream, with peace and glory ahead,
Why should I be standing in line, just waiting for bread?

Once I built a railroad, I made it run, made it race against time.
Once I built a railroad; now it's done. Brother, can you spare a dime?
Once I built a tower, up to the sun, brick, and rivet, and lime;
Once I built a tower, now it's done. Brother, can you spare a dime?

<https://www.youtube.com/watch?v=eih67rlGNhU>

Takið nú fyrir skemmtilega hlutann. Finnið á netinu lagið *Who is Afraid of the Big Bad Wolf?* Það er úr samnefndri teiknimynd frá Disney-samsteypunni. Til eru nokkrar útgáfur og hægt að velja á milli þeirra. Haft er fyrir satt að úlfurinn í myndinni sé táknngervingur kreppunnar en varnarviðbrögð svínanna standi fyrir aðgerðir Roosevelt forseta, The New Deal. Takið svo undir í viðlaginu: „Who is afraid of the Big Bad Wolf ...?“

https://www.youtube.com/watch?v=ShE27Hst_NM

The New Deal: Fyrstu hundrað dagana í embætti tókst Roosevelt að koma í gegnum þingið fimmtán nýjum lagafrumvörpum til að sporna við kreppunni. Flest miðuðu frumvörpin að því að koma atvinnulífinu aftur á kjölinn.

ÚTVARP OG VINSÆLDARTÓNLIST Nemendabók bls. 67

Pegar hér var komið sögu, voru dægurlög gefin út á prentuðum nótum og 78 snúninga hljómplötum. En þau heyrðust einnig í kvikmyndum og í útvarpi. Athugið að 78 snúninga hljómplötur, gömul falleg nótnahefti og aðrir upprunalegir munir lifga upp á tónmenntastofuna.

Tilkoma útvarpsins breytti ýmsu. Áður fyrr hófust dægurlög oft á hægum inngangi sem leiddi áheyrandann að aðalstefi lagsins. Dæmi um þetta má finna á bls. 34 í *Söngvasafni 2* (Pétur Hafþór Jónsson): *Fyrir ofan regnbogann* (*Over the Rainbow*). Eftir tilkomu útvarpsins þóttu slíkir inngangar tímafrekir og langdregnir. Þeir voru því klipptir framan af lögunum og gleymdust smám saman.

Eins og áður hefur komið fram, voru danslög leikin í beinni útsendingu í útvarpi. Til að mynda á Íslandi, þar sem hljómsveitir Þórarins Guðmundssonar og Bjarna Böðvarssonar léku. Sjá *Á persnesku markaðstorgi* (lag 13) og (lag 57): *Let it Snow*. Oft var danslag kvöldsins kynnt. Seinna lék t.d. Aage Lorange ásamt hljómsveit sinni í beinni útsendingu frá Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll (Sigtún, NASA). Það var um 1950. Myndefni og lesmál: *Stríðsárin 1938-1945* eftir Pál Baldvin Baldvinsson, bls. 349.

Vaughn DeLeath syngur *Are You Lonesome Tonight?* (þekkt í flutningi Presleys). Í framhaldinu er tilvalið að leyfa nemendum að spreyta sig á söng í hljóðnema.

Hlustun og verkefni á vef, síða 27: *One O' Clock Jump* (lag 65). Benny Goodman og hljómsveit.

Orðið swing hefur tvenns konar merkingu. Annars vegar á það við um tímabil sveiflunnar (*the swing period* eða *the big band era*). Þá dansaði fólk eftir fjörugri tónlist stórsveita djassins og öflugra einleikara. Hins vegar er talað um swing-rytma eða að „lög svingi“. Þá er átt við að áttundapartsnóturnar séu ekki jafnar (*straight*), heldur sé sú fyrri lengri en sú síðari, nokkurn veginn í hlutföllunum tveir á móti einum (*swing* eða *shuffle*). Þetta er kynnt í nemendabók á bls. 39. Í gömlum dixieland-nótum er sving skrifað með punkteruðum nótum. Það má sjá víða, t.d. í nótum Sigfúsar Halldórssonar, en hefur í seinni tíð vikið fyrir ofangreindri nótnaritun. Nálgaðst má upptökur með Benny Goodman á netinu, t.d. þeim sem sagt er frá á bls. 69. Einnig sögufræga tónleika í Carnegie Hall árið 1938. Sagt er, að þar hafi djassinn stigið út úr skugganum og fram í sviðsljósið sem viðurkennd tónlist. Margir frægir tónlistarmenn léku með Benny Goodman, þar á meðal trommuleikarinn Gene Krupa (sjá síðar). Goodman var einna fyrstur til að leiða þekktu hljómsveit sem bæði var skipuð hvítum og svörtum hljóðfæraleikurum. Segið frá frægum dansstað, *Savoy Ballroom* í Harlem. Staðurinn var opnaður árið 1926 en rifinn 1958 til að rýma fyrir nýbyggingu. Dansgólfið, rúmí 3.000 fm að flatarmáli, var kallað „Home of Happy Feet“. Þar „sló hjarta Harlem-hverfisins“ að sögn og staðinn sóttu bæði hvítir og svartir og dönsuðu jafnvel saman! Kíkið á myndefnið: <https://www.youtube.com/watch?v=ZQIWFOU-bp4>

Í bakgrunni hljómar lagið *Stompin' at the Savoy*. Margir kannast við riffið í því. Riff er síendurtekinn rytmi, stef eða lagbútur sem nær yfir einn eða tvo takta og getur fylgt hljómagangi og færst til á tónstiganum eftir þörfum (*Hljóðspor* bls. 84). Ólíkt höfðust menn að í hinum fræga Cotton Club. Þar voru gestirnir allir hvítir en skemmtikraftarnir flestir dökkir á hörund. Þeldökkum íbúum heimsborgarinnar var með öðrum orðum meinað að sjá frægustu stjórnur síns eigin kynþáttar.

<https://www.youtube.com/watch?v=szHWzomqBMI>

LÍTIL HRYNÆFING (munið eftir svinginu): Hópur I: 1 og 2 og 3 og 4 og ://

Klappið, stappið eða spilið rauðu slögin. Hópur II: 1 og 2 og 3 og 4 og ://

CAB CALLOWAY Nemendabók bls. 70.

Hlustun og verkefni á vef, síða 28: *Minnie the Moocher* (lag 67).

Höfundurinn Cab Calloway syngur. Hljóðritað fyrir kvikmyndina *Blues Brothers* árið 1980. Undirleikur er í höndum þekktra hljóðfæraleikara sem gerðu garðinn frægan í STAX-hljóðverinu í Memphis á sjöunda áratug tuttugustu aldar (sjá Söngstjörnur og blásturshljóðfæri, *Hljóðspor* bls. 85). Þekkt varð svokallað Memphis Horn Sound þessara pilta sem léku undir söng frægustu soul-söngvara þeirra tíma, s.s. Otis Reading, Wilson Pickett og Aretha Franklin. Lagið er alþekkt og heyrir m.a. í kvikmyndinni *Bugsy Malone*. Skemmtilegur er flutningur og sviðsframkoma höfundar í kvikmyndinni *Blues Brothers* frá árinu 1980. <https://www.youtube.com/watch?v=zZ5gCGJorKk>

Spaugilegur er flutningur tvíeykisins Jeeves and Wooster (Hugh Laurie and Stephen Fry) úr samnefndri þáttaröð fyrir sjónvarp. https://www.youtube.com/watch?v=JQ_R8QBeYvs

FYRSTU TROMMUSETTIN Nemendabók bls. 70

Ljósmyndirnar segja meira en mörg orð (sjá bls. 53 og 70). Þegar trommusettið kom fram á sjónarsviðið voru bassatrommurnar risastórar eins og bassatrommur lúðrasveitanna. Athugið, að nemendum gengur vel að átta sig á stærðum mældum í tommum, ef miðað er við pizzur. 28 tommu bassatromma er því meira en helmingi stærri en 12 tommu flatbaka. Vefur um sögu trommusettsins og notkun þess í ýmsum stíltegundum tónlistar: <http://www.vicfirth.com/drumset-history/>

GENE KRUPA OG TROMMUSETTIÐ Nemendabók bls. 71

Hlustun: *The Drum Battle* (lag 66).

Ítarefni: Finnið á netinu: Gene Krupa & Buddy Rich Famous Drum Battle. Upptakan er frá 1966 og þessir nafntoguðu trommuleikarar ekki lengur eins ungir og þegar stjarna þeirra skein sem hæst. <https://www.youtube.com/watch?v=v-GoQWjH56k>

En trommur eru ekki bara fyrir karlmenn. Finnið einnig á netinu: Battle of the Best Female Drummers in the World. <https://www.youtube.com/watch?v=EU7vR7nGD58>

SÍÐARI HEIMSSTYRJÖLDIN 1939-1945

Nemendabók bls. 72. Kaflanum fylgja tóndæmi og verkefni á vef.

Hlustun og verkefni á vef, síða 34: (lag 72): *Lili Marlene*. Marlene Dietrich syngur brot úr laginu. Hún kom til Íslands árið 1944 og skemmti hermönnum í Trípólíbíói vestur í bæ og í Hálogalandsbragðanum þar sem nú er Vogahverfið í Reykjavík. Sjá *Stríðsárin 1938-1945* eftir Pál Baldvin Baldvinsson bls. 909. Lesefni um sögu lagsins:

<http://www.telegraph.co.uk/culture/music/3561946/The-story-behind-the-song-Lili-Marlene.html>

Reynið einnig að finna atriði úr kvikmyndinni *Lili Marlene* eftir Rainer Werner Fassbinder.

Hlustun: *We'll Meet Again* (lag 73). Vera Lynn syngur brot úr laginu.

Sama lag ásamt ljósmyndum úr síðari heimsstyrjöldinni:

<https://www.youtube.com/watch?v=cHcunREYzNY>

Einnig er minnst á lagið *The White Cliffs of Dover*. Það má m.a. finna á netinu í flutningi tíu ára gamallar breskrar stúlku í þættinum Britain Got Talent:

<https://www.youtube.com/watch?v=-qY8wA-e-k>

Í framhaldi má líta á myndefni um konur í síðari heimsstyrjöld:

<http://www.defensemedianetwork.com/stories/women-in-world-war-ii/>

GLENN MILLER OG STRÍÐSÁRIN Nemendabók bls. 72

Hlustun: *In the Mood* (lag 68).

Myndefni úr svarthvítum kvikmyndum: <https://www.youtube.com/watch?v=xPXwkWVEIIw>

<https://www.youtube.com/watch?v=bR3K5uB-wMA>

Lagið og textinn *Lady Fish and Chips* eru hér á tveimur næstu blaðsíðum. Textinn lýsir stemningu stríðsáranna á Íslandi.

GULLÖLD ÚTVARPSINS Nemendabók bls. 73

Hlustun: *War Time Radio Broadcast* (lag 69).

Ouentin Reynolds, frægur bandarískur blaðamaður, lýsir loftárásum Þjóðverja á London.

Raunveruleg umhverfishljóð í bakgrunni. Enn og aftur kemur útvarpið við sögu.

Hlustun og verkefni á vef, síða 29: *Yankee Doodle* (lag 70).

Hér ljá Walt Disney og Andrés Önd málstaðnum raddir sínar og hvetja útvarpshlustendur til að kaupa stríðsskuldabréf (war bonds). Textinn er birtur á verkefnablaðinu. Verkefnið gengur einkum út á það að þekkja þessa kapp, svo ekki kynna þá fyrirfram!

Hlustun og verkefni á vef, síða 30. Sjá verkefni síðu 31-33: *Since He Traded His Zoot Suit* (lag 71).

Dæmi um dægurlag þar sem ungir menn eru hvattir til að ganga í herinn. Dæminu fylgir langt verkefni um ólíka fatatísku ungmenna á ýmsum tímabilum 20. aldar. Spyrja má í framhaldinu: Hvers konar unglingar voru foreldrar nemenda? Svo ekki sé minnst á afa þeirra og ömmur.

Hlustun og verkefni á vef, síða 35: *Fly Me to the Moon* (lag 58). Frank Sinatra syngur.

Hljóðritunin er mun yngri en hinar, sem tengjast þessum kafla. Hljómsveit Count Basie leikur með. (sjá bls. 35 í kennsluleiðbeiningum).

LADY FISH AND CHIPS (KISS THE BOYS GOODBYE)

Sá þekkti enski fiskréttur Fish and chips var fyrst auglýstur hér á landi í *Daily Post*, dagblaði breska setuliðsins árið 1940. Rétturinn fékkst t.d. á CAFE að Laugavegi 46 og matstofunni Brytinn í Hafnarstræti. Textann orti Jónas Árnason árið 1943 þegar hann stóð á tvítugu og var kominn vestur um haf. Lagið er í 32 takta standard-formi (sjá Oddgeir Kristjánsson bls. 30 hér í kennsluleiðbeiningum) og fínum swing-takti (sjá nem.bók bls. 39). Íslenskur texti Jónasar Árnasonar ásamt nótum og bókstafshljómum Karls J. Sighvatssonar er fenginn úr bókinni *Einu sinni á ágústkvöldi*, (Hörpuútgáfan 1994). Kaflinn þar sem lag og texti birtist nefnist Stríðsáraástir og rómantík. Þar eru lög sem urðu mjög vinsæl hjá Bretum, Bandaríkjamönnum og fleiri þjóðum t.d. Íslendingum á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Meðal annarra laga í kaflanum eru *The White Cliffs of Dover* og *A Nightingale sang in Berkeley Square*, sem bæði koma við sögu í þessu námsefni. Í íslenskum búningi Jónasar nefnast þau *Yfir bænum heima* og *Á leiðinni yfir Arnarhól*.

Lady Fish and Chips

Jónas Árnason Loesser, Schertzing

Section A:

1 Fög - ur er hún eins og sól, klædd í rauð-an sat - in - silk - i - kjól.
 2 Skin af henn - i glit og glans. og hún geng-ur um með ele - gans.

Section B:

5 Hún er á-feng eins og alk - ó - hól, Lad - y Fish and Chips. Chips Ja, þann-ig
 6 og hún kann að dans-a djarf-an dans, Lad - y Fish and

10 am-ors-bog-ann upp hún spenn - ir. Og þeg-ar nótt - in nálg - ast fer hún af sér

14 kjóln-um sín-um rauð - a renn - ir og hún reyk - ir Comm-and - er.

Section A:

18 Hún er laus við hug - ar - vil. Hún er þrung-in sönn-um sex - app - íl.

22 Hún er straum-þung eins og á - in Níl, Lad - y Fish and Chips.

Fögur er hún eins og sól,
klædd í rauðan satínsilkikjól.
Hún er áfeng eins og alkóhól,
Lady Fish and Chips.

Skín af henni glit og glans
og hún gengur um með elegans
og hún kann að stíga djarfan dans,
Lady Fish and Chips.

Já, þannig afmorsbogann upp hún spennir.
Og þegar nóttin nálgast fer
hún af sér kjólnum sínum rauða rennir
og hún reykir Commander.

Hún er laus við hugarvíl.
Hún er þrungin sönnnum sexappíl.
Hún er straumpung eins og áin Níl.
Lady Fish and Chips.

Ó, sú dásemd, drottinn minn!
Þegar fundumst við í fyrsta sinn
og við tókum saman tangóinn,
Lady Fish and Chips.

Ekkert þýddi oss né suss;
blóðið í mér þeyttist þvers og kruss
upp í suðumark á selsíuss,
Lady Fish and Chips.

Já, þannig afmorsbogann upp hún spennir.
Og þegar nóttin nálgast fer
hún af sér kjólnum sínum rauða rennir
og hún reykir Commander.

Hún er laus við hugarvíl.
Hún er þrungin sönnnum sexappíl.
Hún er straumpung eins og áin Níl.
Lady Fish and Chips.

EFTIRSTRÍÐSÁRIN Á ÍSLANDI

Nemendabók bls. 74

Fyrri hluti kaflans fjallar um borgarmyndun og fólksflutninga úr sveit á mölina, eins og það var kallað. Það viðfangsefni getur verið skemmtilegt eitt og sér. Plássins vegna verða því ekki gerð skil hér. En dugmiklum kennurum skal bent á lög eins og *Gunna var í sinni sveit*, *Óli rokkari* og *Kaupakonan hans Gísli í Gröf*. Þau fjalla öll á einn eða annan hátt um „saklaust“ sveitalífið andspænis „spillingunni“ í borginni. Sjá einnig *Rokk kalypsó í réttunum* bls. 70-72 hér í kennsluleiðbeiningum og nokkur orð um íslenska dægurlagatexta bls. 68. (Lag 88.)

Síðari hluti kaflans fjallar um hernám Breta og síðar Bandaríkjamanna á stríðsárunum. Textinn *Braggablús* eftir Magnús Eiríksson er svo á bls. 76. Sjá nótur hér á næstu blaðsíðu.

Hljóðfæraleikararnir á ljósmyndinni á bls. 76 eru talið frá vinstri: Höskuldur Þráinsson með trompet, Kristján Kristjánsson (KK) með klarínett, Jóhannes Eggertsson trommuleikari, Sveinn Ólafsson á tenórsaxófón, Ólafur Gaukur Þórhallsson á gítar, Einar Waage á kontrabassa og Carl Billich við flygilinn. Gamla ljósmynd með með hljómsveit Jack Quinet á Hótel Borg má sjá í bókinni *Stríðsárin 1938-1945* eftir Pál Baldvin Baldvinsson, (bls. 627).

Hlustun: *Braggablús* eftir Magnús Eiríksson. (lag 74). Nemendabók bls. 76.

Sjá nótur hér að framan, texta í nemendabók og verkefni á vef á síðu 36. Höfundur syngur en undirleikur er í höndum valinkunnra hljóðfæraleikara sem allir léku á sínum tíma fyrir dansi á Hótel Borg.

Söngur: Magnús Eiríksson.

Braggablúsband:

Guðmundur R. Einarsson: trommur.

Jón Sigurðsson: bassi. Magnús Eiríksson og

Ólafur Gaukur Þórhallsson: Gítar.

Magnús Pétursson: Píanó.

Vilhjálmur Guðjónsson: alto saxófónn.

Magnús Ingimarsson skráði útsetningar.

Braggablús

Magnús Eiríksson

Ein í bragg - a, Magg - a gæg - ist út um glugg - ann,

bráð - um sér hún Skugg - a - bald - ur skund - a hjá. Enn einn

túr - inn, stúr - in, ol - í - u á skúr - inn er

erf - itt nem - a fyr - ir fjand - ans aur að fá. Í

vet - ur bet - ur gekk henn - i að galdr - a

til sín glaða' og kald - a karl - a sem oft gáf - u aur. En

Magg - a í sagg - a sit - ur ein í bragg - a á

ekk - i fyr - ir ol - í - u er al - veg staur.

SIGFÚS HALLDÓRSSON Nemendabók bls. 77

Hlustun: *Litla flugan* (lag 75).

Þekktasta lag höfundar. Það var frumflutt í útvarpsþætti Péturs Péturssonar í ársbyrjun 1952 og kom út á nótum skömmu síðar. Það vakti strax mikla athygli enda afar grípandi. Vegna ýmissa örðugleika fór 78 snúninga plata með laginu ekki í sölu fyrr en örfáum dögum fyrir jól sama ár. Hitt lagið á plötunni var *Tondeleyó*, sem einnig naut mikilla vinsælda. Upp frá þessu hljóp kippur í íslenska plötuútgáfu, eins og segir frá í niðurlagi Dægurspora.

Hlustun og verkefni á vef, síða 37: *Hvers vegna?* (lag 76).

Erla Þorsteinsdóttir syngur texta Stefáns Jónssonar. Í verkefni er spurt um tvö hljóðfæri, sem leikið er á í laginu, þ.e. fagott og sembal. Sannarlega óvenjuleg hljóðfæri í dægurtónlist!

Hún (Erla Þorsteinsdóttir) kom fyrst fram í Danmörku, söng þar í útvarp og inn á hljómplötu, sem gefin var út fyrir danskan markað. Nokkru seinna kom hún heim til Íslands og söng hér á ýmsum skemmtunum og um það leyti söng hún inn á fyrstu plöturnar fyrir Fálkann. Hún hefur síðan átt sívaxandi vinsældum að fagna og er nú ein af okkar vinsælustu dægurlagasöngkonum.

Ólafur Jónsson: SKRÁ YFIR ÍSLENSKAR HLJÓMPLÖTUR, FÁLKINN H/F HLJÓMPLÖTUDEILD 1956.

Hlustun og verkefni á vef, síða 38: *Vegir liggja til allra átta* (lag 77).

Textinn er eftir Indriða G. Þorsteinsson. Lagið er titillag kvikmyndarinnar *Sjöttú og níu af stöðinni* (1962). Ellý Vilhjálmssynir syngur. Jón Sigurðsson (bassi) útsetti. Takið eftir rafmagnsgítarleik Ólafs Gauks sem sver sig í ætt við Hank Marvin og Shadows. Þeir voru vinsælir á þessum tíma (sjá *Hljóðspor* bls. 57).

Ítarefni: <https://www.ismus.is/i/person/id-1004268>

Árið 1990 kom út bókin *Sigfús Halldórsson, kveðja mín til Reykjavíkur* með vatnslitamyndum Sigfúsar og æviágripi, skráðu af Jónasi Jónassyni. Indriði G. Þorsteinsson ritar inngangsorð.

Vatnslitamyndirnar eru margar úr miðborg Reykjavíkur.

JÓNAS OG JÓN MÚLI ÁRNASYNIR Nemendabók bls. 78 – Verkefni á vef, síða 39

Fróðir menn segja að hinn íslenski söngleikur eigi upptök sín í Deleríum Búbónis. Samvinna bræðranna Jónasar og Jóns Múla leiddi af sér fleiri verk og víst er, að söngvarnir eiga mikinn þátt í vinsældum þeirra. Hér eru dæmi og umsagnir:

DELERÍUM BÚBÓNIS: *Ágústkvöld* („Einu sinni á ágústkvöldi“). *Vikivaki* (lag 83).

... fyrst flutt sem útvarpsleikur í desember 1954, en seinna aukinn og endurbættur og ein helsta skrautfjöður Leikfélags Reykjavíkur 1960 ... sigurganga ... fátítt að íslensk verk næðu almannahylli ... Leikfléttan er snjöll - sjálfum jólnum er frestað svo bjarga megi gróðahlutum fyrir horn! Textar Jónasar og lög Jóns Múla bróður hans áttu stóran þátt í vinsældum leiksins og söngvarnir hafa verið á hvers manns vörum síðan ... óhætt er að fullyrða að hinn íslenski söngleikur sem síðan hefur við haldist - stundum vel, stundum illa - á upptök sín í Deleríum búbónis ... í því var elskulegur tónn þrátt fyrir napurt háð og stæka fyrirlitningu á gróðahyggunni.

*Sveinn Einarsson: Íslensk leiklist III 1920-1960) bls. 200, 309 og 380.
Hið ísl. bókmenntafélag 2016.*

RJÚKANDI RÁÐ: *Fröken Reykjavík*. Texti er á bls. 79 í nemendabók, þar á meðal 2. erindi sem ekki heyrir oft. Athugið umfjöllun um nælonsokka og siffonkjóla, sem tengist beint efni textans síðar í þessum kafla. Nótur og bókstafshljómar fylgja. Meðhöfundur þeirra bræðra að Rjúkandi ráði er Stefán Jónsson útvarpsmaður.

Þá var Deleríum búbonis fylgt eftir með Rjúkandi ráði í Framsóknarhúsinu og var stigið stórt skref í myndun sjálfstæðrar söngleikjahéðar á Íslandi.

Sveinn Einarsson: Íslensk leiklist III (1920–1960) bls. 298. Hið íslenska bókmenntafélag 2016.

ALLRA MEINA BÓT: *Augun þín blá, Það sem ekki má og Gettu hver hún er*. Sjá mynd af plötuumslagi á bls. 79 í nem.bók. Fyrsta lagið á plötunni er reyndar *Björkjallarinn* þar sem Finnur Eydal þenur baryton-saxófóninn (sjá hlustunarefni, lag 30). En söngva þeirra Jónasar og Jóns Múla fluttu þau Helena Eyjólfsdóttir og Óðinn Valdimarsson.

Sumarleikhúsið frumsýndi Allra meina bót í Austurbæjarbíói árið 1961. Var sýningin auglýst sem „íslenskur gamanleikur með söngvum og tilbrigðum eftir Patrek og Pál“. Leikurinn sagður gerast í Reykjavík vorra daga og fjalla um ýmis mannleg mein og sum þeirra ævaforð.

JÁRNHAUSINN: *Án þín, Undir Stórasteini, Sjómenn íslenskir erum við og Við heimtum aukavinnu*. Sjá mynd af plötuumslagi með lögum úr Járnhausnum á bls. 79. Hverjir syngja? Hafa aðrir flutt þessi lög?

... fyrsta nýttisku söngleikinn sem saminn er og sýndur á landi hér, en „Járnhausinn“ ber í öllu einkenni verka þeirra sem nefnd eru musicals með enskumælandi þjóðum og eiga óðal sitt og uppruna í Bandaríkjunum og Bretlandi ...

Þjóðviljinn 25. apríl 1965 bls. 3.

Ítarefni, nótur með bókstafshljómum: Bókin *Einu sinni á ágústkvöldi* er söngvasafn með nótum og geymir lög og texta bræðranna. Þar má m.a. finna fjölmarga texta Jónasar við erlend lög. Karl J. Sighvatsson sá um nótnaskrift og bókstafshljóma. Nótnaheftin *Söngdansar I og II* innihalda lög Jóns Múla í píanóúttsetningum Magnúsar Ingimarssonar. Einnig voru gefnar út bækur undir heitinu *Meira til söngs*.

Textar Jónasar eru vel ortir og fara vel í munni. Söngur eykur lestrarfærni og orðaforða og kennir fólki að kveða skýrt að. Jafnframt eykst tilfinningin fyrir rími og ljóðstöfum. Söngur felur í sér einlæga tjáningu tilfinninga og skapar margar ánægjustundir. Jón Múli vandaði alltaf mál sitt, eins og kemur fram á bls. 78. Eftir honum er höfð sú fleyga setning: „Maður talar ekki í útvarpið á óburstuðum skóm.“

Hlustun og verkefni á vef, síða 39: *Fröken Reykjavík* (lag 82). Nemendabók bls. 79.

Río tríó syngur með hljómsveit undir stjórn Gunnars Þórðarsonar. Einleikur á píanó: Eyþór Gunnarsson. Útgáfa frá 1986 í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkur. Textinn er í nemendabók. Nótur hér að aftan á bls. 52. Lagið er úr söngleiknum Rjúkandi ráð. *Vikivaki* (lag 83).

FRÖKEN REYKJAVÍK OG KVENTÍSKAN

Fröken Reykjavík var á „ótrúlega rauðum skóm“, nýjum nælonsokkum og í siffonkjól. Hvað var svona merkilegt við nælonsokka? Því er reynt að svara hér:

Silki þótti um aldir eftirsóttur munaður. Hins vegar leyfðist ekki hverjum sem er að skrýðast silkiklæðnaði. Loðvík 14. (nemendabók bls. 5) setti til að mynda sérstök lög um klæðaburð þegna sinna. Það fór eftir tign manna, hvort þeim leyfðist að ganga í silkisokkum. Friðrik Vilhjálmur, konungur Prússa gaf út tilskipun árið 1731. Þar þéttar hann sjálfan sig í fleirtölu, eins og þjóðhöfðingja var siður. Segir m.a. að oss sé mjög ógeðfellt að óbreyttar griðkonur og kvenfólk klæðist silkitrejrum, pilsum og blússum. Sérhver þegn eigi að klæðast samkvæmt sinni stétt. Auk þess valdi þetta hinum þjóðlega ullariðnaði tjóni. Reyndar kom hátt verð á silki í veg fyrir að alþýða manna gæti klæðst slíku efni.

Þegar ódýr gerviefni, eins og rayon komu á markað, gafst almenningi hins vegar kostur á að tolla í tískunni. Það kom sér vel á kreppuárunum upp úr 1930. Líklega var nælon fyrst notað í tannburstaþræði árið 1938. Fljótlega var farið að nota þetta ameríska undraefni í kvensokka. Nælonsokkar voru ódýrari en silki. Þeir krumpuðust ekki um öklann og fóru konum í alla staði vel. En 1941 var allt nælon tekið af markaði. Nú skyldi það allt notað í fallhlífar, tjöld og reipi bandarískra hermanna. Eftir það gengu nælonsokkar kaupum og sölum fyrir fúlgur fjár. Að stríðinu loknu komst nælon aftur á markað og bylti tískuiðnaðinum.

Nælonsokkar voru lengi með saum að aftanverðu. Þegar enga slíka sokka var að hafa, gripu sumar konur til þess ráðs að teikna slíkan saum með augnabránalet á beran fótlegginn. Farið á netið og finnið mynd Kay Bense, smástirni úr Hollywood-kvikmyndum.

https://www.google.is/search?q=kay+bensel&espv=2&biw=994&bih=594&source=lnms&tb-m=isch&sa=X&ved=0ahUKEwiXxNri3oTOAhUKM8AKHYb3DsoQ_AUIBigB#imgsrc=kg79_In-mRNCjxM%253A

Siffonkjólar (chiffon) voru upphaflega úr silki. En árið 1938 kom nælonútgáfa siffons á markað. Siffonkjólar koma við sögu í fleiri íslenskum textum, t.d. *Fegurðardrottning* (Ragnhildur Gísladóttir og Jakob Frímann Magnússon). Rauðir skór voru eitt sinn kenndir við karlmenn, s.s. Loðvík 14. og páfann í Róm. Hinir „ótrúlega rauðu skór“ fröken Reykjavíkur voru hugsanlega ítalskir. Ítalir voru í tapliði seinni heimsstyrjaldar en tókst fljótlega að bæta ímynd sína með frábærri hönnun á ýmsum iðnvarningi, þar á meðal skóm. Einnig góðum kvikmyndum. Er ekki kominn snertiflötur við góða kvikmyndatónlist Ennio Morricone og bíómyndir eins og Cinema Paradiso (1988) og margar fleiri, sem of langt mál yrði að telja upp?


Fröken Reykjavík

Jónas Árnason








Jón Múli Árnason

♩ = 184

Forspil



Hver



HALLBJÖRG BJARNADÓTTIR Nemendabók bls. 80

Hefur haldið fjölmarga hljómleika heima og erlendis og komið víða fram. Hún hefur einkum lagt stund á raddstælingar og virðast henni allir vegir færir, hvort heldur það er Beniamino Gigli eða Paul Robeson, Louis Armstrong eða Marlene Dietrich. Túlkun hennar á lögunum *Vorvísu* og *Björt mey og hrein* er nokkuð frábrugðin því, sem við eigum að venjast, en Hallbjörg er ekki líkleg til að fara troðnar slóðir, enda er hún okkar besta kabarettisöngkona.

Ólafur Jónsson: Skrá yfir íslenskar hljómplötur. Fálkinn H/F hljómplötudeild 1956 bls. 17.

Æfisaga hennar: *Hallbjörg – eftir sínu hjartans lagi* eftir Stefán Jökulsson kom út árið 1989. Sjá mynd í nemendabók. Verkefni á vef þar sem þessar tvær hljóðritanir eru bornar saman. Ljóðið fylgir svo auðvelt er að taka undir með Tryggva Tryggvasyni og félögum.

Hlustun og verkefni á vef, síða 40: (lag 78).

Tryggvi Tryggvason og félagar syngja. Ljóðið orti Jón Thoroddsen.

Vorvísu (lag 79). Lag: Hallbjörg Bjarnadóttir.

Hallbjörg Bjarnadóttir syngur. Hún hefur verið kölluð fyrsta íslenska danslagasöngkonan.

Flutningur hennar var afar umdeildur á sínum tíma. Var lagið m.a. bannað í Ríkisútvarpinu.

INGIBJÖRG ÞORBERGS Nemendabók bls. 81 – Verkefni á vef, síða 41

Það er varla ofmælt, að óskalagaþáttur sjúklinga sé með vinsælasta útvarpsefni, og stjórnandi þáttarins, Ingibjörg Þorbergs, reyni að uppfylla allar óskir og gera jafnframt tímann sem skemmtilegastan og fjölbreyttastan.

Ingibjörgu berst fjöldi þakkarbréfa hvaðanæfa að, og á Grænlandi og Jan Mayen er óskaþáttarins beðið með eftirvæntingu alla vikuna, og veðurathugunarmenn á Grænlandi hafa útbúið smá altari þar sem þeir hylla gyðju óska sinna, eftir því sem segir í grein er birtist í Sjómannablaðinu Víking nýlega.

Ingibjörg Þorbergs hefur sungið mikið opinberlega og kom m.a. fram á síðustu tónleikum Íslenskra tóna við mikla hrifningu og góða dóma ... Ingibjörg hefur mikinn áhuga á klassískri tónlist, hún er útskrifuð úr Tónlistarskólanum með klarínnett sem aðalhljóðfæri, hún leikur vel á píanó og gítar og er mjög góður útsetjari. Hún er fyrsta konan sem hefur útsett fyrir kór og litla hljómsveit og stjórnað sjálf, en það gerði hún á plötunni Klukkahljóð/Hin fyrstu jól, auk þess hefur Ingibjörg samið mörg lög.

Tage Ammendrup: 30 NÝJUSTU DANSLAGATEXTARNIR 13. HEFTI bls. 7.

Hlustun: *Krían* (lag 80). Lag: Ingibjörg Þorbergs.

Söngur: Ingibjörg Þorbergs og Skólakór Kársness. Af geisladisknum *Í sólguðu húsi*.

Hlustun og verkefni á vef, síða 41: *Aravísur* (lag 81). Megas syngur.

ÍTAREFNI: Ingibjörg Þorbergs var fyrst íslenskra kvenna til að syngja eigið lag inn á hljómplötu. Það var lagið *Á morgun*. Vert er að vekja athygli á því. Hér eru þrjár útgáfur af þessu tímamótalagi:

1) Tóndæmi, texti og nótur af laginu: https://www.youtube.com/watch?v=VU_50mW-aWw

Ingibjörg segir að *Á morgun* hafi komið þannig til að Tage Ammendrup hafi beðið hana um dægurlag – „og þá bara samdi ég það. Síðar bað hann mig um að gera jólalög (Hin fyrstu jól kom út 1954), enda var ekkert eða lítið til af íslenskum jólalögum þá, nema sálmar. Ég útsetti jólalögin líka og stjórnaði upptökum á þeim.“

Dr. Gunni: Stuð vors lands bls. 4. Sögur útgáfa 2012.

2) Flutningur höfundar í sjónvarpi árið 1991: https://www.youtube.com/watch?v=J46_jvY8rZA

3) Flutningur Sigríðar Thorlacius og Sigurðar Guðmundssonar:

<https://www.youtube.com/watch?v=U2IhUcsGoWc>

Aravísur Lag Ingibjargar Þorbergs við ljóð Stefáns Jónssonar (tónðæmi):

<https://www.ismus.is/i/person/id-1004040>

Þekkt eru jólalög Ingibjargar við texta Jóhannesar úr Kötlum, *Jólakötturinn* og *Grýlukvæði*. Einnig *Hin fyrstu jól* við texta Kristjáns frá Djúpalæk.

Ítarefni: Ingibjörg Þorbergs. *Söngvasafn* í útsetningu höfundar. Sígild sönglög, vísnalög, tækifærissöngvar, dægurlög, jóla- og áramótalög og barnalög í léttum útsetningum. M.a. lög úr barnaleikritinu *Ferðin til Limbó* (Ingibjörg Jónsdóttir samdi textana), *Aravísur*, *Á morgun*, *Hin fyrstu jól* og *Grýlukvæði*. Gefið út af Kópavogskaupstað í tilefni af 70 ára afmæli Ingibjargar Þorbergs.

TÓNLIST Á KÚBU

Nemendabók bls. 82 – Verkefni á vef, síða 42

Havana (Habana) á Kúbu er eitt margra fjölmennningarlegra samfélaga sem urðu til í Vesturheimi og mótuðu í deiglu sinni nýja menningu. Áður hefur verið minnst á New Orleans og Buenos Aires. Þessum kafla fylgja allnokkrar tillögur um hljóðfæraleik nemenda.

HLJÓÐFÆRALEIKUR NEMENDA

Kúbönsku hljóðfærin congas, bongo, claves (hrynstafir) og kúabjalla eru kærkomin viðbót við hefðbundin ásláttarhljóðfæri tónmenntarstofunnar. Rúmbu- og cha cha cha-taktur fara vel með gömlum íslenskum dægurlögum, t.d. laginu *Við gengum tvö* (sjá nótur í kafla um tangó). Einnig laginu *Ljósbrá* (sjá *Hljóðspor*). Hægt er að leika sér með ýmis gömul dægurlög, t.d. tangóa og færa þau yfir í rúmbutakt og öfugt. Ekki þarf að leika á öll þau hljóðfæri, sem hér eru nefnd. Eitt eða tvö nægja stundum til að ljá lögunum suðrænan blæ (*latin*). Gefið hins vegar gaum að áttundapartsnótunum í þeim lögum sem valin eru til flutnings. Eru þær jafnar (*straight*) eða með svingi (*shuffle, swing*)? Hljóðfæraleikurinn þarf að vera eins og laglínan að þessu leyti.

CONGAS

Conga-trommurnar eru tvær til þrjár. Sami hljóðfæraleikarinn leikur oft á tvær trommur, conga og tumba. Cumbadoras kallast þær á Kúbu. Með þeim býr maður til botn rytmans. Sú þriðja nefnist quinto. Hún var upphaflega lítil trékassi og er notuð sem sólótromma í kúbanskri þjóðlagatónlist. Gott er að dreifa hljóðferum á sem flesta nemendur. Því er gert ráð fyrir tveimur trommuleikurum hér á conga og tumba. En hvernig ber maður sig að?

Þegar leikið er á congas eiga olnbogar að vera lausir frá bolnum. Fingurgómar vísa í átt að miðju trommunnar. Slögin eru þrenns konar:

1. Opið slag er merkt „o“ í nótum. Það gefur góðan hljóm. Þumall vísar frá hinum fingrunum. Þeir eru beinir og samsíða og án spennu. Slegið er á skinnið út við kant trommunnar með þessum fjórum beinu fingrum. Úlniður má ekki vera stífur. Lyftið hönd frá trommunni strax eftir slagið. „Hugið upp“, eins og stundum er sagt.
2. Lokað slag, merkt „+“ í nótum. Þá er hljómur trommunnar dempaður. Allir fingur eru samsíða, líka þumallinn! Slagið er fremur þungt en afslappað og lendir á miðri trommunni. Öll höndin, bæði lófi og fingur lenda samtímis á skinninu. Ýmist er hægt að hafa höndina alveg flata eða örlítið kúpta. Æfið hvort tveggja og hlustið eftir því, hvort ykkur finnst hljóma betur.
3. „Slap“-slag er merkt „s“ á nótamyndum. Kraftmikið slag með skörpu hljóði. Vinstri hönd dempar skinnið á meðan slegið er á trommuna með þeirri hægri. Þumalfingur liggur samsíða hinum fingrunum. Slegið er á kant skinnsins líkt og í opna slaginu. En farið er innar með höndina og þumallinn hafður með.


MAMBÓ

Conga


Tumba

H V H V H V H V H V H V

RÚMBA




CHA CHA CHA



BONGO

Hembra (kvenkyns) nefnist stærri tromman og *macho* (karlkyns) sú minni. Hafið stóru trommuna alltaf hægra megin séð frá þeim sem leikur. Bongóleikur krefst meiri fingrataekni en congaleikur. *Martillo* nefnist grunnrytmi bongótrommanna. Hann þekkist í flestum stíltegundum og lögum í ýmiss konar tempói (hraða). Martillo getur reynst dálítið snúinn til að byrja með. Einfeldari taktur, sem einnig getur nýst sem undirbúningsæfing fyrir martillo, er sýndur hér:



Flóknari aðferð:

Martillo

Slög: Vinstri hönd:

- 1 Hlið þumals dempar hljóð skinnsins.
- og Slegið með fingurgómum.
- 2 Upp.
- og Slegið með hlið þumalsins.
- 3 Þumall liggur og dempar hljóð skinnsins.
- og Slegið með fingurgómum.
- 4 Upp.
- og Slegið með hlið þumalsins.


Hægri hönd:

- Kröftugt slag á minni trommuna.
- Upp.
- Slegið á minni trommuna.
- Upp.
- Kröftugt slag á minni trommuna.
- Upp.
- Slegið á stærri trommuna.
- Upp.


Önnur aðferð: Finnið t.d. á netinu: A Beginning Bongo Lesson with Momo Acevedo.

Habanera: <https://www.youtube.com/watch?v=Lw033a5Nozw>

CLAVES I




CLAVES II



KÚABJALLA

Algengur kúabjöllultaktur í cha cha cha: 1 og 2 og 3 og 4 og 1 og 2 og 3 og 4 og

GUIRO



ÖNNUR HLJÓÐFÆRI

Skröltormur eða *vibraslap* er nútímaútgáfa (búin til í hljóðfæraverksmiðju) af múldýrskjálka með skröltandi tönnum. Í kúbanskri tónlist er skröltormurinn stundum notaður á fyrsta slagi í öðrum hverjum takti. Er þá látinn hljóma út taktinn. En einnig má nota hann við kaflaskipti (*breaks*) í lögum, t.d. í áttunda og síðasta takti í hverri lotu (*period*) lags. Þar geta tamborínur tekið undir. Þá eru þær „leystar undan“ eftirslaginu (*backbeat*) og hristar í heilan takt samtímis skörltorminum. Hristur (*maracas*) af ýmsum stærðum fylla yfirleitt vel upp í taktinn hverju sinni. Til er hljóðfæri sem nefnist *sambago* eða *sambago bells*. Upphaflega er það hljóðfæri ættað frá Afríku en fæst nú úr plasti í hljóðfæraverslunum. Hljóðfærið kryddar tónlistina á skemmtilegan hátt, hljómi það af og til. Ekki er gott að ofnota það.

Hlustun: *El Gato Montés* (lag 84).

Hljóðfæri í kúbanskri tónlist koma úr ýmsum áttum. Hér er leikið á trompet, sem barst til Kúbu með spænska hernum. Ásláttarhljóðfærin komu mörg frá Afríku. Hristur hugsanlega frá indíánum, þó enginn viti það lengur með vissu. En píanóið barst til eyjunnar með Frökkum, þegar þeir flúðu uppreisn á Haítí og settust að á Kúbu með allt sitt hafurtask.

Hlustun: síða 42: *Chan Chan* (lag 85).

Spánverjar fluttu gítara, lútur og skyld hljóðfæri til Kúbu. En til Spánar höfðu forverar þessara hljóðfæra borist með málum á 8. öld. Márar höfðu kynnst þeim hjá aröbum sem kynntust þeim hjá Persum. Márar voru að uppruna til berbar, hirðingjar frá Vestur- og Norður-Afríku sem aðhylltust íslam. Orðið kemur úr grísku: *mauros*, sem merkir dökkur, og var það hugtak sem Rómverjar notuðu um íbúa Afríku. Landaheitin Míritanía og Marokkó eru dregin af sama orði. Margs konar dót barst síðan til Evrópu á tímum krossferðanna, þ.e. á 11. til 13. öld, bæði hljóðfæri, þar á meðal lútur, klæðnaður og annað. Slide-gítarinn í laginu er bandarískt fyrirbæri. Hann er hér í höndum Bandaríkjamannsins Ry Cooder. Árið 1997 hljóðritaði hann ásamt rosnum kúbönskum tónlistarmönnum plötuna *Buena Vista Social Club*. Samnefnd kvikmynd Þjóðverjans Wim Wenders er frá árinu 1999. Takið eftir síendurteknum bassaganginum.

Hlustun og verkefni á vef, síða 36: *Veinte Anos* (lag 86).

Höfundur lags og ljóðs er Maria Teresa Vera (1895–1965) Sjá mynd á bls. 83 í nemendabók. Hún var söngkona, gítarleikari og lagasmiður. Þess má til gamans geta að fyrsti kennari hennar og velgjörðarmaður var vindlagerðarmaður að atvinnu, José Díaz að nafni.

Hlustun: *Mulata* (lag 87).

Lag í svokölluðum *nuevo latino*-stíl þar sem fara saman suður-amerísk, bandarísk og evrópsk áhrif. Söngvarinn Paul Paz fæddist á Kúbu en býr í París. Tóndæmið má nota til að æfa einhverja ofangreindra kúbanskra rytma, einn eða fleiri saman. Einnig til að æfa púls eða eftirslag (*backbeat*), svo til að ganga eða dansa eftir!

NIÐURLAG Nemendabók bls. 86

Hér eru margir brautryðjendur nefndir til sögunnar en ýmissa ógetið, eins og verða vill. Nálgunin er nokkuð önnur en í fyrri köflum *Dægurspora*. Hér er ekki síst getið um uppruna fólks og bernsku, fyrstu reynslu af tónlist, lífsviðurværi, helstu verk og þau hljóðfæri sem viðkomandi lék á, ef því var til að dreifa. Þessi nálgun býður upp á ýmsa möguleika. T.d. geta kennarar á hverjum stað gripið boltann á lofti og gert sínum heimamönnum skil, þegar slíkt á við. Hugsanlega getur eitthvað úr persónusögu einhvers tónlistarmanns orðið að upphafsreit eða miðdepli í umfjöllun kennarans, sem síðar beinist að einhverri heildarmynd. Litlar sögur krydda ávallt kennsluna. Það metur hver og einn fyrir sig. Heimildir eru einkum vefurinn, t.d. Ísmús, gömul hefti með danslagatextum og hljómplötuskrár. Einnig nokkrar ævisögur og minningargreinar.

NOKKRIR LAGAHÖFUNDAR

Jenni Jónsson (1917–1982) f. í Ólafsvík en leit á sig sem Barðstrending og Patreksfirðing. Harmóníku- og trommuleikari. Verslunarmaður í KRON á Skólavörðustíg 12 í Reykjavík. Lög eftir hann: *Brúnaljósinn brúnu* (einnig texti); *Ömmubæn*, *Ólafur sjómaður* og *Lipurtá*. Sjá einnig umfjöllun um dægurlagatexta aftar í þessum kafla.

Ágúst Pétursson (1921–1986). Þingeyingur að uppruna. Lék á saxófón í lúðrasveit Vestmannaeyja undir stjórn Oddgeirs Kristjánssonar og á harmóníku í Hljómatrióinu í Reykjavík, þar sem Jenni Jóns lék á trommur. Þekktasta lag hans er líklega *Þórður sjóari*. *Æskuminning* er einnig eftir hann. Textar beggja laganna eru eftir Kristján frá Djúpálæk, sveitunga og æskuvín Ágústar.

Óðinn G. Þórarinnsson f. 1932 á Fáskrúðsfirði. Flutti ungur á Skagann og lék á trommur í Fjarkanum, skólahljómsveit Gagnfræðaskólans á Akranesi. Skipti fljótlega yfir í harmóníku. Flutti aftur austur á land. Þekktasta lag hans er án efa *Nú liggur vel á mér*. Hann samdi einnig lagið *Heillandi vor*.

Jón Sigurðsson (1925–1992), kallaður Jón í bankanum til aðgreiningar frá nokkrum nöfnum sínum í tónlistargeiranum. F. á Brúnum undir Eyjafjöllum. Harmóníkuleikari og afkastamikill laga- og textasmiður. Blómatími hans var um 1960. Lög og textar: *Komdu í kvöld*, *Komdu niður*, *Einsi kaldí úr Eyjunum* og *Í kjallaranum*. Textar: *Ég er kominn heim*, *Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig*, *Rokk Calypsó í réttunum*, *Lóa litla á Brú*, *Vor við flóann*, *Nína og Geiri*, *Kvöldsígling*. Fleira mætti nefna (sjá umfjöllun um dægurlagatexta aftar í kaflanum).

Ásta Sveinsdóttir (1895–1973) f. í Stykkishólmi. Varð ung ekkja og vann ýmis störf eftir það. Kenndi einnig á gítar. Fór oft út í náttúruna með gítarinn sinn og söng og spilaði fyrir fuglana. Þannig urðu sum laga hennar til. Þekktast er líklega *Bláu augun*. (Sjá bókina *Þú og hljómborðið*, kennslubók í hljómborðsleik 3. h. eftir Sigfús Ólafsson bls. 26. Þar má einnig finna vals Ingibjargar Þorbergs, *Á morgun*.) Annar lagasmiður, sem nefndur er í *Dægursporum* og samdi lög sín á gítar er Ási í Bæ. Flestir hinna eru harmóníkuleikarar. Vegur gítarsins óx hins vegar mjög á Bítlatímanum eftir 1963.

Svavar Benediktsson (1913–1977) f. á Norðfirði. Harmóníkuleikari. Lærði til klæðskera í Stykkishólmi. Vann við iðn sína hjá Klæðskeraverslun Andrésar og síðar Últímu í Reykjavík. Hlaut fyrstu verðlaun árið 1953 fyrir *Sjómannavalsinn* í danslakeppni SKT, keppni sem Freymóður Jóhannsson stóð fyrir. Samdi einnig lagið *Einu sinni var*. Textana við bæði lögin orti mágur Svavars, Kristján frá Djúpálæk. Kristján valdi sér íslenskt sögu svið í textum þessum til mótvægis við amerísk áhrif sem honum þótti of áberandi í dægurmenningu samtímans. Þar sem Svavar var að mestu sjálflærður tónlistarmaður naut hann m.a. aðstoðar Carls Billich og Jans Morávek við að koma lögum sínum á blað.

Steingrímur Sigfússon (1919-1976) úr Hrútafirði. Starfaði sem organisti á Patreksfirði, Fáskrúðsfirði og Húsavík. Samdi spennusögur, sálmalög, kórlög og kirkjutónlist en einnig danslög. T.d. *Síldarvalsinn*.

Jón Jónsson frá Hvanná (1910-1963) f. á Hvanná í Jökuldal. Flutti ungur til Ísafjarðar og gekk í gagnfræðaskólann þar. Lék með ýmsum hljómsveitum fyrir vestan en starfaði sem aðalbókari hjá Kaupfélagi Ísfirðinga. Þekktustu lög hans eru *Selja litla*, sem hlaut önnur verðlaun í danslagakeppni SKT árið 1953 og *Caprí Catarína* við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Það lag er alþekkt í flutningi Hauks Morthens.

NOKKRIR TEXTAHÖFUNDAR

Sjá einnig umfjöllun um dægurlagatexta síðar í kaflanum.

Númi Þorbergsson (1911-2000) Borgfirðingur, nefndur eftir Núma konungi Pompílssyni sem Sigurður Breiðfjörð orti Númerímur um. Flutti til Reykjavíkur 26 ára og vann m.a. við verslunarstörf. Var einnig dansstjóri á gömlu dönsunum í Mjólkurstöðinni, Breiðfirðingabúð og Þórskaffi. *Landleguvalsinn*, *Laus og liðugur* („Sigurður er sjómaður“) og *Nú liggur vel á mér* („Stína var lítil stúlka í sveit“) eru þekktustu textar Núma Þorbergssonar. En ekki má gleyma „hersöngnum“ sem hefst á orðunum „Þau eru svo eftirsótt Íslandsmið“, sem Haukur Morthens gerði fræg á dögum Þorskastríðsins 1958 við lag Jónatans Ólafssonar. Titill þess lags er *Í landhelginni*.

Ágúst Böðvarsson (1906-1997) f. á Hrafnseyri við Arnarfjörð sonur Ragnhildar Teitsdóttur og Böðvars Bjarnasonar prófasts, sem var hálfbróðir Ragnheiðar, móður Jóns Leifs. Bróðir Ágúst var Bjarni Bö. faðir Ragga Bjarna. Bjarni Bö. og Jón Leifs voru með öðrum orðum systkinabörn. Ágúst var forstjóri Landmælinga Íslands og vann merk störf á því sviði, s.s. við landmælingar, kortagerð og loftmyndatökur. Kunnasti texti hans er líklega *Ég minnst þín* eða *Ljósbrá*, eins og lagið hefur verið nefnt í seinni tíð. Það var upphaflega samið sem tangó en hljómar líka vel í rúmbutakti (sjá kennsluleiðbeiningar *Hljóðspora* bls. 110).

Kristján frá Djúpalæk (1916-1994) f. að Djúpalæk í Skeggjastaðahreppi í Norður Múlasýslu. Bjó á Akureyri, í Hveragerði og Þorlákshöfn. Var skáld gott og sinnti ýmsum störfum. Hvert mannsbarn kannast við texta hans úr leikritum Thorbjörns Eggers, s.s. *Kardemommubænum* og *Dýrunum í Hálsaskógi*. Meðal dægurlagatexta hans má nefna *Sjómannavalsinn*, *Einu sinni var*, *Vor í Vaglaskógi* og *Hrafninn*, sem Vilhjálmur Vilhjálmsson söng inn á plötu.

Skafti Sigþórsson (1911-1985) f. í Dalsmynni í Suður Þingeyjarsýslu. Lék ungur á fiðlu í Hljómsveit Akureyrar undir stjórn Karls O. Runólfssonar og síðar í danshljómsveit Karls á Siglufirði. Lék svo á fiðlu og saxófón, m.a. í hljómsveitum Bjarna Bö. og Aage Lorange. Varð síðar lágfiðluleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Spilaði einnig á trompet og rak innrömmunarverkstæði á Njálsgötunni. Textar: *Jósep, Jósep*, *Suður um höfin*, *Dísa í Dalakofanum*, *Heyr mitt ljúfasta lag*.

Theódór Einarsson (1908-1999). Bjó á Akranesi. Samdi 17 ára gamall textann *Angelía* en lagið hafði hann lært af franskri kaupakonunni. Dúmbó sextett og Steini (Sigursteinn Hákonarson) frá Akranesi hljóðrituðu lagið síðar. Annar texti eftir Theódór, *Kata rokkar* varð þekktur í flutningu Erlu Þorsteinsdóttur og síðar Bjarkar Guðmundsdóttur.

NOKKRIR SÖNGVARAR

Alfreð Clausen (1918–1981) f. í Reykjavík. Hálfbræður hans voru tvíburarnir Haukur og Örn Clausen, frægir frjálssíþróttamenn á yngri árum. Alfreð lærði húsamálun í Iðnskólanum. Til er munnmælasögn sem segir að Alfreð hafi verið að mála ofan í lest á skipi, tekið lagið einn með sjálfum sér, en heyrst hafi til hans upp á bryggju og þannig hafi hann verið uppgötvaður. Hvað sem líður sannleiksgildi þeirrar frásagnar hafði Alfreð fagra og auðþekktanlega baryton-rödd. Hann spilaði á gítar og söng með öðrum ungum Reykvíkingsi, Hauki Morthens, á skemmtistöðum og þar hófst ferillinn. Alfreð samdi ásamt konu sinni, Kristínu Engilbertsdóttur lagið *Gling gló* (sjá STAFSPIL, uppruni, kennsla og samspil í anda Orff-skólans eftir Nönnu Hlíf Ingvadóttur bls. 58). Það var árið 1952. Lagið gekk í endurnýjun lífdaga, líkt og mörg gömul íslensk dægurlög, sem hér eru nefnd, þegar Björk Guðmundsdóttir söng þau inn á hljómplötu, sem einmitt ber nafnið *Gling gló*. Það var árið 1991. Trío Guðmundar Ingólfssonar lék með. Ásamt honum léku undir þeir Þórður Högnason á kontrabassa og Guðmundur Steingrímsson á trommur.

Björk kom fram í Góðra vina fundi hjá Jónasi Jónassyni í Ríkisútvarpinu 28. nóvember 1989 ásamt tríói Guðmundar Ingólfssonar ... Í þættinum hjá Jónasi hafði hann hvatt hana til að taka upp gömul íslensk dægurlög í jazzbúningi og við ræddum um að tríoíð myndi gera plötu með henni ... við tókum upp *Gling-gló* 1991 ... Hún fékk Megas til að velja lögin með sér og Vernharður Linnét hjálpaði til að skrifa niður textana.

Árni Matthíasson: *PAPA JAZZ. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar* bls. 229.

Meðal helstu laga sem Alfreð Clausen syngur á hljómplötum eru *Þórður sjóari*, *Manstu gamla daga*, *Lukta-Gvendur* (með Sigrúnu Jónsdóttur) og *Ömmubæn*.

Gústav **Haukur Morthens** (1924–1992) f. við Þórsstöðuna í Reykjavík. Söng einsöng með Drengjakór Reykjavíkur 11 ára gamall. Lærði prentverk í Alþýðuprentsmiðjunni. Varð einn ástsælasti dægurlagasöngvari Íslendinga fyrr og síðar. Hann lærði lítils háttar á píanó og básúnu en byrjaði að syngja dægurlög á stríðsárunum. Hann söng með ýmsum hljómsveitum. Stundum þremur í einu og gekk á milli skemmtistaðanna til að syngja nokkur lög með hverri.

Hann var svo góður í því að tala við fólkið og láta því líða vel; var mjög alúðlegur maður ... var snilldardansari og dansaði stundum tangó ... var mjög skemmtilegur en skapmikill. Hann var snyrtimenni, alltaf svo finn í tauinu, eins og klipptur út úr tískublaði. Það var þægilegt að vinna með honum yfirleitt ...

Árni Matthíasson: *PAPA JAZZ. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar*.

Haukur fór með hljómsveit Gunnars Ormslev á heimsmót æskunnar í Moskvu árið 1957. Þar fluttu þeir djass- og rokkþrógramm. Hefur því verið haldið fram að þá hafi rokk heyrst í fyrsta sinn í Sovétríkjunum. Haukur samdi lagið *Ó borg, mín borg* við texta Vilhjálms frá Skáholti. Lögin sem hann söng inn á hljómplötur eru fjölmörg, *Til eru fræ, Lóa litla á Brú, Bjössu á mjólkurbílum, Kaupakonnan hans Gísli í Gröf, Ég er kominn heim*. Þannig mætti lengi telja. Þau komu út á þreföldum safndiski árið 2008. Bróðursonur hans, Bubbi Morthens er einnig þekktur tónlistarmaður. Faðir Hauks og afi Bubba var Norðmaður Edward Wiig Morthens.

Ragnar Bjarnason f. 1934 í Reykjavík. Faðir hans var sá frægi Bjarni Böðvarsson, Bjarni Bö. Æfði hann hljómsveit sína oft heima í stofu í Meðalholtinu. Móðir Ragnars, Lára Magnúsdóttir var ein fyrsta dægurlagasöngkona landsins auk þess að syngja í Dómkirkjukórnum í marga áratugi. Ragnar eignaðist trommusett 14 ára gamall og byrjaði að spila með skólafélögum sínum í Ingimarsskóla (Gagnfræðaskóla við Lindargötu) árið 1946. En átti síðar eftir að verða einn þekktasti dægurlagasöngvari Íslendinga fyrr og síðar enda spannar ferill hans marga áratugi. Lagið *Vertu ekki*

að horfa svona alltaf á mig kom út árið 1960 og var mikill smellur. Haustið 2017 var Ragnar enn að og hélt tónleika í Háskólabíói. Alltof langt mál yrði að rekja feril hans hér enda er hann flestum kunnur. Ragnar söng m.a. með KK sextett, Hljómsveit Svavars Gests og sinni eigin sveit en var að einhverju leyti með sama mannskapinn í öllum þessum böndum.

Óðinn Valdimarsson (1937-2001) f. á Akureyri og söng ungur í Barnakór Akureyrar. Fór að syngja dægurlög fyrir hálfgerða tilviljun. Hóf söng með Atlandic kvartettinum ásamt Helenu Eyjólfsdóttur árið 1958 (sjá mynd af plötuuslagi á bls. 79). Gekk til liðs við KK sextettinn árið 1960. Söng inn á nokkrar hljómplötur um líkt leyti, m.a. efni eftir Jón Sigurðsson (í bankanum). Þar má nefna lögin *Einsi kaldi úr Eyjunum* og *Í kjallaranum*. Jón gerði einnig íslenskan texta við ungverskt óperettulag, *Ferðalok* eða *Ég er kominn heim*. Þar nýtur hin tæra, bjarta og hjartnæma rödd Óðins sín sérlega vel. Lagið er jafnan leikið á undan landsleikjum Íslendinga í fótbolta, næst á undan þjóðsöngnum og fáir Íslendingar sem ekki kannast við það. Þó ferill Óðins hafi verið stuttur og hann fallið frá allt of snemma, lifir rödd hans í huga þjóðarinnar. Morgunblaðið flutti andlátsfrétt Óðins 25. júlí 2001:

KK segir hann hafa verið fyrirtakssöngvara. „Blærinn í röddinni var alveg sérstakur, mjög tær rödd og sérstök.“ „...Mín fyrstu kynni af honum var hans glaða lund,“ segir Helena Eyjólfsdóttir um Óðin. „... Óðinn var mjög góður söngvari og hans aðalsmerki var hvað hann söng íslenskuna vel. Það skildist hvert einasta orð sem hann söng.“ „... Óðinn tók við af mér þegar ég hætti í KK sextettinum,“ minnst Ragnar Bjarnason. „Þetta var indælis drengur og hann var mjög góður og hjartnæmur söngvari og þægilegur.“ Ragnar segir hann hafa verið mikinn fagmann. „Enda hefði hann ekki verið í KK sextettinum ef hann hefði ekki verið það.“

Sigurður Ólafsson (1916-1993) f. við Laugaveg 49. En alinn upp í Mávahlíð sem þá var sveitabýli. Þar kynntist hann hestamennsku og fyrsta bernskuminning hans er þegar hann þrílaði fimm ára gamall upp á rauðan vagnhest. Undi sér að eigin sögn betur í návist hesta en manna. Varð þjóðþekktur hestamaður og söngvari. Tróð fyrst upp á unglingsárunum á skólaskemmtun. Þannig vildi til, að elsti bekkur Austurbæjarskóla heimsótti jafnaldra sína í Miðbæjarskólanum, þar sem Sigurður stundaði nám. Þar lásu gestirnir upp, fóru með kvæði og þess háttar. Heimsóknin var svo endurgoldin og var Sigurður fenginn til að syngja í Austurbæjarskólanum. Þar flutti hann lög sem Erling bróðir hans hafði gert þekkt, s.s. *Ég lít í anda liðna tíð* og *Brúnaljósinn brúnu*. Engum undirleik var til að dreifa og fannst Sigurði mestur vandi að byrja á réttum tóni, svo hann spryngi nú ekki á öllu saman! Það var mikið sungið og spilað á bernskuheimili hans. En annars var hann sjálfmenntaður í listinni og söng alls konar lög, óperettur, sálma og dægurlög. Ferðaðist m.a. um landið með vini sínum, Skúla Halldórssyni tónskáldi, til að skemmta fólki. Bræður hans voru Erling söngvari, sem lést ungur úr berklum og Jónatan píanóleikari, hljómsveitarstjóri og lagasmiður (sjá *Dægurspor* bls. 70). Dóttir Sigurðar, Þuríður er þekkt dægurlagasöngkona og myndlistarkona. Þekkt eru í flutningi Sigurðar Ólafssonar lögin *Sjómannavalsinn* og *Síldarvalsinn*. Sigurður bjó lengi í Laugarnesbænum sem nú er horfinn. Eiginkona hans var Inga Valfríður Einarsdóttir frá Miðdal, systir Guðmundar Einarssonar frá Miðdal.

Vilhjálmur Hólmar Vilhjálmsson (1945-1978) f. í Merkinesi í Höfnum á Suðurnesjum. Systir hans var Ellý Vilhjálms. Faðir þeirra, Vilhjálmur Hinrik Ívarsson var kunnur *harmóníkuleikari* og söngmaður. Vilhjálmur lést í umferðarslysi í Luxemburg 1978 á 33. aldursári. Hann var þar á ferð á vegum Arnarflugs en hann starfaði þá sem flugmaður. Hann varð þjóðþekktur er hann söng rúmlega tvítugur inn á hljómplötur með Hljómsveit Ingimars Eydal ásamt vini sínum og starfsbróður, Þorvaldi Halldórssyni. Hann gekk svo til liðs við hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar. Hann söng inn á nokkrar hljómplötur með Ellý systur sinni, m.a. lög eftir Sigfús Halldórsson og Freymód

Jóhannesson. Síðar gerði hann sínar eigin plötur og naut m.a. liðsinnis þeirra Gunnars Þórðarsonar og Magnúsar Kjartanssonar. Þar nokkuð á textum eftir Kristján frá Djúpalæk. Söngur Vilhjálms á hljómplötum hefur orðið Íslendingum kær og á ótímabært andlát hans á sinn þátt í því. Engum dylst þó vandvirkni hans og hæfileikar. Jón Ólafsson, tónlistarmaður skráði ævisögu Vilhjálms og þar segir á einum stað:

Jafnvel þótt Vilhjálmur sýndi ótvíræða hæfileika í upphafi gerði hann sér grein fyrir að eitt og annað mátti betur fara. „Hvernig get ég bætt textaframburðinn?“ spurði hann Ingimar. „Er hann ekki frekar slakur hjá mér?“ „...Ja, hann er svona eins og slydda á Suðurnesjum,“ svaraði Ingimar. „Hlustaðu á Hauk Morhens og Óðin. Taktu eftir framburði þeirra.“

Vilhjálmur fór að þessum ráðum og tók upp norðlenskan framburð. Skýr textameðferð varð eitt hans aðalsmerki og fylgdi honum alla tíð.

Jón Ólafsson: SÖKNUÐUR. Ævisaga Vilhjálms Vilhjálmssonar bls. 31. Sena Reykjavík 2009.

Þorvaldur Halldórsson f. 1944 á Siglufirði. Lærði ungur á gítar og klarínett og lék með skólahljómsveit í sínum heimabæ. Sextán ára flutti hann til Akureyrar til að hefja nám í menntaskólanum þar. Fljótlega var hann farinn að spila með Busabandinu í þeim ágæta skóla og þar kynntist hann Vilhjálmi Vilhjálmsyni. Saman gengu þeir svo til liðs við Hljómsveit Ingimars Eydal og slógu rækilega í gegn.

Tónlistaráhugi Valda og Villa sameinaðist í melódískri tónlist og góðum söng. Þeim fannst mikið til Tom Jones koma og ballöður McCartneys vera hrifandi. Þeir voru ólíkir að flestu leyti þó þeir næðu vel saman. Sem söngvarar höfðu þeir báðir breitt raddsvið en rödd Valda virtist geta farið endalaust niður á við þar til allt skalf og nötraði á meðan engin takmörk virtust fyrir því hversu hátt upp Villi náði.

Jón Ólafsson: SÖKNUÐUR. Ævisaga Vilhjálms Vilhjálmssonar bls. 71.

Þekkt eru í flutningi Þorvaldar Halldórssonar lögin *Á sjó* og *Hún er svo sæt*, sem hann samdi reyndar sjálfur. Í kjölfarið fylgdi stór plata með sjómannaögum. Eftir að hann flutti til Reykjavíkur söng hann m.a. með hljómsveitinni Póník. Síðar einbeitti hann sér að kristilegri tónlist og liggur ýmislegt eftir hann á því sviði.

NOKKRAR SÖNGKONUR

Adda Örnólfsdóttir

Arnbjörg Auður Örnólfsdóttir fæddist árið 1935 á Suðureyri við Súgandafjörð. Hún flutti ung til Reykjavíkur með fjölskyldu sinni og var uppgötvuð á tónleikum þar sem KK sextett leyfði ungum söngvurum að spreyta sig. Ellý Vilhjálms þreytti frumraun sína á sömu tónleikum.

KK hélt líka „idol“ audition í Tjarnarkaffi 1953, auglýsti eftir fólki til að syngja með hljómsveitinni. Þá komu Jón Stefáns, Adda Örnólfs, Ólafur Briem, Siggi Johnny og Ellý og fleiri söngvarar.

Árni Matthíasson: PAPA JAZZ. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar bls. 125.

Adda söng inn á 78 snúninga hljómplötu með Ólafi Briem lögin *Íslenskt ástarljóð* (Sigfús Halldórsson) og *Indæl er æskutíð*.

Ellý Vilhjálms

Henný Eldey Vilhjálmsdóttir f. í Merkinesi í Höfnum á Suðurnesjum árið 1935 og lést 1995. Hún er í hópi þekkustu og dádustu flytjenda dægurlaga á Íslandi. Fyrsta lagið sem hún söng inn á plötu er *Ég vil fara upp í sveit* (1960). 1963 söng hún lög Sigfúsar Halldórssonar *Litill fugl* og *Vegir liggja til allra átta*. Þannig mætti lengi telja. Einn bræðra hennar var söngvarinn Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Árið 2012 kom út ævisaga hennar skráð af Margræti Blöndal. Árið 2017 var frumsýndur söngleikur í Borgarleikhúsinu um lífshlaup hennar. Höfundar eru Gísli Örn Garðarsson og Ólafur Egill Egilsson. Hlutverk Ellýjar leikur Katrín Halldóra Sigurðardóttir.

Erla Þorsteinsdóttir

F. 1933 á Sauðárkróki. Fékk gítar í fermingargjöf og fór strax að spila og syngja. Flutti 18 ára til Danmerkur til að vinna við þjónustustörf. Söng óvænt í dönskum útvarpsþætti árið 1954. Varð vinsæl þar í landi, eignaðist danskan unnusta sem hún síðar giftist og settist þar að. Starfaði stutt á Íslandi. Til er tvöfaldur safndiskur með söng hennar er nefnist *Stúlkan með lævirkjaröddina*. Þar eru m.a. lögin *Draumur fangans* og *Heimþrá* (Freymóður Jóhannsson), *Hreðavatnsvalsinn* (Knútur R. Magnússon), *Kata rokkar* (Theódór Einarsson) og *Hvers vegna?* eftir Sigfús Halldórsson og Stefán Jónsson (lag 76).

Helena Eyjólfsdóttir

Fædd Reykvíkingur árið 1942 en hefur lengstum búið á Akureyri. Hún söng 9 ára gömul í barnatíma útvarpsins og 12 ára inn á sína fyrstu hljómplötu jólasálmana *Heims um ból* og *Í Betlehem er barn oss fætt*. 15 ára söng hún á fyrstu rokktonleikum Íslandssögunnar í Austurbæjarbíói. Aðalnúmerið var hljómsveit Tony Crombie (sjá *Hljóðspor* bls. 48). En Helena söng með upphitunarhljómsveit Gunnars Ormslev.

Árið 1961 kom út plata með lögum og ljóðum Jónasar og Jóns Múla Árnasona (sjá nemendabók bls. 79). Þar syngur Óðinn Valdimarsson einnig og eiginmaður Helenu, Finnur Eydal leikur lagið *Þjórkjallarinn* á baryton-saxófón (lag 30). Helena söng með Atlandic kvartettinum og hljómsveitum Svavars Gests, Finns Eydal og Ingimars Eydal. Sú síðastnefnda lék inn á nokkrar þekktar hljómplötur. Meðal þekktra laga, sem Helena söng má nefna *Hvítir mávar*. Fyrir jólin 2016 kom út safndiskurinn „Helena“ þar sem hún syngur ýmis lög 74 ára að aldri. (Sjá einnig lag 46: *Sem ljúfur draumur*.)

Ingibjörg Smith

Ingibjörg var Stefánsdóttir en kynntist Bandaríkjamanni sem starfaði á Keflavíkurflugvelli, giftist honum og tók upp nafn hans. Flutti með honum vestur um haf en kom til baka að fjórum árum liðnum og fór að syngja á Rödli vorið 1955. Í kjölfarið fylgdu nokkrar hljómplötur. Þar má frægar telja *Við gengum tvö* með undirleik kvartetts Árna Ísleifssonar, *Oft spurði ég mömmu* (Que sera sera) með undirleik KK sextetts og *Nú liggur vel á mér* með undirleik hljómsveitar Magnúsar Ingimarssonar. Hún flutti svo aftur til Ameríku og eignaðist þar börn og buru.

„Hljómplötustjarnan“ Ingibjörg Smith er fædd hér Reykjavík 23. mars 1929. Dvaldi nokkur ár í Ameríku (Alaska) og sigraði þar í keppni dægurlagasöngvara. Eftir að hún kom heim söng hún í samkomuhúsinu „Röðull“ og kom fram í útvarpsþætti Jónasar Jónassonar. Einnig söng hún á hljómleikum og dansleikjum. Með fyrstu plötunni „Við gengum tvö“ hefur hún skipað sér í röð okkar vinsælustu og bestu dægurlagasöngvara.

SKRÁ YFIR ÍSLENSKAR HLJÓMPLÖTUR FÁLKINN H/F HLJÓMPLÖTUEILD 1956 bls. 20.

Sigrún Jónsdóttir

F. 1930 og gekk í gagnfræðaskóla sem nefndur var Ingimarsskólinn eftir stjórnanda sínum. Hann var til húsa þar sem nú er Tónmenntaskóli Reykjavíkur. Árið 1953 söng hún á plötu lag Valdimars Auðunssonar við texta Eiríks Karls Eiríkssonar, *Ástartöfrar* („Oft við Amor hef ég átt í erjum“). Hinum megin á plötunni er lagið *Lukta-Gvendur* sem hún syngur með Alfreð Clausen. Seinna söng hún m.a. *Fjórir kátir prestir* og *Marína*. Með Öskubuskum hljóðritaði hún *Vor við sæinn* (lag 50).

Sigrún Jónsdóttir var í Mandólinhljómsveit Íslands og svo í Öskubuskum svo hún var sjóuð þegar hún kom til okkar. Öskubuskur voru Sigrún, Inga Einarsdóttir, Margrét Hjartar, Sólveig Jóhannesdóttir og Svava Vilbergs. Þær byrjuðu að syngja saman í gagnfræðaskóla, sungu fyrst á skólaskemmtunum, en urðu síðar landsþekktar og komu meðal annars fram í útvarpi.

Sigrún söng oft einsöng með Öskubuskum en kom ekki fram ein með hljómsveit fyrr en ári síðar, 1947, þegar hún söng með Kvintett Gunnars Ormslev í Mjólkurstöðinni. Hún var einkar ljúf manneskja og fór lítið fyrir henni. Ég held því fram að Sigrún hafi verið fyrsta góða jazzsöngkona okkar og man vel hvernig hún söng til dæmis Julie London lagið Cry Me a River, eins og heyra má á KK plötunni Gullárin sem kom út 1988 og á CD.

Árni Matthíasson: PAPA JAZZ. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar bls. 125.

Sigrún Jónsdóttir var fyrst íslenskra kvenna til að stýra eigin hljómsveit. Hún hafði sungið með hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar í Framsóknarhúsinu í Reykjavík (síðar Glaumbæ og nú Listasafni Íslands) og á Keflavíkurflugvelli. Þegar Magnús tók sér frí frá hljóðfæraleiknum tók Sigrún við forystunni í hljómsveitinni.

Soffía Karlsdóttir

Skagastúlkan Soffía Karlsdóttir söng árið 1954 inn á 78 snúninga plötu með tríói Aage Lorange lögin *Það er draumur að vera með dáta* og *Það sést ekki sætari mey*. Hún nam ung leiklist hjá Lárusi Pálssyni og tók þátt í revúsýningum Bláu stjörnnunnar. Hún söng aðallega gamanvísur, t.d. *Bílavísur*.

Allir þekktu Soffíu Karlsdóttur, vísur hennar hafa borist um landið eins og sinueldur, og kátína hennar og fjör skapar kæti hvar sem hún kemur fram. Soffía „fannst“ á Akranesi og voru „finnendurnir“ engir aðrir en Alfréd Andrésson og Haraldur Á. Sigurðsson og réðu hana þegar til „Bláu stjörnnunnar“ þar sem hún söng sig inn í hjörtu allra.

Tage Ammendrup: 30 NÝJUSTU DANSLAGATEXTARNIR 12. HEFTI bls. 13. Drangeyjarútgáfan

NOKKRIR HLJÓMSVEITASTJÓRAR OG ÚTSETJARAR

Bjarni Böðvarsson (1900–1955) f. í Skildinganesi í Skerjafirði. Alltaf kallaður Bjarni Bö. Hann var sonur Ragnhildar Teitsdóttur og Böðvars Bjarnasonar, prófasts á Hrafnseyri við Arnarfjörð, þar sem Bjarni ólst upp. Bróðir Böðvars, Þórður var faðir Sigurðar tónskálds og Regínu leikkonu. Systir Böðvars var Ragnheiður móðir Jóns Leifs tónskálds. Bróðir Bjarna Bö. var Ágúst textahöfundur. Sonur Bjarna er hinn kunnir Ragnar Bjarnason (Raggi Bjarna). Bjarni lærði hjá Sigfúsi Einarssyni, Sigurði Þórðarsyni, Emil Thoroddsen og Hallgrími Helgasyni. Hann hóf 18 ára að leika á kaffihúsum og skemmtistöðum. Hann var fyrstur til að fara með stórsveit um landið og var stofnfélagi, fyrsti formaður og heiðursfélagi í FÍH (félagi ísl. hljómlistarmanna).

Með honum í Danshljómsveitinni voru þeir Aage Lorange á píanó, Þorvaldur Steingrímsson á fiðlu, Poul Bernburg á trommur og Fritz Weissappel á bassa. Upphaflega var hljómsveitin ráðin til að spila reglulega í útvarpið, en þá var líka önnur hljómsveit sem spilaði í útvarpið og var kölluð Útvarphljómsveitin, en í henni voru Eggert Gilfer, Þórarinn Guðmundsson, Þórhallur Árnason, Bjarni Bö, Katrín Dahlhoff og Emil Thoroddsen ... Í kosningu í Útvarpstíðindum 1943 var Danshljómsveit Bjarna Böðvarssonar valin vinsælasta hljómsveitin með 710 atkvæði, en hljómsveitin í öðru sæti, Útvarphljómsveitin var með 72 atkvæði. Þá var danshljómsveitin orðin tólf manna.

Bjarni spilaði dansmúsík og sagðist einmitt vilja spila svoleiðis, hann vildi spila sönghæf lög eins og hann kallaði það, tangóa, Vínarvals, og danslög frá hinum Norðurlöndunum og Ítalíu. Aðallögin voru lög eins og Blue Skies, Blue Moon, Pennsylvania 6–5000, In the Mood og líka Barcelona.

Árni Matthíasson: PAPA JAZZ. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar bls. 49–50.

Björn R. Einarsson (1923–2017) f. í Reykjavík.

Björn R. Einarsson var líka með mjög fínt band sem byrjaði í Listamannaskálanum 1945–46 og var síðan á Hótel Borg og í Breiðfirðingabúð. Hann var fæddur 1923, menntaður rakari og vann við það. Hann spilaði á harmonikku en Albert Klahn lagði að honum að spila á básúnu eftir að hafa litið upp í hann ... Hljómsveit Björns R. var mjög vinsæl ...

Árni Matthíasson: PAPA JAZZ. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar bls. 107.

Hann var einn af þekktustu hljóðfæraleikurum landsins og stjórnaði um árabil eigin hljómsveit. Hann er einnig ágætur dægurlagasöngvari eins og heyra má á Tóníka-plötum. Gunnar Egilson, klarínattleikari syngur þar með honum lögin *Ó, pápi minn*, *Til unnustunnar* og *Konur*.

SKRÁ YFIR ÍSLENSKAR HLJÓMPLÖTUR FÁLKINN H/F HLJÓMPLÖTUDEILD 1956 bls. 19.

Carl Billich (1911–1989) f. í Vínarborg. Kom fyrst til Íslands árið 1933 með hljómsveit sem lék á Hótel Íslandi. Þar sem hann var þýskumælandi, var hann handtekinn í hernámi Breta í síðari heimsstyrjöldinni og sendur í fangabúðir í Bretlandi. Þar skemmti hann samföngum sínum enda hrífandi píanóleikari. Eftir stríð var hann vegabréfslaus. En með klókindum, dugnaði og ást íslenskrar eiginkonu hans, Þuríðar Jónsdóttur Billich komst hann aftur til Íslands árið 1947. Hann hafði m.a. þjálfað M.A. kvartettinn fyrir stríð og nú tóku við frekari tónlistarstörf. M.a. var hann tónlistarstjóri Þjóðleikhússins þar sem hann átti þátt í uppfærslu fræga leiksýninga, ekki síst barnaleikrita með söngvum (*Kardemommubærinn* og *Dýrin í Hálsaskógi*). Hann starfaði einnig með kvartettunum Leikbræðrum og Smarakvartettinum í Reykjavík. Hann er höfundur lagsins *Óli lokbrá* (*Söngvasafn* bls. 36. Safnað hafa og valið Ingólfur Guðbrandsson, Snorri Sigfús Birgisson og Þorgerður Ingólfsdóttir.)

Jan Móravek (1912–1970) f. í Vínarborg. Kom til Íslands 1948. Lék m.a. á fagott og selló í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Spilaði á klarínnett, fiðlu og harmóníku á ýmsum skemmtistöðum. Var tónlistarstjóri á danslagakeppnum SKT í Gúttó og lék með landa sínum Carl Billich á Naustinu. Lék á píanó og æfði karlakvartetta og útsetti ýmis konar tónlist. Hver kannast t.d. ekki við útsetningu hans á laginu *Öxar við ána* með sneriltrommusólóinu? Sjá *Hringdans*a (lag 64) þar sem hann leikur á harmóníku.

Þúsundþjallasmiðurinn JAN MORÁVEK, aðalhljómsveitarstjóri og útsetjari ÍSLENSKRA TÓNA á marga strengi á hörpu sinni, hann er útsetjari, hljómsveitarstjóri, píanóleikari, harmóníkuleikari, klarínattleikari og margt fleira, svoleiðis að hann gat raunverulega leikið á öll hljóðfæri í hljómsveit, stjórnað og útsett, og hann gerði þetta fyrir nokkru, er hann fór til Þýskalands, lék þar inn á plötu, þar sem hann leikur 24 sinnum á 15 hljóðfæri og er þess hljómplata algert heimsmet.

Hér hafa útsetningar Jan Móravek valdið tímamótum í gerð íslenskra hljómplatna og gert þær hæfar til sölu á heimsmarkaðinum.

*Tage Ammendrup: 30 NÝJUSTU DANSLAGATEXTARNIR
14. HEFTI. Drangexjarútgáfan.*

Jón Sigurðsson (Jón bassi) var lengi útsetjari KK sextettsins. Hann fæddist á Þingeyri við Dýrafjörð árið 1932 en flutti til Reykjavíkur ellefu ára gamall. Hann byrjaði á unglingsaldri að spila á gítar. En kynni hans af snilldartöktum kontrabassaleikarans Ray Brown beindu honum í átt að því hljóðfæri. Hann lék með ýmsum danssveitum, hjá Árna ísleifssyni, Jan Móravek, Birni R. Einarssyni og fleirum áður en hann gekk til liðs við KK sextettinn. Sonur Jóns er Sigurður Rúnar Jónsson, Diddi fiðla og sonur hans Ólafur Sigurðarson óperusöngvari.

Þeir voru margir Jónar Sigurðssynir í íslensku tónlistarlífi. Áður hefur verið minnst á Jón í bankanum. Svo voru það Jón trompet og Jón horn, sem báðir störfuðu í Sinfóníuhljómsveit Íslands og voru Sigurðssynir. Þar var líka Jón Sigurbjörnsson, kallaður Jón flauta.

Ingimar Eydal (1936-1993) f. á Akureyri. Kennaramenntaður og starfaði á þeim vettvangi, eftirminnilegur þeim sem nutu leiðsagnar hans eða kynntust honum með öðrum hætti á lífsleiðinni. Píanóleikari og stjórnandi hinnar geysivinsælu hljómsveitar Ingimars Eydal, sem lék um árabil í Sjálfstæðishúsinu eða Sjallanum á Akureyri. Hann var víðsýnn og fjölbæfur tónlistarmaður og sannkallað undrabarn á því sviði og stórgripur í íslenskri dægurtónlist.

Kristján Kristjánsson (1925-2008) f. í Miðneshreppi (Sandgerði). Var einn vetur í Verzlunarskóla Íslands og rak lengi verslun ásamt eiginkonu sinni. Uppeldisfaðir hans gaf honum harmóníku og kenndi honum nótnalestur þegar hann var 10 ára. Ári síðar var hann farinn að spila fyrir dansi. Árið 1946 fór hann ásamt Svavari Gests til New York til að nema tónlist og klarínattleik við Juliard School of Music. Þá var hann fyrir nokkru farinn að leika á altsaxófón. Þegar heim var komið stofnaði hann KK sextettinn.

Útsetningarnar voru amerískar; þeir Kristján og Svavar komu með nýjan stíl frá New York. Allir fengu líka einkennisföt og sérstök nótnapúlt úr rauðu og hvítu plasti.

Árni Matthíasson: PAPA JAZZ.

Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar bls. 101.

Magnús Ingimarsson (1933-2000) f. á Akureyri. Nam prentið í prentsmiðjunni Eddu og lauk setjaraprófi árið 1953. Var yfirverkstjóri og sölustjóri þar eftir að hann hætti hljóðfæraleik. Hann var píanóleikari og útsetjari í fjölmörgum danshljómsveitum, m.a. hljómsveit Svavars Gests. Einnig í eigin hljómsveit sem lengi lék á skemmtistaðnum Röðli á horni Nóatúns og Skipholts í Reykjavík. Útsetningar Magnúsar, t.d. fyrir Fjórtán Fóstbræður eru alkunnar og hver þekkir ekki flautuspilið í laginu *Nú liggur vel á mér?* Það er höfundarverk Magnúsar. Hann skrifaði einnig raddsetningar fyrir Einsöngvarakvartettinn og Silfurkórinn og hafði alltaf gaman af rödduðum söng, enda liðsmaður Marz-bræðra sem m.a. sungu með Ingibjörgu Þorbergs. Hann útsetti lög Jóns Múla Árnasonar og gerði útsetningar fyrir sinfóníuhljómsveit að lögum Oddgeirs Kristjánssonar. Hann útsetti einnig lagið *Braggablús* (lag 74). Magnús var mikill „náttúrutalent“. Sjá mynd af honum á bls. 47 í *Hljóðsporur*. Þar sést hann leika á gítar í laginu *Syngjum dátt og dönsu* í fyrstu rokkupptökunni sem gerð var héraðs, að því að talið er.

Ólafur Gaukur Þórhallsson (1930-2011) f. í Reykjavík. Eitt sinn þegar hann lá rúmfastur barn að aldri, rétti fjölskylduvinnur honum gítar svo hann gæti stytt sér stundir. Kenndi honum einnig tvö grip og þá varð ekki aftur snúið. Hann var þegar farinn að spila með danshljómsveitum á menntaskólaárunum. Það var ekki vel séð og var Ólafi Gauk vísað úr skóla í Reykjavík. En hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1949. Löngu síðar eða árið 1984 lauk hann tónsmíðaprófi frá Dick Grove School of Music í Los Angeles. Fjórum árum síðar lauk hann prófi í kvikmyndatónlist og tónsmíðum frá sama skóla. Samdi eftir það tónlist við kvikmyndina *Benjamín dúfu*.

Svavar Gests (Svavar Lárus Gestsson) f. 17. júní 1926, d. 1996, ólst upp hjá fósturforeldrum vestur í bæ. Fyrstu tilraunir hans til trommuleiks voru í Héraðsskólanum að Núpi í Dýrafirði, þegar hann raðaði í kringum sig nokkrum pottum inni í búi og lamdi á þá með tveimur kúlulaga uppþvottaburstum. Á stríðsárunum hættu evrópskar kvikmyndir að berast til landsins og við tóku

bandarískar dans- og söngvamyndir. Þá kynntist Svavar t.d. Glenn Miller og hljómsveit og hreifst af djasskenndri tónlist. Um líkt leyti kynntist hann Kristjáni Kristjánssyni (KK) sem átti trommusett og þar með voru örlög beggja ráðin. Í stríðslok voru þeir farnir að leika fyrir dansi suður í Sandgerði og 1946 lá leið þeirra til New York (sjá Kristján Kristjánsson). Samtímis þeim í Juliard School of Music var Magnús Blöndal Jóhannsson síðar tónskáld. Eftir heimkomuna var KK sextett stofnaður og átti Svavar hugmyndina að nafninu. Ekki lék hann þó lengi með sextettinum en samvinnan hélt áfram á öðrum vettvangi. Þeir ráku saman hljómplötuútgáfuna Tóníka og hljómplötuverslun í Hafnarstræti.

NOKKUR ORÐ UM ÍSLENSKA DÆGURLAGATEXTA

Um miðja 20. öldina streymdi ungt fólk til Reykjavíkur til að afla sér menntunar og viðurværis. En heimahagarnir stóðu oft nærri hjarta þess eins og víða má sjá í dægurlagatextum þess tíma. „Ljúft er að láta sig dreyma liðna sælutíð, sólríku sveitina kær, svipmikla birkihlíð,“ kvað Jenni Jóns. Jón Sigurðsson minntist „bjartra daga í bernsku sinnar sveit“ undir Eyjafjöllum. En brátt varð borgin að nýju leiksviði ástar og ævintýra. Þangað var fólk þrátt fyrir allt komið til að lifa lífinu. Tjörnin, Arnarhóll, Austurstræti og Hljómskálagarðurinn urðu leiksvið rómantíkur og ástar í dægurlagatextum þessara ára. Jenni Jóns orti um sólina sem skein á sundin og „glansandi jökul sem þögull stendur vörð“ og gaf þar með tóninn fyrir Jón Sigurðsson sem bætti um betur og orti „sól slær silfri á loga, sjáðu jökulinn loga“. Ekki má gleyma *Fröken Reykjavík* hans Jónasar Árnasonar (sjá nemendabók bls. 79) sem spókaði sig á fyrrnefndum stöðum.

Auðvitað brá fólk sér á ball þá sem endranær. Stundum sveif rómantíkin yfir vötnunum: „Hvert einasta lag, er þeir leika er unaði vafið, þegar líð ég í dansi,“ sungu Alfred Clausen og Sigrún Jónsdóttir (höfundar ekki getið). Hjá öðrum tók fjörið öll völd: „Kátir dagar koma' og fara. Hvað er það að lifa' og spara? Dátt við syngjum, dönsum nætur, dröttumst oftast seint á fætur.“ orti Jenni Jóns við fjörugan tékkneskan polka. Og Númi Þorbergsson tók undir þá skoðun: „Það er ánægja manns, þessi dunandi dans“. Gömlu dansana kunnu margir úr sveitinni: „Ég bíð þér upp í dans og bið um Óla skans,“ söng Sigurður Ólafsson og Soffía Karlsdóttir svaraði að bragði: „Ellegar þá einhvern þeirra afkomenda hans.“ „Til dæmis hæl og tá?“ spyr hann. En hún svarar: „En hvernig líst þér á að fara bara í fingrapolka?“ Hann segist þá sjálfur vera einn af afkomendum Óla Skans. Svo mörg voru þau orð og bæði undu glöð við sitt. „Í Vínarkrus og vals og ræl, hann vindur sér á tá og hæl,“ orti dansstjórinn Númi Þorbergsson í textanum um Sigurð sjómann. Og danslagið dunaði og svall.

Þá var komið að suður-amerísku dönsunum: „Djarfur rúmbudansinn dunar nú, dönsum því, ég og þú. Tifum létt um gólfíð til og frá, töfrar brá, logar þrá,“ orti Þorsteinn Sveinsson, sem gat sér gott orð fyrir textasmíðar. Og hann var ekki hættur: „Pabbi vill mambó, mamma vill mambó. Sjáðu þau sveiflast að, sveigjast og beygjast að, hrópa ó - hæ - halló - hæ.“ Ekki má gleyma henni Kötú: „Allir þrá að sjá, þegar hún tekur rúmbuna og dansar á einni tá.“ En hún „elskaði meira en margan grunar rokk“. Þannig orti Theódór Einarsson frá Akranesi um hina „djasslyndu“ Kötú.

Snjallir textahöfundar komu brátt auga á ólíkt mannlíf í bæ og sveit. Allt frá dögum revíanna var sveitafólk haft örlítið utan gátta í gleðskap borgarinnar. „Ég var saklaus sveitamær og sollinn þekkti ég ei,“ orti Morten Ottesen í revíunni: *Hver maður sinn skammt*, árið 1941. Og allir kannast við hana Gunnu í sinni sveit, sem var „saklaus, prúð og undirleit“. En þegar hún flutti í bæinn var strax hætta á ferðum: „Svo leigði hún sér kvistherbergi upp við Óðinstorg og úti fyrir blasti við hin syndum spillta borg.“ Þannig ortu revíuhöfundarnir Haraldur Á. Sigurðsson og Bjarni Guðmundsson um saklausa sveitamær. En á eftirstríðsárunum gerðu skvísurnar úr borginni alla karla vitlausa í

sveitinni, þegar þær réðu sig í kaupamennsku. „Brosljúf, ástfús borgarmær sem bregður ei við neitt, ilmvatnsþvegin, uppmáluð og augnabrúnareitt og Jónki hefur rakað sig og rauðan lubbann greitt ...“, orti Loftur Guðmundsson í Réttarsömbu. Og Loftur sem sjálfur var úr Kjósinni kunni einnig skil á kaupakonunni hans Gísla í Gröf: „Öll sveitin í háspennu hlerar, ef hringt er að Gröf síðla dags og Jói eða Jón heyrir pískra: Kem í jeppanum eftir þér strax.“ Og fleiri voru um hituna, því „Geir sem er roskinn og reyndur, hann rakar sig tvisvar á dag.“ Endir þeirrar sögu er athyglisverður, allt í einu var bíllinn orðinn vettvangur ástarævintýris: „Sem önnur ævintýri enda út í mýri, jafnvel lítill jeppakoss“. Það fór þó ekki verr en það.

Þrátt fyrir bílaöldina héldu menn enn í rómantík reiðtúranna. Að sjálfsögðu var það Sigurður Ólafsson sem söng *Ástarvísu hestamannsins*: „Stíg fákur létt á foldarvang er fögur sólin skín. Í bænum undir brekkunni þar býr hún stúlkan mín.“ (Höfundar ekki getið). En aftur var komið að jeppanum, þegar Ellý Vilhjálms söng: „Og í jeppa oft vil skreppa, ýmislegt mun gerast þar um sumarkvöldin, þó með einum oft í leynum, ein ég fari það mig skaðað getur ekki neitt.“ (Jón Sigurðsson). Jeppar komu til landsins með bandaríska hernum og urðu eftir út um allar sveitir þegar herinn fór. En drossíurnar og stöðvarbíllarnir urðu táknmyndir borgarlífsins: „Í Hreyfilsbifreið brunum við um bjartan sumardag, í mjúkum sætum hlið við hlið er sungið hugljúft lag,“ orti Jenni Jóns lipurlega í *Hreyfilsvalsinum*. Soffía Karls sem gjarnan var hress, eins og áður hefur komið fram, lét svona rómantik lönd og leið: „Ertu að koma, já elskan mín góða, alveg hreint á mínúttunni. Ha, ert' í nýjum bíl? ... Ó, þarna er hann, já flott skal það vera, Fordinn módel nítjánhundruð og ég veit ekki hvað ... ég hallast að Dóra, æ gormurinn í framsætinu, stakk mig á versta stað ...“. Þarna er Jón Sigurðsson í essinu sínu.

Indriði G. Þorsteinsson var á alvarlegri nótum í skáldsögunni *79 af stöðinni* sem seinna var kvikmynduð. Því ekki náðu allir að fóta sig í borginni. Sjá lagið *Vegir liggja til allra átta* (lag 77 og verkefni á vef, síða 38). Lýðveldið Ísland var ungt, hersetan olli deilum og alls staðar kvað við nýjan tón í bókmenntum og listum. Atómljóð, abstrakt list, nútímatónlist og hvers kyns erlend dægurmenning tókust á við hefðbundin tjáningarform. En alltaf var stutt í húmorinn hjá höfundum dægurlagatexta. Náttfari, sem var dulnefni Skafta Sigþórssonar orti um hana Dísu, sveitastelpuna sem þekkti „ekki glaum né glys né götulífsins spé“. Þar segir í öðru erindi: „Hún hefur aldrei heyrt um neitt sem heitið getur ljótt og heyrir aldrei nefna neitt sem nú er eftirsótt: Nylonsokka, silkiföt og síðra kjóla þrjá, né varalit og vindlinga og vínsins gullnu skál.“ Þegar kom síðan að rokkinu varð ekki aftur snúið, eins og kemur fram í textum Jóns Sigurðssonar um *Óla rokkara* (sjá *Hljóðspor* bls. 47) „Húfalaus er hreppstjórinn og oddvitinn er ekki laus við rúmbu og rokk.“ Jafnframt urðu konurnar „hættulegri“ í textum Jóns. Hún Lóa litla á Brú „ergir oft sinn eiginmann, því hún er alltaf svo góð við aðra“ en hann“. Og Lilla Jóns var býsna fjörug líka: „Því þó hún fengi hjá mér hring er hún með hinum og þessum hvert sinn ...“. Farið svo yfir lagið og textann *Rokk calypsó* hér aftar í kaflanum hér aftar í kaflanum, (sjá bls. 71-72).

Lítið fór fyrir rómantískum völsum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar í íslenskri textagerð. Sá tími dægurmenningarinnar var líklega liðinn þegar hér var komið sögu. Hins vegar var þetta blómaskeið sjómannavalsanna. *Síldarvalsinn*, *Landleguvalsinn*, *Þórður sjóari*, *Vertu sæl mey* og *Sjómannavalsinn* sjálfur eru lög frá þessum árum. Ekki má gleyma *Einsa kalda úr eyjunum*, töffara ársins 1960. Það er sama hvar hann bar að landi, alls staðar biðu meyjarnir eftir honum. Hann var greinilega ekki við eina fjölinu felldur. En þegar allt virtist komið í óefni stökk hann um borð, skipið lét úr höfn og hann slapp með skrekkinn. Reyndar er athyglisvert hversu margar persónur textahöfundar skálduðu upp á þessum árum. *Bjössí á mjólkurbílnum*, *Óli rokkari*, Keli í kjallaranum, *Lóa litla á Brú*, *Lilla Jóns* og *Sjana síldarkokkur*, svo fáeinar séu nefndar.

Sú síðastnefnda átti þó hugsanlega fyrirmynd í Vestmannaeyjum. Mágkona Oddgeirs Kristjánssonar og góður granni hafði eitt sinn verið kokkur á síldarbát. Hvað sem því líður, er textinn athyglisverður í karllægum heimi sjómannalaganna. Svavar Lárusson söng texta Lofts Guðmundssonar, sem einmitt var kennari í Eyjum. „Hver töfrar sjóara og hlær að öllu saman, Sjana síldarkokkur á Sjöfn frá Grunnavík.“ En Loftur gerði einnig annan texta við sama lag: *Bjössi á mjólkurbílum*, sem Haukur Morthens gerði frægt. Lagið var ítalskt, *Papaveri e papere*.

Hlustun og verkefni á vef, síða 43: *Rokk kalypsó í réttunum* (lag 88). Nemendabók bls. 87.

Textinn er skondinn. Höfundur ber saman gamla og nýja tíma fyrir og eftir tilkomu rokksins. Hvað er breytt og hvað hefur haldist? Skemmtilegur einleikskafli (sóló) á víbrafón setur mikinn svip á lagið. Marimba og sílófónn hafa trékubba sem slegið er á. Víbrafónn er norður-amerískt afbrigði af marimbu með nótum úr málm. Hljómbotninn samanstendur af málmrörum. En það sem fyrst og fremst mótar hljólblæ víbrafónsins er vifta sem kemur hreyfingu á loftið innan í rörunum og myndar víbrató. Viftuna er hægt að láta snúast mismunandi hratt og hefur hraðinn áhrif á tónblæinn. Nótur að laginu ásamt texta fylgja hér í kjölfarið.

Rokk calypsó í réttunum

Jón Sigurðsson

Marvin Fisher, Roy Alfred

F E- A⁷ D- G⁷ C N.C.

La la la la la la la Já, margt var

5 C G⁷

öðr-u-vís-i áð-ur fyrr í sveit-um, þá döns-uð-u menn ræl í rétt-un-um, og fóru á

9 G⁷ C

hest-um upp um fjöll í öll-um leit-um og döns-uð-u svo ræl í rétt-un-um. Nú ak-a

13 C C⁷ F

þeir á jepp-um út um all-ar göt-ur og aldr-ei þeir beisl-a klár-inn sinn. Já, allt er

17 F E- A⁷ D- G⁷ C

orð-ið breytt og svon-a yf-ir-leitt, þeir dans-a rokk-ið í rétt-un-um. La la la

21 F E- A⁷ D- G⁷ C G⁷

la la la la Og heim-a-

26 G⁷ C G⁷

sæt-urn-ar___ feimn-ar og hýr-eyg-ar___ þær sátu'í söðl-un um___

31 C F C

og swift'upp pils-un-um___ nú aka'í rokk-bux um___ í rúss-a-

36 C G

jepp-un-um___ með eld í aug-un-um___ þær dans-a rokk cal-ypsó'í rétt-un-

40 C F E- A⁷ D- G⁷ C

um. La la la la la la la

ROKK KALYPSÓ

Já, margt var öðru vísi áður fyrr í sveitum,
þá dönsuðu menn ræl í réttunum
og fóru' á hestum upp um fjöll í öllum leitum
og dönsuðu' svo ræl í réttunum.
Nú aka þeir á jeppum út um allar götur
og aldrei þeir beisla klárinn sinn.
Já, allt er orðið breytt
og svona yfirleitt,
þeir dansa rokkið í réttunum.
La la la ...

Og heimasæturnar, feimnar og hýreygar,
þær sátu' í söðlunum og sviptu' upp pilsunum.
Nú aka' í rokkbuxum í rússajeppunum
með eld í augunum
og dansa rokk kalypsó í réttunum.
La la la ...

En þó að fólkið nú sé öðru vísi en áður
og dansi rokk kalypsó í réttunum,
er sérhver maður meýju sinni háður,
þó dansi rokk kalypsó í réttunum.
Þau verða hvort í öðru ennþá ósköp skotin
og svo elskast þau eins og gerðist þá,
þó allt sé orðið breytt, já svona yfirleitt
þau dansa rokkið í réttunum.

Listi yfir hlustunarefni

1. <i>The Tempest</i> (Locke 1674) Skálholtssveitin leikur. Jaap Schröder stjórnar. Af hljómdisknum Ensk leikhústónlist á 17. öld. SMC 9.	1:11	10. <i>CAN CAN du Moulin Rouge</i> (J. Offenbach). The M.R. Orchestra. Af hljómdisknum BIEM/ncb 10500-2	2:14
2. <i>Sarabande</i> (Georg Friedrich Händel). Hljómsveitin SKY leikur. SKY 3 Music Club MCCR 079.	3:06	11. <i>Die Moritat von Mackie Messer</i> (Kurt Weil). Úr Túskildingsóperunni. Bertold Brecht syngur með hljómsveit. Af hljómdisknum Mack the Knife. Songs of Kurt Weil. Nostalgia NAXOS 8.120831.	1:01
3. <i>Rosamunde</i> (Beer Barrel Polka). Madacy Music Group leikur. Af hljómdisknum Best from Germany CLUC CD 65.	3:26	12. <i>Mack the Knife</i> (A Theme From the Threepenny Opera). Höf. Kurt Weil. Louis Armstrong syngur og leikur ásamt hljómsveit. Af hljómdisknum Mack the Knife. Songs of Kurt Weil. Nostalgia NAXOS 8.120831.	3:24
4. <i>Radetzky-March</i> (Johann Strauss I). Budapest Symphony Orchestra. István Bogár stjórnar.	2:59	13. <i>Á persnesku markaðstorgi</i> (Ketelby). Útvarpshljómsveit í anda Þórarins Guðmundssonar. Af hljómplötunni Félag íslenskra hljómlistarmanna 50 ára 1931 FÍH 1982. Þorvaldur Steingrímsson stjórnar einvala liði stéttarsystkina sinna.	3:13
5. <i>Nocturne</i> (Næturljóð e. Frederic Chopin). Flytjandi ekki tilgreindur. Af disknum The Best of Chopin Naxos 8.556654.	4:33	14-17. TÓNLIST FYRIR ÞÖGLAR KVIKMYNDIR LEIKIN Á PÍANÓ.	
6. <i>Bayrischer Ländler</i> („Þórsmerkurljóð“ – þjóðlag). Madacy Music Group leikur. Af hljómdisknum Best from Germany CLUC CD 65.	1:32	14. <i>Chase</i> (eftirför)	0:46
7. <i>An Der Schönen Blauen Donau</i> (Johann Strauss II). Die Wiener Symphoniker. Robert Stoltz stjórnar. Af hljómdisknum Die Strauss Familie. Tyrolis music 877 351.	9:43	15. <i>Conflict</i> (ágreiningur, ósamkomulag)	1:08
8. <i>Songe d'automne</i> („Vertu hjá mér Dís“). Lag: Archibald Joyce. The Palm Court Theatre Orchestra. Anthony Godwin stjórnar. Af hljómdisknum Salon to Swing. Chandos Records Ltd. Chandos CHAN 8856.	3:54	16. <i>Romance</i> (ástarævintýri, rómantík)	0:54
9. <i>La fille aux cheveux de lin</i> (Stúlkan með hórhárið). Claude Debussy. Jeni Zaharievea leikur á píanó. Af hljómdisknum Debussy The Complete 24 Preludes for Solo Piano – Book 1 and Book 2. AVM CLASSICS AV Mcd 1012.	2:18	17. <i>Slapstick</i> (gamanleikur með hamagangi, ærslaleikur) Af hljómplötunni Essential Sound Effects BBC records REF 448.	1:00
		18. <i>Titine</i> (Bertal-Maubon-Daniderff) úr kvikmyndinni Nútíminn (Modern Times). Útsetning og hljómsveitarstjórn: De Michel Villard. Af hljómdisknum CHARLIE CHAPLIN the music of his film DISQUES VOUGE S.A. A Bertelsmann Music Group Company 7432 41452.	1:46

- | | |
|--|--|
| <p>19. <i>Ó, vertu ei svona sorró</i> (Bertal-Maubon-Daniderff/Theódór Einarsson). 1:59
Alfred Andr sson syngur me  hlj msveit Bjarna B  varssonar.
Af hlj mpl tunni Rev uv sur SG-116.</p> <p>20. <i>The Washington Post</i> (John Philip Sousa). 2:25
Philip Jones Brass Ensemble.
Af hlj mdisknum 40 Famous Marches.
Decca BIEM/MCPS 466 243-2.</p> <p>21. <i>It's a Long Way to Tipperary</i> (Williams/Judge) DP Account. 3:15
John Mc Cormack syngur.
Af hlj mdisknum 75 Songs of World War I.
MUSIC DIGITAL 60441.</p> <p>22. <i>Solfeg e</i> (Afr skar trommur). 0:56
Madou Djembe leikur.
Af hlj mdisknum AFRICAN DRUMS – Madou Djembe
PERCUSSIONS D'AFRIQUE VOLUME 2.
Air Mail Music R f. SA141207.</p> <p>23. <i> rni ur Mississippi</i>. Umhverfishlj  . 0:30
Af hlj mdisknum Song of the Mississippi
Unison VSO482.</p> <p>24. <i>L  rakall</i> (P ll P. P lsson). 0:27
Af hlj mdisknum L  rasveit Reykjav kur
The Reykjav k City Band.
SGCD 051.</p> <p>25. <i>New Orleans Stomp</i> (J. Dodds). 2:47
Johnny Dodd's Black Bottom Stompers.
Kornett: Louis Armstrong.
B s na: Roy Palmer. Klar nett: Johnny Dodds.
Ten rsax f nn: Barney Bigard.
P  n : Earl Hines. Banj : Bud Scott.
Trommur: Baby Dodds.
Af hlj mdisknum Los or genes del Jazz New Orleans 1918-'29.
Ediciones delprado GJO.</p> <p>26. <i>Pleasin' Paul</i> (H. Hallen P. Barbarin). 1:05
Henry Allen & his New York Orchestra.
Trompet: Henry Allen.
B s na: J.C. Higginbotham.</p> | <p>Sax f nar: Albert Nicholas,
Charle Holmes, Teddy Hill.
P  n : Luis Russel.
G tar/banj : Will Johnson.
Kontrabassi: Pops Foster.
Trommur: Paul Barbarin.
Af hlj mdisknum Los or genes del Jazz New Orleans 1918-'29. Ediciones delprado GJO.</p> <p>27. <i>Tuba Smarties</i> (Flowers). 3:22
Hlj msveitin SKY flytur.
Af hlj mdisknum SKY 2. Succes 16031CD.</p> <p>28. <i>A Nightingale Sang in Berkeley Square</i> (M. Sherwin). 4:32
Klar nett: J rgen Svare.
G tar: Bj rn Thorodssen.
Kontrabassi: J n Rafnsson.
Af hlj mdisknum jazz airs svare/thoroddsen
SONET CD 05.</p> <p>29. <i>Fr  Vermalandi</i> (Ach V rmeland du sk na – s nskt  j  lag). 2:13
Kvintett Gunnars Ormslev.
Altsax f nn: Gunnar Ormslev.
G tar:  lafur Gaukur   rhallsson.
P  n : Magn s P tursson.
Kontrabassi: J n Sigur sson.
Trommur: Gu mundur R. Einarsson.
Hlj  ritun: R     og raft kjastofan Reykjav k, snemma  rs 1952.
Hlj  f raverslun Sigr  ar Helgad ttur HSH 9.
Af hlj mdisknum Gunnar Ormslev Jazz   30  r
JAZZIS 202.</p> <p>30. <i>Bj rkjallarinn</i> (r ssneskt  j  lag). 1:31
Finnur Eydal leikur   barytonsax f n me  eigin hlj msveit.
Af 45 sn ninga hlj mpl tunni Helena og    inn syngja l gin  r Allra meina b t me  hlj msveit Finns Eydal.  slenskir t nar
EXP-IM 92 IT.2605.</p> <p>31. <i>Danny Boy</i> ( rskt  j  lag). 3:37
Kvintett Ben Websters leikur.
Ten rsax f nn: Ben Webster.
P  n : Oscar Peterson.
G tar: Barney Kessel.</p> |
|--|--|

- Kontrabassi: Ray Brown.
Trommur: J.C. Heard. Hljóðritað 1953 í
New York. Af hljómdisknum Prime All-Time-
Hits Jazz and Blues Club volume 5. WSC 99905.
32. *Sjösala vals* (Evert Taube). 2:49
Höfundur flytur. Af hljómdisknum Evert Taube.
Fritiof och Carmencita. SCANA 95082.
33. *Maple Leaf Rag* (Scott Joplin). 3:15
Af píanórúllu sem Scott Joplin lék inn á.
Af hljómdisknum Original Rags played
by Scott Joplin 1986-1917.
RETRO c 2009 RECORDING ARTS 2x632
34. *The Entertainer Orchestra Version*
(Scott Joplin). 3:06
Af hljómdisknum THE STING
Original Picture Soundtrack.
35. *Pine Apple Rag/Gladious Rag* (Scott Joplin). 2:39
Af hljómdisknum THE STING Original
Picture Soundtrack.
36. *Hún hét Hanna* (Stephen Foster/
Guðmundur Sigurðsson). 2:41
Kling-Klang kvintettinn. Fyrsti tenór:
Guðmundur Sigurðsson, Björgúlfur Baldursson.
Annar tenór: Jón Guðbjartsson.
Fyrsti bassi: Gísli Pálsson.
Annar bassi: Ólafur Beinteinsson.
Undirleikari: Jónatan Ólafsson.
Af hljómdisknum Söngkvartettar –
útvarpsperlur. Rúv-Ríkisútvarpið 2002. 005.
37. *Tiger Rag* 2:22
New Orleans Rhythm Kings as Friars Society
Orchestra. Hljóðritað 1922 í Richmond.
Kornett: Paul Mares.
Básúna: George Bruines.
Klarínnett: Leon Rappolo. C-saxó-melódíka:
Jack Pettis. Píanó, útsetning og
hljómsveitarstjórn: Bill Black. Banjó: Bill
Eastwood. Kontrabassi: Steve Brown.
Trommur: Frank Snyder. Af hljómdisknum
Los orígenes del Jazz. New Orleans 1918-1929.
Ediciones delprado GJO.
38. *House Rent Blues* 2:55
Sidney Bechet (sópransaxófónn) og
félagar leika. Af hljómdisknum The Sidney
Bechet Story. Proper Records Ltd. P1169.
39. *Oh When the Saints* (negrasálmur). 3:10
Louis Armstrong og hljómsveit flytja.
Af hljómdisknum Louis Armstrong Hello
Dolly. CMC Home Entertainment 10163-2.
40. *Nearer My God To Thee* (Hærra minn
Guð til þín). 1:35
Hljómsveitin The Spirit of New Orleans
leikur. Básúna og hljómsveitarstjórn:
Preben Nissen. Klarínnett: Erik Bæk.
Banjó og gítar: Carsten Henningsen.
Bassi: Kim Holm Nielsen.
Trommur: Anders Haugaard.
Af hljómdisknum Church Consort.
The Spirit of New Orleans. TSONO-CD1.
41. *Daninn á Íslandi* (Lagahöfundur ókunnur.
Texti: Bjarni Guðmundsson). 2:05
Lárus Ingólfsson syngur.
Hljómsveit Tage Möller leikur undir.
Af hljómplötunni Revíuvísur SG-116.
42. *Kerlingarvísur* (Lagahöfundur ókunnur.
Texti Haraldur Á. Sigurðsson). 2:14
Nína Sveinsdóttir syngur.
Af hljómplötunni Revíuvísur SG-116.
43. *Þegar amma var ung* (Lagahöfundur
ókunnur. Texti: Emil Thoroddsen). 2:45
Úr revíunni Nú er það svart maður 1942.
Söngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir.
Píanó: Árni Elvar.
Harmóníka: Grettir Björnsson.
Trommur: Guðmundur R. Einarsson.
Fiðla: Sigurður Rúnar Jónsson.
Bassi: Helgi Kristjánsson.
Af hljómdisknum Þegar mamma var ung.
Spor STCD 028.
44. *Malena* (L. Demare y H. Manzi). 2:17
Adriana Varela syngur með Sextetto Mayor
frá Buenos Aires.

- Af disknum Sexteto Mayour Trottoirs de Buenos Aries. Network 58.246.
45. *Libertango* (A. Piazzolla). 2:41
Flytjandi: Sextetto Mayor frá Buenos Aires.
Af disknum Sexteto Mayour Trottoirs de Buenos Aries. Network 58.246.
46. *Sem ljúfur draumur* (Lag: Vilhelmína Baldvinsdóttir. Texti: Ólafur Gaukur). 2:44
Helena Eyjólfsdóttir syngur með hljómsveit Svavars Gests.
Af hljómdisknum Ólafur Gaukur.
Syngið þið fuglar. Sena SCD462.
47. *Tango Jalousie* (Jacob Gade). 3:02
Harmóníkur: Christian & Jens Peter.
Tríóið Czardas Trioen (gítar, kontrabassi og trommur).
Af hljómdisknum Samba Romantica Harlekin M 20034_2.
48. *Heimþrá* (Lag og ljóð: Freymóður Jóhannsson). 2:40
Hljóðritað 1956 í Kaupmannahöfn.
Upptökumaður: W. Stilborg.
Erla Þorsteinsdóttir syngur. Af hljómdisknum Stúlkan með lævirkjaröddina.
Íslenskir tónar. Skífan hf. IT030 C og P 2000.
49. *Por Una Cabeza* (Carlos Gardel/Thomas Newman). 2:14
The Tango Project flytur.
Af disknum Scent of a Woman. Tónlist úr samnefndri kvikmynd. MCA MCD10759.
50. *Vor við sæinn* (Lag: Oddgeir Kristjánsson. Ljóð: Árni úr Eyjum). 1:52
Öskubuskur syngja.
Af hljómdisknum Manstu gamla daga.
40 vinsæl lög frá 1952-1959. Íslenskir tónar 2007.
51. *Blítt og létt* (Lag: Oddgeir Kristjánsson. Ljóð: Árni úr Eyjum). 1:52
Sextett Ólafs Gauks og Rúnar Gunnarsson.
Af hljómdisknum Fjórtán lög frá Þjóðhátíð Vestmannaeyja eftir Oddgeir Kristjánsson.
SGCD 016.
52. *Ég veit þú kemur* (Lag: Oddgeir Kristjánsson. Ljóð: Ási í Bæ). 3:26
Ellý Vilhjálmssynur.
Hljómsveit Svavars Gests.
Útsetning og píanóleikur: Magnús Ingimarsson.
Tenórsaxófónn: Gunnar Ormslev.
Gítar: Garðar Karlsson.
Bassi: Gunnar Pálsson.
Trommur: Svavar Gests. Strengjasveit úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljóðritað 1963.
Þjóðhátíðarlag Vestmannaeyja árið 1962.
Af hljómdisknum Lítill fugl. SPOR TD23.
53. *Landleguvalsinn* (Jónatan Ólafsson/Númi Þorbergsson). 2:19
Haukur Morthens syngur.
Hljómsveit Jörns Grauengård leikur.
Hljóðritað í Kaupmannahöfn 1959.
Af hljómdisknum Manstu gamla daga,
40 vinsæl lög frá 1952-1959.
Íslenskir tónar Sena IT 291.
54. *Mæja litla* (Lag og ljóð: Ási í Bæ). 1:41
Ási í Bæ syngur. Aðrir flytjendur:
Píanó: Arnþór Helgason.
Gítar og söngur: Árni Johnsen.
Blokklautar: Gísli Helgason.
Harmóníka: Grettir Björnsson.
Bassi og söngur: Halldór Kristinsson.
Söngur: Páll Steingrímsson og gestir í afmæli Ása sem haldið var í Norræna húsinu 27. febrúar 1984.
Af hljómdisknum „Ó, fylgdu mér í Eyjar út“ – Minningar með Ása í Bæ.
FIMMUND sf. Reykjavík 2004 c.
55. *Vertu sæl mey* (Lag: Ási í Bæ. Ljóð: Loftur Guðmundsson). 3:00
Söngur: Ragnar Bjarnason.
Bakraddir: Breiðagerðisbræður: Halldór Torfason, Sigurgeir Jóhannsson, Pétur Ástvaldsson og Þorgeir Ástvaldsson.
Hljóðritað 2006. Upphaflega söng Ragnar Bjarnason lagið inn á hljómplötu 1961.
RB hljómplötur RB004.

56. *West End Blues* (King Oliver). 3:15
Trompet og söngur: Louis Armstrong.
Básúna: Fred Robinson.
Klarínnett og tenórsaxófónn: Jimmy Strong.
Píanó: Earl Hines. Banjó: Mancy Carr.
Trommur: Zutty Singleton.
Hljóðritað í Chicago 1928.
Af hljómdisknum Louis Armstrong.
Volume IV-Louis Armstrong and Earl Hines.
MCA Music Pub.
57. *Let it Snow* (Jules Styne/Sammy Cahn). 2:47
Alfred Clausen syngur með hljómsveit
Bjarna Böðvarssonar.
Af hljómdisknum Útvarpsperlur 1940-1953.
RÚV Ríkisútvarpið 001.
58. *Fly Me to the Moon* 2:29
Frank Sinatra syngur með Count Basie og
hljómsveit. Hljóðritað 1964.
Af hljómdisknum My Way. The Best of Frank
Sinatra. GEMA/BIEM 9362-46712-2.
59. *Sing On* (Lag: Morton). 3:24
Útsetning: Pau Casares.
La Vella Dixieland leikur.
Trompet: Pep Gol.
Básúna: Xavi Manau.
Klarínnett og tenórsaxófónn: Pau Casarers.
Píanó: Ramon Escalé.
Banjó: Ricky Araiza.
Kontrabassi og túba: Artur Regada.
Slagverk: Ricardo Hochberger.
Af hljómdisknum Viatge a Nova Orleans.
Diskmedi Blau 5 DM 033CD.
60. *Syl-O-Gym* 3:27
Píanó: Mary Lou Williams og Zita Carno.
Kontrabassi: Bob Cranshaw.
Trommur: Mickey Roker. Af hljómdisknum
Smitshonian Folkways American Roots
Collection. Smithsonian Folkways Records
1996 SF CD 40062.
61. *Laugardagskvöld* (Lag: Helfr. Lambert). 3:34
Ljóð: Fröding/Magnús Ásgeirsson).
MA kvartettinn syngur.
Fyrsti tenór: Þorgeir Gestsson.
- Annar tenór: Steinþór Gestsson.
Fyrsti bassi: Jakob V. Hafstein.
Annar bassi: Jón frá Ljárskógum.
Píanó: Bjarni Þórðarson.
Af hljómdisknum MA kvartettinn.
JAPIS524-2.
62. *Kannst du pfeifen, Johanna?* (H.J. Bach 3:00
/Anderson).
Comedian Harmonists flytja (1927-1935).
Útsetning: H. Frommermann. Hljóðritað
í Berlín 1934.
Af hljómdisknum Comedian Harmonists
Die Legende lebt. Ceraton music CT 8001.
63. *Kvásarvalsinn* 1:10
Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli
leikur á tvöfalda harmóníku.
Garðar Jakobsson, bóndi í Lautum
í Reykjadal leikur á fiðlu.
Af hljómdisknum Einar Kristjánsson
leikur á tvöfalda harmóníku SG Skífan.
64. *Hringdansar* 3:23
Kokkurinn – Ljúfa Anna (Harry Dacre) –
Kokkurinn – Til eru fræ (E. Szentirmay) –
Kokkurinn – Stýrimannavalsinn
(Markussen) – *Kokkurinn*.
Harmóníka: Jan Morávek.
Gítar: Eyþór Þorláksson.
Bassi: Erwin Köppen.
Af hljómdisknum Harmóníkutónar Steinar TD 012.
65. *One o'clock Jump* (Count Basie). 3:02
Benny Goodman og hljómsveit leika.
Af hljómdisknum Benny Goodman Carnegie
Hall Concert I. Ediciones delprado GJ002.
66. *The Drum Battle* 1:39
Flytjendur Gene Krupa og Buddy Rich.
Hljóðritað 1952.
Af hljómdisknum THE DRUM BATTLE.
GENE KRUPA AND BUDDY RICH AT JATP
VERVE 559 810-2.

67. *Minnie the Moocher* (Cab Calloway/
Irwin Mills). 3:23
Söngur: Cab Calloway.
Útsetning fyrir blásara: Tome Malone.
Undirleikur: „The Blues Brothers“.
Gítarar: Steve Cropper og Matt Murphy.
Bassi: Dick Dunn.
Hljómborð: Murphy Dunne.
Trommur: Willie Hall.
Saxófónar: Lou Marini og Tom Malone.
Trompet: Alan Rubin.
Af hljómdisknum The Blues Brothers.
Atlantic 250 715 (16017-2).
68. *In the Mood* (Joe Garland). 3:34
Glenn Miller og hljómsveit. Hljóðritað
16. janúar 1939.
Af hljómdisknum Billboard Pop Memories
1900-’44. MCA Rhino R2 71577.
69. *War Time Radio Broadcast* 3:29
Ouentin Reynolds lýsir loftárásum
Þjóðverja á London. Alvöru umhverfishljóð í
bakgrunni. Af hljómdisknum Golden Age of
Radio. A Musical Tribute to the War Years.
Performed by the Original Artists.
Memory Lane Media LTD. GLM/Y-1-03.
70. *Yankee Doodle*. 2:30
Flytjendur Walt Disney og Andrés Önd
(Donald Duck). Rödd Andrésar: J. Newell.
Hljóðritað 1943.
Af hljómdisknum American War Songs
1933-1947, hitler & hell.
C & P TRIKONT US-0280.
71. *Since he traded his Zoot Suit* (Mildred Bailey). 2:35
Flytjendur: Mildred Bailey & the Treasury
Ensemble. Hljóðritað 1943.
Af hljómdisknum American War Songs
1933-1947, hitler & hell.
C & P TRIKONT US-0280.
72. *Lili Marlene* (Lag: Norbert Schultze). 3:27
Enskur texti: Tommy Connor).
Marlene Dietrich syngur. Hljóðritað 1944.
Af hljómdisknum Marlene Dietrich Marlene
MCCD 178.
73. *We'll Meet Again* (Parker/Charles). 3:28
Vera Lynn syngur. Hljóðritað 1940.
74. *Braggablús* (Magnús Eiríksson). 3:51
Söngur: Magnús Eiríksson.
Braggablúsband:
Guðmundur R. Einarsson: trommur.
Jón Sigurðsson: bassi. Magnús Eiríksson og
Ólafur Gaukur Þórhallsson: Gítar.
Magnús Pétursson: Píanó.
Vilhjálmur Guðjónsson: alto saxófónn.
Magnús Ingimarsson skráði útsetningar.
Af hljómdisknum Mannakorn, Gamli góði vinur,
vinsælustu lögin. Íslenskir tónar Sena IT 291.
75. *Litla flugan* (Lag: Sigfús Halldórsson).
Ljóð: Sigurður Elíasson). 2:32
Sigfús Halldórsson syngur og leikur á píanó.
Af hljómdisknum Manstu gamla daga,
40 vinsæl lög frá 1952-1959.
Íslenskir tónar Sena IT 291.
76. *Hvers vegna?* (Lag: Sigfús Halldórsson).
Ljóð: Stefán Jónsson). 2:18
Erla Þorsteinsdóttir syngur.
Af hljómdisknum Stúlkan með lævirkjaröddina.
Íslenskir tónar. Skífan hf. IT030 C og P 2000.
77. *Vegir liggja til allra átta* (Lag: Sigfús Halldórsson).
Ljóð: Indriði G. Þorsteinsson). 2:36
Útsetning: Jón Sigurðsson.
Söngur: Ellý Vilhjálms.
Gítar: Ólafur Gaukur Þórhallsson.
Kontrabassi: Jón Sigurðsson.
Trommur: Guðmundur Steingrímsson.
Píanó: Þórarinn Ólafsson.
Tenórsaxófónn: Gunnar Ormslev og Andrés
Ingólfsson.
Hljóðritað í Þjóðleikhúsinu 1962.
Úr kvikmyndinni 79 af stöðinni.
Af hljómdisknum Ellý Vilhjálms Lítill fugl.
SPOR TD23.
78. *Vorið er komið* (Lag: Otto Lindblad).
Ljóð: Jón Thoroddsen). 1:20
Tryggvi Tryggvason og félagar syngja.
Af disknum Útvarpsperlur 3. Rúv
Ríkisútvarpið 010.

79. *Vorvís* (Lag: Hallbjörg Bjarnadóttir.
Ljóð: Jón Thoroddsen).
Hallbjörg Bjarnadóttir syngur.
Af hljómdisknum Manstu gamla daga,
40 vinsæl lög frá 1952-1959.
Íslenskir tónar Sena IT 291.
80. *Krían* (Lag: Ingibjörg Þorbergs.
Ljóð: Kristján Hreinsson). 2:11
Ingibjörg Þorbergs syngur.
Píanó: Davíð Þór Jónsson.
Kontrabassi: Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson.
Trommur: Helgi Svavar Helgason.
Stúlkur úr Skólakór Kársness: Ólöf Rún
Benediktsdóttir, Lára Óskarsdóttir,
Berglind Björk Jónsdóttir, Kristjana
Arnarsdóttir, Agnes Helga Kristinsdóttir,
Ólöf Ýr Sigurðardóttir, Guðný Ósk
Sveinbjörnsdóttir.
Stjórnandi: Þórunn Björnsdóttir.
Af hljómdisknum Í sólgulu húsi. Tólf tónar 2005.
81. *Aravísur* (Lag: Ingibjörg Þorbergs.
Ljóð: Stefán Jónsson). 2:31
Megs syngur.
Útsetning og gítar: Megs,
Fiðla: Guðný Guðmundsdóttir,
Kontrabassi: Scott Gleckler.
Af hljómdisknum MEGAS Nú er ég klæddur
og kominn á ról. Skífan SCD 142.
82. *Fröken Reykjavík* (Lag: Jón Múli Árnason.
Ljóð: Jónas Árnason). 3:54
Útsetning: Gunnar Þórðarson.
Söngur: Ríó tríó: Ólafur Þórðarson, Helgi
Pétursson og Ágúst Atlason.
Bassi: Gunnar Þórðarson.
Gítar: Friðrik Karlsson.
Hljómborð og forritun: Jón Kjell Seljeseth.
Píanó: Eypór Gunnarsson.
Trommur: Gunnlaugur Briem.
Sena SCD528.
83. *Vikivaki* (Jón Múli Árnason). 5:30
Útsetning og píanóleikur: Magnús Ingimarsson.
Þverflauta: Rúnar Georgsson.
Gítar: Birgir Karlsson.
Bassi: Vilhjálmur Vilhjálmsson.
- Trommur: Alfreð Alfreðsson. Hljóðritað 1969.
Af hljómdisknum Jón Múli Árnason
Söngdansar og ópusar. Sena SCD 528.
84. *El Gato Montés* (Panella). 1:01
Af hljómdisknum Pasodobles from Spain.
The Music Collection International Ltd c
ETDCD 119.
85. *Chan Chan* (Francisco Repilado). 3:12
Hægt son.
Flytjendur: Buena Vista Social Club.
Söngur og gítar: Eliades Ochoa.
Bakraddir og congas: Compay Segundo.
Bakraddir: Ibrahim Ferrer.
Gítarar: Ry Cooder.
Trompet: Manuel „Guajiro“ Mirabal.
Kontrabassi: Orlando „Cachaito“ Lopez.
Ud-tromma: Joachim Cooder.
Af disknum Buena Vista Social Club.
World Circuit Production 1997.
WCD 050. LC2339.
86. *Veinte Anos* (Maria Teresa Vera). Bolero. 3:29
Söngur: Omara Portuondo.
Söngur og gítar: Compay Segundo.
Gítar: Ry Cooder.
Kúbönsk lúta (laoud): Barbarita Torres.
Bassi: Orlando „Cacchaito“ Lotez.
Maracas (kúbanskar hristur): Alberto Valdés.
Dumbek: Joachim Cooder.
Af disknum Buena Vista Social Club. World
Circuit Production 1997.
WCD 050. LC2339.
87. *Mulata* (Paul Paz). 3:57
Flytjandi: Paul Paz og félagar.
Af disknum Nuevo Latino. Putumayo
World Music PUT 224-2.
88. *Rokk kalypto í réttunum* (When Rock'n roll
Came to Trinidad). 2:29
Lag: Harvin/Fisher. Ljóð: Jón Sigurðsson.
Söngur: Haukur Morthens. Undirleikur:
Hljómsveit Jörn Grauengård.
Af hljómdisknum Haukur Morthens Gullnar
glæður. Steinar hf TD 006.